

FASTEIGN Í GRAFARHOLTI

### Fallegt einbýlishús í Gvendargeisla

Fasteignablaðið

allt í MIÐJU BLAÐSINS



JÓN SÆMUNDUR

### Dead flyst til Bandaríkjanna

Opnar listgalleri og nýja búð

FÓLK 38



www.vinbud.is

BREYTTIR

DALVEGUR OG HOLTAGARÐAR  
9-20  
MÁN - FÖS

TÍMAR

VINBÚÐ

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. júní 2006 – 162. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**Stjórnumskin í Borgarleikhúsinu**

Leikhúsfólkið fór hamföllum á Grímunni þegar leikhúsið var gert upp með pompi og prakt.

**FÓLK 24**

**Stólar og tjöld**

„Seint mun stjórnarandstaðan sigra kosningar og enn síður vinna saman að þeim loknum ef þannig er hugsað í ysta vinstriinu,” segir Hallgrímur Helgason. „Ef heilaga fólkið setur meydóminn samförum ofar og kys heldur að pipra í eilífri stjórnarandstöðu.”

**Í DAG 20**

**Vantar konur í vísindi**

Anja Andersen er danskur stjarneldisfræðingur sem stundar rannsóknir við Niel Bohr-stofnunina í Kaupmannahöfn. Hún veltir fyrir sér dularfullu hvarfi ungra kvenna úr vísindum.

**MENNING 26**

**Brasilía komin áfram**

Heimsmeistarar Brasilíu tryggðu sér sæti í sextán liða úrslitum heimsmeistarakeppninnar í gær með 2-0 sigri á ágætu liði Ástralíu. Meistararnir voru þó ekki sannfærandi.

**ÍDRÓTTIR 35**

**VEÐRIÐ Í DAG**

**BEST NORÐAUSTAN TIL** - Í dag verður fremur hæg suðlæg átt. Nokkuð bjart norðaustan og austan til en hætt við einhverri vætu sunnan og vestan til, einkum fyrripart dags. Hiti 8-16 stig hlýjast á Norðaustur- og Austurlandi.

**VEÐUR 4**

**Kringlu 20-50% kast**

AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM 14.-19. júní

**LOKADAGUR**

**Kringlan**

## Fyrirvaralaus árás fimm ofbeldismanna

Tveir menn, annar þeirra lögreglumaður, urðu fyrir fólkskulegri árás fimm manna í Keflavík í gærmorgun. Annar var fluttur á slysideild í Reykjavík. Fjórir hafa verið handteknir en lögreglan leitaði fimmta mannsins í gærkvöldi.

**LÖGREGLA** Ráðist var á tvo menn á þrítugsaldri við Tjarnargötu í Keflavík snemma í gærmorgun. Annar maðurinn var lögreglumaður á frívakt. Mennirnir voru á gangi eftir Tjarnargötu á sjötta tímanum í gærmorgun þegar bíll staðnæmðist við hlið þeirra og út stukku fimm menn, allir rúmlega tvítugir. Að sögn lögreglu veittust mennirnir fimm fyrst aðallega að öðru fórnarlambinu en þegar lögreglumaðurinn ætlaði að skakka leikinn varð hann einnig fyrir barðinu á ofbeldismönnum.

Annar maðurinn nefbrotnaði og hlaut áverka á höfði og var fluttur á Landspítalann í Fossvogi til aðhlyningar. Hinn fór á heilsgæslustöðina og var saumaður

saman skurður á andliti hans og fékk hann að fara heim að því loknu. Læknir segir líðan mannsins sem meira slasaðist stöðuga og að áverkarnir hafi ekki verið eins alvarlegir og haldið var í fyrstu. Líklegt sé að hann nái sér að fullu. Hann þykir hafa sloppið mjög vel miðað við það að ítrekað var sparkað í höfuð hans.

Lögreglan fékk greinargóða lýsingu ofbeldismönnum og handtók tvo þeirra strax í gærmorgun. Aðrir tveir voru handteknir nokkru seinna en þegar blaðið fór í prentun stóð leit enn yfir að fimmta manningnum. Lögreglan vissi þó deili á honum. Að sögn lögreglu áttu mennirnir eitthvað sökott við þann sem verr

var leikinn í árásinni.

Við yfirheyrslur játaði einn manna að hafa lent í átökum og hinir sögðu átökin eingöngu hafa verið milli tveggja manna. Það segir lögregla ekki standast. Ljóst þykir að þrír árárarmanna hafi haft sig mest í frammi og að sá ófundni sé ekki einn þeirra. Öllum fjórum mönnum hefur verið sleppt úr haldi.

Um 30 líkamsárasmál hafa komið til kasta lögreglunnar í Keflavík frá áramótum. Í fyrra voru þau 136 talsins og um 90 árið þar áður. Vegfarendur í Keflavík sem Fréttablaðið ræddi við í gær höfðu þó litlar áhyggjur og sögðu ofbeldisbrot varla tíðari í Keflavík en í öðrum bæjum.



MISJAFN LEIKUR Leikur íslenska liðsins hefði hæglega getað verið betri en dugði þó til. RÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Vann Portúgal örugglega í gær

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu vann í gær öruggan sigur á slöku liði Portúgals með þremur mörkum gegn engu í undankeppni heimsmeistaramótsins sem fram fer árið 2007. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði tvö mörk í leiknum og Greta Mjöll Samúelsdóttir eitt. Leikurinn markaði tíma-mót því hann var sá hundradasti sem kvennalandsliðið hefur leikið.

„Það vantaði þegar líða tók á leikinn,” sagði Jörundur Áki Sveinsson landsliðsþjálfari eftir leikinn.

- hph / sjá síðu 32



ÁNÆGDUR MED VERÐLAUNIN Dorrit Moussaieff faðmar Darra Snær Nökkvason, sennilegast undir áhrifum frá krúttlegri mynd unga listamannsins sem hann var verðlaunaður fyrir á Bessastöðum í gær. Ólafur Ragnar Grímsson forseti afhenti verðlaunin og brosir þarna breitt.

## Fékk verðlaun fyrir drottningu

**BESSASTADIR** Darri Snær Nökkvason fékk heldur betur góðar mót-tökur á Bessastöðum þegar verðlaun voru afhent í Skákmyndasamkeppni Hróksins í gær. Viðtökur forsetafrúarinnar voru vel við hæfi því Darri Snær fékk verðlaun fyrir krúttlegustu myndina. „Ég teiknaði drottningu sem hélt sér fast í kónginn því hún var að detta af skákborðinu,” sagði Darri Snær sem er níu ára Hornfirðingur.

Verðlaun fyrir frumlegustu myndina hlutu Guðbjörg Þóra Stefánsdóttir og Ásdís Rós Alexandersdóttir, fyrir skemmtilegstu myndina hlaut Hólmfríður Ásbjarnardóttir fyrstu verðlaun. Sérstök aukaverðlaun voru veitt fyrir skúlptúr sem heitir í höfuðið á skákkfélaginu en það verk er eftir Asra Rán Björt Z. Samper.

- jse

Þjóðaratkvæðagreiðsla um aukið sjálfstæði Katalóníuhéraðs:

## Vilja fá völdin frá Madrid

**KATALÓNÍA, AP** Yfirgnæfandi meirihluti kjósenda í Katalóníuhéraði samþykkti áform um aukna sjálfstjórn héraðsins en kosið var um hana í þjóðaratkvæðagreiðslu í gær. Fyrstu tölur í gærkvöld gáfu til kynna að meirihluti Katalóníubúa, eða um 75 prósent, væri fylgjandi sjálfstjórn héraðsins. Kjör-sókn var með lakara móti eða um 50 prósent atkvæðisbærra manna.

Í áformunum er gert ráð fyrir því að héraðsstjórnin fái frekari umráð yfir því skattfé sem fengið er frá katalónskum skattgreiðendum. Almennir og stjórnmálamenn í héraðinu hafa löngum

kvartað yfir því að skattféð fari að of miklu leyti til annarra og fátækari héraða Spánar. Einnig mun héraðsstjórn taka yfir stjórn á flugvöllum héraðsins og sinna innflytjendamállum, en mikill iðnaður er í Katalóníu og flestir innflytjendur á Spáni flykkjast þangað til starfa.

Spænska sósíalístjórnin hefur samþykkt áformin en minnihlutinn hefur gagnrýnt þau og sagt þau ýta undir upplausn spænsku þjóðarinnar en auk Katalóníubúa hafa Baskar og íbúar Galícíuhéraðs farið fram á aukið sjálfstæði.

Þjóðernissinum og vinstri-



PASQUAL MARAGALL Forseti sjálfstjórnarhéraðsins Katalóníu greiddi atkvæði sitt í gær.

mönnum í Katalóníu þykja þessi áform hins vegar ekki ganga nógu langt.

- jse

**Komnir í loftið**

**ATLANTSSKIP**  
-FLYTJA VÖRUR-

591 3000



## SPURNING DAGSINS

**Sigurður, hefurðu hjúkrað svona mörgum fálkum?**

„Ég hef ekki hjúkrað mörgum fálkum en ég hef vissulega haft nokkra á milli handanna.“

Sigurður Sigurðarson dýralæknir hlaut fálkardöna við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í fyrradag.



**KOMNIR AÐ LANDAMÆRUM** Fréttir hafa borist af því að undanförunu að eþíópíski herinn sé kominn að sómölku landamærunum.

Árásir skæruliða í Sómalíu:

## Steypa forseta ekki af stóli

**SÓMALÍA, AP** Leiðtogi íslömsku skæruliðahreyfingarinnar sem lagði undir sig Mogadishu, höfuðborg Sómalíu, í seinustu viku hefur heitið því að samtök hans muni ekki steypa Abdullah Yusuf, forseta Sómalíu, af stóli. Fréttir hafa borist af innrás eþíópískis herliðs sem koma átti bráðabirgðastjórn Yusuf til aðstoðar en því neita eþíópíumenn.

Yusuf hefur lýst því yfir að hann sé reiðubúinn að hefja samningaviðræður við skæruliðana lofi þeir því að hætta sókn sinni. Skæruliðarnir segjast einnig vera tilbúnir til viðræðna, en án nokkurra skilyrða. - sps

## LÖGREGLUFRETTIR

### Hraðakstur og fíkniefnabrot

Lögreglan í Borgarnesi handtók þrjú ökumenn á þrítugsaldri á laugardag. Tveir þeirra voru teknir fyrir hraðakstur, annar á 134 kílómetra hraða og hinn á 129 kílómetra hraða. Hjá þriðja mannum fannst lítilræði af kannabisefum. Maðurinn játaði á staðnum og var sleppt að því loknu.

**Tveir stútar** Tveir karlmenn á Blönduósi, annar á fertugsaldri og hinn á sextugsaldri, voru teknir fyrir ölvunarakstur á laugardag. Sá eldri var gripinn þar sem hann ók of hratt en hinn var tekinn við hefðbundni eftirlit.

Sílisskortur við strendur landsins hefur viðtæk áhrif á dýralíf við Íslandsstrendur:

# Kríuvarp misferst annað árið í röð

**LÍFRÍKIÐ** Kríuvarp, sem stundum hefur hafist um miðjan maí eða að minnsta kosti í júníbyrjun, er enn varla hafið á Suður- og Vesturlandi að sögn Kristins Hauks Skarphéðinssonar fuglafræðings. Undir þetta tekur Magnús Jónsson íbúi í Flatey. „Í fyrra komust örfáir kríuungar upp en svo drápust þeir flestir úr ætisleysi,“ segir Magnús. „Útlitið er mjög svipað nú. Fuglafræðingur sem er hérna á ferðinni hefur aðeins séð örfá kríuegg en þetta ætti allt að vera komið á fullt á þessum tíma. Einnig hefur kríunni stórfækkað. Fyrir nokkrum

árum hélt ég að kríuvarpið kæmi upp að húsi hjá okkur en nú er það varla að maður heyri í henni.“

Kristinn Haukur segir að hugsanlega sé um að kenna skorti á síli sem gerir það að verkum að fuglinn hafi ekki æti nálægt varpstöðvum. Auk kríunnar hefur þetta ástand alvarlegar afleiðingar fyrir ritu, lunda og fjölda annarra fuglategunda. Hann segir þó að þessir fuglar hverfi varla af landinu en vissulega sé útlit fyrir verulega fækkun ef þetta ástand haldi áfram. „Það er þó enn möguleiki að krían nái að verpa þó

vissulega sé þetta orðið nokkuð seint,“ segir hann.

Magnús segir að í fyrstu eggjatökum hafi hann oft tekið um 1500 rituegg en að þessu sinni aðeins um 100 þar sem svo lítið hafi verið af þeim. „Svo erum við alveg hættilir að sjá fuglinn stinga sér í torfur líkt og við sáum svo oft fyrir nokkrum árum,“ segir hann.

Síðasta sumar lýstu hrefnuveiðimenn áhyggjum sínum vegna þess að holdafar hrefnunnar benti til þess að ekki væri nóg æti fyrir hana á miðum og kenna þeir sílisskortu um.

- jse



**MAGNÚS JÓNSSON FRÁ FLATEY** Magnús hafði áður áhyggjur af því að kríuvarpið yrði senn komið upp að húsi hjá sér en nú hefur henni fækkað svo að hann heyrir varla í henni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**TÓNLISTARHÖLLIN** Bygging á tónlistarhöll og ráðstefnuhúsi verður stærsta framkvæmd borgarinnar að sögn borgarstjóra.

# Óvíst er með frestun á framkvæmdum

Forsætisráðherra kallar eftir ábyrgð sveitarfélaga meðal annars til að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um frestun á framkvæmdum í tveimur stærstu sveitarfélögum landsins.

**STJÓRN MÁL** „Ekki liggur fyrir hvort og þá hvaða framkvæmdum yrði frestað hjá Reykjavíkurborg,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri. Í ávarpi Geirs H. Haarde þann 17. júní vék forsætisráðherra að nauðsyn þess að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu á næstu árum. Geir sagði að ríkisstjórnin myndi gera sitt í því efni, þó það gæti kostað tímabundna frestun á opinberum framkvæmdum meðal annars. Einnig kallaði hann eftir ábyrgð aðila vinnumarkaðarins, bankanna og sveitarfélaga.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson tekur undir orð forsætisráðherra um nauðsyn stöðugleika í efnahagslífinu. Aðspurður um hvort til standi að draga úr einhverjum fyrirhuguðum framkvæmdum hjá borginni segist hann eiga eftir að fara yfir það nánar.

„Ég hef ekki haft tíma til að fara

yfir það nákvæmlega hvaða framkvæmdir það gætu orðið ef af því verður hjá okkur.“ Vilhjálmur segir undirritaðan samning liggja fyrir um byggingu tónlistarhallar og ráðstefnuhúss sem sé stærsta framkvæmdin.

„Undirbúningur er þegar hafinn og því ekki hægt að bakka með það miðað við það samkomulag sem fráfarandi meirihluti undirritaði.“ Hlutur borgarinnar er 46 prósent á móti ríkinu af 600 milljónum sem fara árlega í þá framkvæmd.

Vilhjálmur segir Sundabrautina verkefni sem taki mörg ár. „Þegar ákvörðun um hvar hún á að liggja hefur verið tekin, sem verður vonandi í haust, tekur hönnunarvinna eitt og hálf ári og henni verður ekki frestað.“

Vilhjálmur segir að farið verði betur yfir þessi mál hjá borginni.

„En það eiga allir að vinna að því að auka stöðugleikann í samfé-

laginu og það er skylda okkar sveitarstjórnarmanna ekkert síður en ríkisins.“

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segist sammála forsætisráðherra en spurður um það hvort framkvæmdum við óperuhúsið í Kópavogi verði frestað segir hann að það verði skoðað og ákvörðun tekin um það síðar.

„Við höfum þurft að framkvæma mikið í Kópavogi þar sem íbúum hefur fjölgað mjög mikið en við munum hugsa okkar gang til að viðhalda stöðugleikanum. En það er ýmislegt sem ríkið getur gert í þessum tilgangi, til dæmis skil ég ekki af hverju Siglufjarðargöngum er ekki frestað. Einnig geta menn frestað tónlistarhúsinu í Reykjavík og hátækni sjúkrahúsinu, þetta eru mun viðameiri framkvæmdir en óperuhúsið í Kópavogi sem kosta myndi um tvo milljarða.“

sdg@frettabladid.is/jse@frettabladid.is

Lögreglan í Reykjavík:

## Talsverður erill um helgina

**LÖGREGLA** Lögreglan í Reykjavík hafði í nægu að snúast um helgina. Aðfararnótt laugardags var maður á fimmtugsaldri stunginn í kviðinn á veitingastað við Laugaveg og aðfararnótt sunnudags voru sex manns fluttir á slysadeild í Reykjavík með minniháttar meðisl eftir þústra í miðbænum. Sá sem stunginn var liggur enn á gjörgæsludeild en stungumaðurinn situr enn í haldi lögreglu.

Þá var maður handtekinn á þjóðháttíðardag fyrir að hafa borið hníf upp að hálsi manns í miðbænum. Honum var sleppt að lokinni yfirheyrslu. - sh



**AÐ LOKNUM FUNDI** Líklegt þykir að Rasmussen og Annan hafi rætt málefni Íraks.

Kofi Annan í Danmörku:

## Hitti forsætisráðherra Dana

**DANMÖRK** Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, hitti Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Dana, á fundi í Danmörku í gær en þar var Annan í dagsheimsókn. Ekki er vitað hvað þeim fór á milli en líklegt er að málefni í Írak og Súdan hafi borið á góma ásamt hlutverki SD í Írak. Frá þessu greinir skrifstofa danska forsætisráðherrans.

Einnig ætluðu þeir að ræða um endurbætur á starfsemi Sameinuðu þjóðanna, en á ráðstefnu í New York árið 2005 samþykktu þjóðarleiðtogar fjölmargra landa tillögu um grundvallarendurbætur á starfsemi samtakanna. - sps

Hryðjuverkamenn ætluðu að sleppa eiturgasi í neðanjarðarlestakerfi New York:

# Hættu við 45 dögum áður

**BANDARÍKIN** Yfirvöldum í Bandaríkjunum bárust upplýsingar um að hryðjuverkasamtökin al-Kaída hefðu í hyggju að sleppa banvænu gasi í neðanjarðarlestakerfi New York árið 2003, en hætt hafi verið við árásina 45 dögum áður en láta átti til skarar skriða. Þetta kemur fram í bókarrúðrætti sem tímaritið Time birti nýlega á vef sínum.

Uppljóstrari, sem var í nánu sambandi við leiðtoga hryðjuverkasamtakanna, sagði að útsendarar þeirra hefðu ætlað að nota lítið tæki til að losa vetnisblásýru í mörgum jarðlestavögnum.

Það var aðstoðarmaður Osama Bin Laden, Ayman al-Zawahri, sem lét hætta við árásina í janúar árið 2003 þrátt fyrir að líkur segðu að dauðsföll í árásinni yrðu að minnsta kosti jafn mörg og í árásinni 11. september 2001. Yfirvöld í Bandaríkjunum höfðu fund-



**NEW YORK** Talsmaður lögreglunnar í New York segir yfirvöld hafa vitað af yfirvofandi árás og menn hafi verið búnir að gera viðeigandi ráðstafanir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ið gögn um tækið sem átti að nota á tölvu manns sem handtekinn var í febrúar 2003, og hafi það líklegast orðið til þess að hætt var við allt saman.

Talsmaður lögreglunnar í New

York segir að þeir hafi vitað af þessari yfirvofandi árás og verið búnir að gera viðeigandi ráðstafanir. Bandaríska alríkislögreglan, FBI, vildi ekki staðfesta þessar upplýsingar í gær. - sps

## BÍLL DAGSINS

### MITSUBISHI PAJERO SPORT 31"

Nýskr 02.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 24 þús km. - Allt að 100% lán.



Verð  
3.160.000,-

50.000kr.

af bensini fylgja öllum notuðum bílum



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.



IG+ gjaldeyrisreikningur



# Vaxandi evrur!



Nýr gjaldeyrisreikningur SPRON ber mun hærri vexti en sambærilegir reikningar.

Hinn nýi **IG+ gjaldeyrisreikningur SPRON** hentar vel þeim sem eiga í erlendum viðskiptum og öðrum sem vilja framúrskarandi vexti á þann gjaldeyri sem lagður er til hliðar. Reikningarnir eru bundnir til þriggja mánaða, lágmarksinnborgun er ein milljón króna.

Færð þú örugglega bestu vextina á gjaldeyrinn?

Kynntu þér málið á [spron.is](http://spron.is)



Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200, 550 1400 eða á [spron.is](http://spron.is)



LÍTUR VEL ÚT  
**SANTA FE**

Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíl í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fágaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.



## EKKI LÁTA ÞÉR BREGÐA! NÝR SANTA FE



	Vélarstærð	Hestöfl	Verð heinskiptur	Verð sjálfskiptur
Santa Fe II 5 sæta	2700cc.	188	3.390.000	
Santa Fe II 5 sæta	2700cc.	188		3.590.000
Santa Fe II 7 sæta	2700cc.	188		3.690.000
Santa Fe II Lux 7 sæta	2700cc.	188		4.120.000
Santa Fe II 5 manna dísel	2200cc.	150	3.530.000	
Santa Fe II 5 manna dísel	2200cc.	150		3.730.000
Santa Fe II 5 manna dísel	2200cc.	150		3.830.000
Santa Fe II Lux 5 manna dísel	2200cc.	150		4.260.000



Með bílinn handa þér

**HYUNDAI** hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524





SIMPLY CLEVER

# Afl og hagkvæmni

# TDI

TDI<sup>®</sup> dísilvélin eyðir aðeins  
**4,9 lítrum\***



Verð frá aðeins

## Skoda Octavia

Skoda Octavia með TDI<sup>®</sup> dísilvél sannar að afl og hagkvæmni þarf ekki að vera mótsögn. Hér er kominn bíll sem sameinar fullkomlega sparneytni og kraft. Vélin er 1,9 lítra, aflmikil og hljóðlát og skilar 105 hestöflum. Þrátt fyrir það er eyðslan ótrúlega lítil, aðeins 4,9 lítrar í blönduðum akstri. Svo er Octavia TDI<sup>®</sup> fánlegur beinskiptur, sjálfskiptur og með sítengdu aldrífi.



### Gullna Stýrið

Skoda Octavia hefur meðal annars hlotið Gullna stýrið, einhver eftirsóttustu bílaverðlaun heims.

\*M.v. 100 km blandaðan akstur





## VEISTU SVARID

- 1 Hvað heitir nýstofnað félag áhuga-fólks um framtíð Íslands?
- 2 Hver er forseti Austur-Tímor?
- 3 Hver skoraði flest mörk fyrir íslenska landsliðið í leiknum gegn Svíum?

SVÖR Á BLS. 38

Opinn fundur um deiluskipulag nýs sjúkrahúss:

## Allar ábendingar skoðaðar

**LANDSPÍTALI** Undirbúningur og staða deiluskipulags nýs sjúkrahúss við Hringbraut var kynnt á opnum fundi í Ráðhúsinu fyrir helgi.

Ríflega fimmtíu manns mættu á fundinn og komu fram fjölmargar spurningar og athugasemdir frá starfsfólki Landspítalans og íbúum nágrennisins.

Alfred Þorsteinsson, formaður framkvæmdanevndar, segir að helstu athugasemdirnar hafi komið frá íbúum Smáragötu og Laufásveggar um hæð og legu þeirra bygginga sem munu rísa á vesturhluta lóðarinnar. Einnig hafi starfsfólk komið með marg-

ar gagnlegar ábendingar. „Ég lýsti því yfir í lok fundarins að allar þessar ábendingar yrðu skoðaðar og síðan verður bara vinnunni haldið áfram,“ segir Alfred.

Guðmundur Gunnarsson arkitekt greindi frá þeim athugasemdum sem þegar höfðu komið fram en þær voru meðal annars staðsetning bráðamóttökunnar og bætt tengsl barnspítala og kvinnadeildar við bráðamóttöku.

Á fundinum var verkefnavefur um verkefnið opnaður þar sem almenningur getur fylgst með framvindunni, slóðin er: www.haskolasjúkrahús.is.

- spg



**ALFRED ÞORSTEINSSON, FORMAÐUR FRAMKVÆMDANEVNDAR** Segir að mikill einhugur hafi ríkt á fundinum um byggingu nýs spítala.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mótmæli í Rússlandi:

## Gagnrýna lög-gæslu landsins

**RÚSSLAND** Yfir tvö hundruð manns komu saman á torgi í Moskvu á sunnudaginn til að gagnrýna lög-gæslustofnanir landsins og krefjast þess að lögreglan geri meira til að verja Rússa. Samkoman var skipulögð af fylgjendum Garrys Kasparov, fyrrverandi heimsmeistara í skák, sem hætti keppni á seinasta ári til að hefja pólitískt stríð gegn ríkisstjórn Vladímírs Pútín, forseta landsins, og vaxandi valdníðslu í Rússlandi.

Talsmenn lögreglu vildu ekkert tjá sig um ásakanir gegn þeim um spillingu og valdníðslu, en fjölmargar slíkar ásakanir hafa borist þeim á seinustu árum.

- sps

Í fyrsta skipti á Íslandi:

## Dvergþerna finnst á Höfn

**DÝRARÍKIÐ** Lítil þerna, greind sem dvergþerna, fannst við Mikley á Höfn fyrir helgi að því er fram kemur á fréttavefnum Horn.is. Þetta er í fyrsta skipti sem þessi fuglategund finnst hér á landi. Dvergþernur eru minnstu þernur Evrópu og getur reynst erfitt að greina þær í sundur frá amerískri og afrískri tegund.

Lítil þerna sást í Hornafjarðarósi fyrir viku síðan sem einnig er talin vera dvergþerna.

- mpp

## PÝSKALAND

**ILLA LYKTANDI** Þjóðverji hefur höfðað mál á hendur flugfélagi en honum var vísað frá borði flugvélar. Maðurinn kom sveittur af sólarströnd um borð í vélina. Sessunautur mannsins kvartaði undan óþef og var maðurinn rekinn á dyr. Hinum illa lyktandi þykir á sér brotið.

Búferlaflutningar fyrstu þrjá mánuði ársins:

## Sjö hundruð manns fluttu austur á land

**HAGSTOFAN** Fyrstu þrjá mánuði ársins fluttust til landsins 2.574 manns á meðan 798 fluttust á brott. Landsmönnum fjölgaði af þessum orsökum um nær átján hundruð manns á tímabilinu. Þetta kemur fram í bráðabirgðaupplýsingum um búferlaflutninga fyrsta ársfjórðungs, sem Hagstofan hefur unnið fyrir fjármálaráðuneytið.

Stærsti hópur aðfluttra frá útlöndum hefur sest að á höfuðborgarsvæðinu. Þessi hópur telur um átta hundruð manns, en þess má og geta að tæplega sjö hundruð manns fluttu á sama tímabili til Austfjarða.

Það vekur athygli þegar tölur um flutninga fólks innanlands

eru skoðaðar að höfuðborgarsvæðið er á ný farið að taka á móti fleirum en þaðan flytja. Til samanburðar fluttust örlítið fleiri frá svæðinu innanlands en til þess á síðasta ári.

Suðurland og Suðurnes fá einnig til sín fólk með þessum hætti en staðan er sú að í öðrum landshlutum fækkar fólki vegna flutninga innanlands.

Fækkun af þeim orsökum á einnig við um Austurland. Var raunar einnig svo í fyrra í flestum sveitarfélögum öðrum en á Fljótshálfhéraði. Hin mikla uppbygging stóriðjunnar eystra er því enn ekki farin að hafa teljandi áhrif á íbúaprúninga.

- jss



**REYKINGALYF** Mikill verðmunur kemur fram á nikótínlyfjum samkvæmt könnun Neytendasamtakanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

## Mikill munur á verði lyfja

Verðlagseftirlit ASÍ kannaði í vikunni sem leið verð lausasölulyfja í ellefu apótekum. Verðmunur var áberandi á nikótínlyfjum og ofnæmislyfjum.

**LYFJAVERÐ** Mikill verðmunur reyndist á nikótínlyfjum í nýrri verðlagsskönnun ASÍ á lausasölulyfjum. Munurinn á hæsta á lægsta verðinu var um 40 prósent á þeim fjórum nikótínlyfjum sem könnuð voru. Lyfjaval var með lægsta verðið í tveimur tilfellum af fjórum. Munurinn var mestur 48,4 prósent á Nicorette Classic tyggjúgúmmi en það kostar 3.328 krónur í Lyfjaval og 4.938 krónur í Garðsapóteki þar sem verðið var hæst.

Þorvaldur Árnason, eigandi Lyfjavals, segir apótekið ekki selja undir innkaupsverði en telur hugsanlega skýringu á verðmuninum vera gengisbreytingar sem þeir lyfsalar sem nýlega hafa keypt inn hafa orðið fyrir.

Notkun nikótínlyfja hefur aukist mikið undanfarin ár. Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðisráðuneytinu voru tæplega 20 dagskammtar á hverja þúsund íbúa af lyfjunum Nicorette og Nicotinell á síðasta ári en aðeins 6 fyrir tíu árum síðan.

Könnunin var gerð í ellefu apótekum og verð 32 lausasölulyfja kannað. Lyfjaver var oftast með lægsta verðið eða í 23 tilfellum en Lyf og heilsa var oftast með hæsta verðið eða 19 sinnum og Skipholtsapótek kom



**APÓTEK** Lyfjaver var í flestum tilvikum með lægsta verðið en stóru lyfsölukerðjurnar komu illa út úr könnuninni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þar fast á eftir með hæsta verðið í 18 tilvikum. Verðmunur á milli apóteka var minnstur rúm 19 prósent en mestur 67 prósent.

Henný Hinz, verkefnastjóri hjá ASÍ, segir það athyglisvert að stóru lyfsölukerðjurnar, Lyf og heilsa og Lyfja, séu í hærri endanum í könnuninni. „Það eru tveir mjög stórir aðilar á markaðnum, þeir hafa auðvitað alveg yfirburða markaðshlutdeild og ég hugsa að minni aðilarnir séu nú svona frekar að reyna að skapa sér sérstöðu með að vera með litla álagningu á þessum lyfjum.“

Verðmunur á ofnæmislyfjum er einnig mikill, yfir 50 prósent á Clarityn en það er mikið notað á þessum árstíma. Niðurstöðurnar er að finna á heimasíðu ASÍ, www.asi.is.

gudrun@frettabladid.is

Fjölskyldubíll.  
Kostar eins og smábíll.



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



Mánaðargreiðsla 23.061,-\*

1.890.000,- Beinskipt - 1.6 l. vél

**ÞESSI ER HLAÐIN AUKABÚNAÐI:** ESP skriðvörn, útvarpsfjarstýring í stýri, samlitur og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstólva og margt, margt fleira.

Opel er besta þýska bílategundin skv. gæðakönnun bílatímamarkaðsins Auto Bild. Á hverju ári bitast Opel Astra og Volkswagen Golf um titilinn mest seldi bíll Evrópu. Nýja Astran er fallegur bíll, hlaðinn aukabúnaði og einn sá ódýrasti á götunni. Astran vekur hrifningu þína á hverjum degi, aftur og aftur.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is



Þýska tímaritið Auto Bild er eitt af virtustu og vinsælustu bílatímamarkaðs Evrópu.

\* Bilasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði. Aukabúnaður á mynd: Álfelgur.



# MUNIÐ BÍLBELTIN



UMFERÐARSTOFA



**JAPÖNSK LIST** Þessi kabúkí-leikari og taiko-trommuleikarar komu saman í Tókió í vikunni til að æfa einstakt verk sem sýnt verður í Japan síðar í þessum mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti hvetur leiðtoga Austurlanda til samstöðu:

## Mótvægi við Bandaríkin

**KÍNA, AP** Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti hvatti Kínverja, Rússa og aðrar Asíubjóðir til að sameina efnahagslega og pólitíska krafta sína til móttöðu við áhrif Bandaríkjanna.

Hann ávarpaði á fimmtudag fund SCO-sambandsins, sem inniheldur ellefu Asíubjóðir, og sagði þessi stórveldi á sviðum efnahags- og orkumála geta unnið vel saman.

„Það getur gert SCO að sterku og áhrifamiklu efnahags-, stjórn-mála- og viðskiptasambandi á svæðisbundinn og alþjóðlegan hátt, sem getur varist ógnunum ráðandi afla og ofbeldisfullum afskiptum þeirra í heimsálum.“

Forseti Rússlands var harðorður í garð Bandaríkjanna og hvatti til aukinna hernaðartengsla Asíuríkanna til að berjast gegn hryðjuverkum. Hann tók það einnig fram að allt stefndi í viðræður við Írana um kjarnorkuáætlun þeirra.

„Rússland hefur alltaf verið áreiðanlegur félagi Írans,“ sagði forsetinn, sem telur Írana eiga fullan rétt á að nýta kjarnorku á friðsamlegan hátt. Ahmadinejad bætti við að vinátta Írans og Rússlands væri nán.

-sgj

**FORSETAR ÍRANS OG RÚSSLANDS** Mahmoud Ahmadinejad og Vladímír Pútín var vel til vina á fundi Asíuríkanna.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reyndi að hvetja kærustuna:

## Nakinn maður eltur og skotinn

**BANDARÍKIN, AP** Bandarískur maður í giftingarhugleiðingum hljóp nakinn út á götu nýverið til að sýna hikandi kærustu sinni að áhætta er nauðsynleg. Það fór þó ekki betur en svo að hann var eltur og skotinn.

Hjónaleysin voru að ræða um giftingu þegar maðurinn ákvað að sannfæra kærustuna með þessum hætti, en hoppaði inn í runna þegar hann sá par á göngu. Þau tóku eftir honum og gripu til vopna, svo sá berrassaði hlaut minniháttar áverka. Byssumaðurinn var handtekinn fyrir árás og fyrir að leyna skotvopni. Nakti maðurinn var ekki handtekinn.

-sgj



**FJÖLSKYLDUSKOKK** Um 70 manns hlupu til að minna á mikilvægi blóðgjafar.

Fjölskylduskokk Blóðbankans:

## Athygli vakin á blóðgjöfum

**BLÓÐBANKINN** Fjölskylduskokk Blóðbankans fór fram á miðvikudaginn. 70 manns tóku þátt, en hlaupið var haldið í annað sinn.

Markmiðið með hlaupinu er að vekja athygli á Alþjóða blóðgjafardeginum (World Blood Donor Day) sem var haldinn á miðvikudaginn. Dagurinn er sameiginlegt verkefni Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar (WHO), Alþjóða Rauða krossins, Alþjóðasamtaka blóðgjafarfélaga og Alþjóðasamtaka blóðgjafar. -sgj

Liðlega fjörutíu nemar fengu verðlaun menntaráðs:

## Framúrskarandi og til fyrirmyndar

**MENNTUN** Nemendaverðlaun menntaráðs Reykjavíkurborgar voru afhent í fjórða sinn í Ráðhúsinu í gær. Liðlega fjörutíu nemendur úr grunnskólum Reykjavíkur voru verðlaunaðir, meðal annars fyrir góðan námsárangur, framfarir í námi, félagsstörf, samskiptahæfni, frumkvæði, leiðtoga-hæfileika og frammistöðu í íþróttum og listum. Mikið var um dýrðir í Ráðhúsinu þar sem saman voru komnir stoltir nemendur, foreldrar og aðrir aðstandendur sem glöddust saman af þessu hátíðlega tilefni.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri og Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs, afhentu verðlaunahöfunum bóka-

gjöf og viðurkenningarskjal. „Þessir nemendur sem hér voru heiðraðir fá verðlaun af mjög ólíkum ástæðum,“ segir Júlíus Vífill. „Hér voru veitt verðlaun til þeirra sem skarað hafa fram úr, til dæmis í félagsfærni eða í námi en líka þeim sem hafa skarað fram úr af persónulegum ástæðum. Í hópnum eru til dæmis nemendur sem eiga við fötlun að stríða.“

Hver grunnskóli tilnefndi einn nemanda en jafnan er hvatt til þess að starfsmenn skóla, foreldrafélög og foreldra- og nemendaráð tilnefni fulltrúa síns skóla til verðlaunanna. „Þessi verðlaun eru mjög mikilvæg fyrir þá sem þau hljóta og líka mikilvæg fyrir samnemendur þeirra því við erum



**MENNTARÁÐ REYKJAVÍKURBORGAR VERÐLAUNADI GRUNNSKÓLANEMENDUR** Hátíðleg stemning ríkti í ráðhúsinu á þjóðhátíðardaginn. Fjölpjöldlegur kór Austurbæjarskóla tróð upp á verðlaunaafhendingunni undir stjórn Péturs Hafþórs Jónssonar tónmenntakennara.

að benda á fyrirmyndir. Þetta er hvatning fyrir alla skólafélaga til þess að standa sig vel á ýmsum sviðum. Hér er ekki verið að taka út þá sem hljóta hæstu einkunnirnar heldur leitað að þeim sem hafa skarað fram úr, jafnvel af mjög mannlegum ástæðum,“ útskýrir

Júlíus Vífill sem nýtekinn er við formennsku í menntaráði borgarinnar. „Það er mjög skemmtileg byrjun á starfinu, þessi verðlaun eru mjög jákvæður hlutur og ég er sjálfur mjög ánægður með að fá að starfa að þessum mikilvæga mála-flokki.“

-khh



Það þarf ekkert að stimpla sig inn hér

## Umhverfisverndarsinnar: Fjölskyldudag- ar Íslandsvina

**MÓTMÆLI** Íslandsvinir, sem er félagsskapur umhverfisverndarsinna, stendur fyrir friðsamlegum fjölskyldudögum undir Snæfelli við Kárahnjúka dagana 21. til 31. júlí næstkomandi.

Í tilkynningu frá félaginu segir að dagarnir séu hugsaðir fyrir alla fjölskylduna til að skoða stærsta ósnortna landsvæði í Evrópu. Boðið verður upp á gönguferð um svæðið sem fer undir vatn ef Háslón verður fyllt. Ýmis umhverfis- og náttúruverndarsamtök verða með aðstöðu í upplýsingatjaldi á svæðinu og gestir geta kynnt sér áhrif stóriðju á samfélag og umhverfi.

- sdg

Kærunefnd ógildir útboð um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar:

## Úrskurðurinn áfall að mati borgarstjóra

**STJÓRNMÁL** Útboðsskilmálar sem Reykjavíkurborg setti vegna útboðsins um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar hafa verið ógildir þar sem kærunefnd útboðsmála komst að þeirri niðurstöðu að tilhögun útboðsins bryti í bága við lög um opinber innkaup.

Kæra barst frá Félagi sjálfstætt starfandi arkitekta fyrir hönd nokkurra arkitektastofa vegna framkvæmdarinnar í maí en nú hefur nefndin úrskurðað þeim í vil, ógilt útboðsskilmálana og gert Reykjavíkurborg að greiða félaginu 400 þúsund krónur í málskostnað.

Félag sjálfstætt starfandi arkitekta gerði athugasemd við skipulag útboðsins þar sem þátttakendur gætu annars vegar tekið þátt í hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag svæðisins undir nafnleynd en einnig tekið þátt í forvali með skipulagstillögur sem uppfylltu sömu kröfur og samkeppnistillögurnar.

Nýkjörinn borgarstjóri Reykjavíkur, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson lýsti því yfir að úrskurðurinn væri ákveðið áfall fyrir borgina og sagði að málið yrði tekið til ræklegrar skoðunar. „Við munum fara yfir þetta mál í borgarráði næstkomandi fimmtudag og ég mun



**FRAMTÍÐ Í UPPNÁMI** Hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag svæðisins braut í bága við lög. Borgarráð fundar um málið í vikunni.

óska eftir lögfræðilegri álitsgerð um málið sem ef til vill verður komin fyrir þann tíma.“

Kvaðst Vilhjálmur ekki geta

lagt nokkuð mat á það að svo stöddu hvort halda þyrfti nýja keppni eða endurskipuleggja keppnina frá grunni.

- khh

Ný bæjarstjórn í Garðabæ:

## Gunnar fékk öll atkvæðin

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Gunnar Einarsson var samhljóða ráðinn bæjarstjóri Garðabæjar til næstu fjögurra ára, á fyrsta fundi nýrrar bæjarstjórnar.



**GUNNAR EINARSSON**

Fimm af sjö bæjarfulltrúum sátu í gær sinn fyrsta bæjarstjórnarfund. Á honum var Páll Hilmarsson kjörinn forseti bæjarstjórnar til eins árs og Erling Ásgeirsson hlaut kosningu sem formaður bæjarráðs.

- æþe

## FORNLEIFAFRÆÐI

**Glæsileg sýning** Opnuð hefur verið glæsileg sýning í Minjahúsinu á Sauðárkróki sem ber heitið Margt býr í moldinni. Sýningin er kynning á fornleifarannsóknunum sem gerðar hafa verið í Skagafirði árin 2000 til 2005.

Dæmi um að sekt fyrir veggjakrot nemi einum þriðja af kostnaði hreinsunar:

## Eitt krot eykur líkur á öðru

**UMHVERFISMÁL** Þorsteinn Pálmarsson, eigandi hreinsunarfyrirtækisins Allt-af, flokkar veggjakrot sem skemmdarverk. Hann segir þá sem krotu alltaf vera að læra nýjar aðferðir sem síðan þurfi að bregðast við með nýrri hreinsiblöndu sem sé nógu öflug til að hreinsa krotið án þess að yfirborð veggjarins skemmist. Þorsteinn segir að um 30-40 prósent þess sem Allt-af hreinsar sé af völdum skemmdarverka. „Mest er krotað í undirgöngum og á grunnskólana þó svo krot á þá hafi minnkað undanfarið ár. Reglan virðist vera sú að þar sem veggjakrot er hreinsað eru minni líkur á því að það endurtaki sig.“

Gísli Marteinn Baldursson, formaður samgöngu- og umhverfisráðs Reykjavíkurborgar, vitnar í skýrslu og segir að veggjakrot hafi kostað borgina 15 milljónir



**ÚTKROTADUR VEGGUR** Gísli Marteinn Baldursson segir Reykjavík sjaldan hafa verið jafn óhreina og einmitt nú.

króna árið 2003. „Ég tel að átak þurfi til að hreinsa borgina af veggjakroti því eitt krot elur af sér annað.“ Gísli Marteinn segir borgina sjaldan hafa verið jafn óhreina og það gildi bæði um stræti, torg og mannvirki.

Jóhann Svanur Hauksson, lög-

fræðingur hjá lögreglustjóra, sagði dæmi um að sekt veggjakrotara hafi numið tíu þúsund krónum en samkvæmt upplýsingum um hreinsun nægir sá kostnaður ekki til að hreinsa krotið af veggnum en það kostar á bilinu 20-30 þúsund krónur.

- hs

Voru á móti samkynhneigðum:

## Lífstíðardómur fyrir morð

**BRETLAND** Tveir Bretar voru í gær dæmdir í lífstíðarfangelsi fyrir morð á samkynhneigðum barþjóni í London í október í fyrra. Frá þessu er greint á fréttavef BBC.

Mennirnir tveir, Thomas Pickford, 26 ára, og Scott Walker, 33 ára, játuðu að hafa myrt Jody Dobrowski, sem og að hafa farið út fyrr um kvöldið með það í huga að finna sér samkynhneigðan mann og misþyrma honum. Þeir munu hvor um sig dúsa í minnst 28 ár í fangelsi.

Dobrowski fannst skömmu eftir árásina, en lést af sárum sínum á sjúkrahúsi daginn eftir. Hann var svo illa farinn í andliti að fjölskylda hans þekkti hann ekki, og neyddust yfirvöld til að taka fingraför hans svo hægt væri að bera kennsl á hann.

- smk



## KB LÍFEYRIR

... þú átt það inni!

Þegar þú þarft ekki lengur að mæta til vinnu eftir langa starfsævi viltu njóta lífsins.

Búðu þig undir spennandi starfslok með því að ávaxta skyldu- og viðbótarlífeyrissparnaðinn þinn hjá KB banka í KB Lífeyri.

Yfir 70 þúsund einstaklingar eru með lífeyrissparnað sinn í KB Lífeyri og þeir sem eru einnig í viðskiptum við KB banka njóta enn betri kjara í bankabjónustu.

Kynntu þér KB lífeyri í næsta útibúi eða í síma 444 7000.

KB Lífeyrir samanstendur af Frjálsa lífeyrissjóðnum, Vista og Lífeyrisauka.



## „ORÐRÉTT“

## Hafi það farið fram hjá einhverjum

„Það er hlutverk okkar stjórnmálanna og ýmissa samtaka í þjóðfélaginu að vaka yfir hag og velferð þeirra sem lakar eru settir en aðrir. Það mun mín ríkisstjórn gera.“

GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA Í RÆÐU SINNI Á AUSTURVELLI 17. JÚNÍ. FRÉTTABLAÐIÐ 18. JÚNÍ.

## Heppinn að heita ekki Skallagrímur

„Hann kunnir að skrifa nafnið sitt afturábak með skautunum.“

SIGRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR HM-ABDÁANDI OG AMMA ÓLAFS OG TEITS ÞÓRÐARSONA UM LANGAFA SINN, HELGA FRÁ NEDRA-NESI, SEM KALLAÐUR VAR HELGI LIPRI VEGNA SKAUTAFERNI SINNAR. MORGUNBLAÐIÐ 18. JÚNÍ.

nær og fjær  
tilveranSJÓNARHÓLL  
KVENRÉTTINDAGURINN

RÓSA GUÐNÝ ÞÓRSDÓTTIR

## Finn kannski bleika slæðu

„Það getur vel verið að ég klæðist einhverri bleikri flik á morgun, kannski ég finni einhverja flotta bleika slæðu í fataskápnum,“ sagði Rósa Guðný Þórsdóttir leikkona aðspurð um hvernig hún ætlaði að halda upp á daginn, en í dag er haldið upp 91 árs afmæli kosningaréttar íslenskra kvenna. Venj- an er að konum sé sýndur stuðningur í verki með því að klæðast einhverju bleiku þann 19. júní.

„Ég er ekki vön að halda sérstaklega upp á daginn þó ég sé vissulega fylgjandi því sem hann stendur fyrir. Jafnréttindamál á Íslandi finnst mér að maetti ganga betur, sérstaklega launa- jafnréttið. Það er of mikið launamis- rétti í gangi í dag, þessar hefðbundnu kvennastéttir eru enn með töluvert lægri laun en karlastéttir. Kannanir benda kannski til þess að launamál- in séu að skána, en það er að gerast allt of hægt og það verður bara að fjarlægja þennan mun. Í tilefni dagsins vil ég koma þeim skilaboðum til allra kvenna að halda áfram að berjast fyrir þessum málstað.“



ÍSLENSKA AUGLISNINGASTOFNUNAR. ORKUSTIÐIÐ 19. JÚNÍ

## Jarðfræði í Elliðaárdal

Þriðjudagskvöldið 20. júní verður farin göngu- og fræðsluferð í Elliðaárdal undir leiðsögn Einars Gunnlaugssonar jarðfræðings.

Gangan hefst við Minjasafnið í Elliðaárdal kl. 19.30 og verður gengið um í tvo tíma. Jarðfræði Elliðaárdals er stórkostleg. Í dalnum má t.d. finna jökulrákaðar grágrýtisklappir, hraun frá nútíma, sjávarhalla og merkileg setlög.

Frekari upplýsingar á [www.or.is](http://www.or.is)



Orkuveita  
Reykjavíkur

## HVAD ER AÐ FRÉTTA? TINNA ÞORSTEINSDÓTTIR PÍANÓLEIKARI

## Vill leggjast niður og stara upp í loft

„Ég var bara að koma til Ísafjarðar og hér er glampandi sól,“ sagði Tinna Þorsteinsdóttir þegar blaðamaður sló á þráðinn til hennar en hún er komin vestur til að stýra hátíðinni Við Djúpið. „Verkefni næstu viku verður að halda námskeið og tónlistahátíð þar sem öllu ægir saman af tónlistarstefnum, allt frá klassík til nútímatónlistar yfir í spuna hjá Flístríóinu,“ segir Tinna sem hefur skipulagt hátíðina við Djúpið frá grunni. „Ég tók við þessu fyrir hálfu ári síðan og þetta hefur verið voða gaman en mikið stress. Maður er hálf heiladauður í lokinn. Það er mjög gott að vera komin til Ísafjarðar núna, maður róast niður við það.“ Námskeiðið er ætlað langt komnum nemendum sem koma alls staðar að af landinu. „Galdurinn er að búa til andrúmsloft þar sem nemendurnir geta fylgst með listamönnum

og öfugt og kannski gerist eitthvað spennandi. Ég vona það,“ segir Tinna. „Tónlistarhátíðin er síðan hugsuð fyrir Vestfirðingana og þar verða ýmsir góðir listamenn. Hingað kemur Peter Máté sem fulltrúi Listaháskólans, Guðrún S. Birgisdóttir flautuleikari sem stýrði hátíðinni áður, Diddú, Anna Guðný Guðmundsdóttir og svo ætla ég að spila íslenska tónlist og Grieg. Einnig heldur Flístríóið tónleika í Tjörúhúsinu og við ætlum að reyna að skapa svolitla stemningu og fjór í kringum þá.“ Aðspurð hvað

taki við eftir þessa hátíð segist Tinna helst vilja leggjast einhverstaðar niður og stara upp í loftið. „En síðan eru ýmis verkefni framundan. Ég er til dæmis að fara að gefa út geilsadisk með íslenskri píanótónlist í haust,“ segir Tinna sem situr greinilega ekki auðum höndum.

TINNA ÞORSTEINSDÓTTIR  
Píanóleikari og skipuleggjandi hátíðarinnar Við Djúpið.

SLÆÐUDANS Á PINGVÖLLUM Konur og karlar fjölmenntu á Þingvöllum fyrir sléttu ári til að minnst þess að þá voru 90 ár liðin frá því konur á Íslandi fengu kosningarétt.

## Vil sjá fleiri konur í forystuhlutverki

19. júní sem fengið hefur nafnið kvenréttindadagurinn er haldinn hátíðlegur til að minnst þess að þennan dag árið 1915 öðluðust íslenskar konur yfir 40 ára aldri fyrst kosningarétt.

Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur og forstöðumaður Rannsóknastofnunar í kvenna- og kynjafræðum við HÍ, segir að haldið hafi verið upp á daginn fyrstu árin eftir að konur öðluðust kosningarétt og tímaritið 19. júní var gefið út á árunum 1917-1929 en dagurinn hafi síðan verið endurvakinn af Kvenréttinda- félaginu á sjötta áratug síðustu aldar.

„Mér finnst vægi dagsins hafa aukist mjög á undanföllum árum og voru hátíðarhöldin á Þingvöllum í fyrra ákveðið hámark en þá var haldið var upp á 90 ára afmæli kosningaréttar kvenna.“

Kristín segir að í seinni tíð hafi 19. júní verið notaður til að minna á ýmis málefni sem varða konur og að með hvatningarverðlaunum Fémínistafélagsins, Bleiku steinunum, sé minnt á það sem vel hefur verið gert í jafnréttismálum. „Því ber að fagna hversu virk



KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR Veitir leiðsögn um heimaslóðir Bríetar Bjarnhéðinsdóttur baráttukonu.

íslensk kvennahreyfing er og hefur hún skapað mikla umræðu í

íslensku samfélagi undanfarin ár um baráttu kynjanna.“

Þegar Kristín er spurð að því hvar skóinn kreppti í dag varðandi stöðu kvenna segir hún efst í huga sér ofbeldi gagnvart konum á Íslandi. „Við þurfum sterkari löggjöf og aðgerðir um ofbeldi gegn konum og klámvæðing og mannsal eru einnig mikið vandamál sem þarf að taka á. Þá vildi ég gjarnan sjá aukinn hlut kvenna í forystuhlutverkum bæði hjá hinu opinbera og á almennum vinnumarkaði.“

Kristín tekur þátt í dagskrá 19. júní í ár og mun veita leiðsögn í göngunni frá Háskóla Íslands í Kvosina. „Gengið verður upp í Þingholtstræti í tilefni 150 ára fæðingarafmælis Bríetar Bjarnhéðinsdóttur baráttukonu en hún bjó lengi í Þingholti 18,“ segir Kristín og hvetur alla til að taka þátt í dagskránni í tilefni dagsins. [hugrun@frettabladid.is](mailto:hugrun@frettabladid.is)



BLEIKT Árni Magnússon, fyrrverandi félagsmálaráðgjafi, var titlaður jafnréttisráðgjafi á Þingvöllum í fyrra. Hann tók sig vel út í bleikum bol.

# Íslensk þjóðhátíð í Kaupmannahöfn

Töluverður fjöldi fólks mætti til hátíðarhalda Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn á Amagerstönd í gærðag. Ríkti hefðbundin þjóðhátíðarstemning á svæðinu og hafði starfsfólk sölubása vart undan við að selja fólki gotteri og pylsur. Fisk- og kjötsalinn á svæðinu var samt vinsælastur og greinilegt að margir höfðu beðið lengi eftir að komast yfir harðfisk og íslenskt lambalæri. Svavar Gestsson sendiherra flutti ávarp og eins var séra Þórir Jökull Þorsteinsson með bænastund.

- ks



**HLÝTT Á SENDIHERRANN** Þessar þrjár voru áhugasamar um orð Svavars Gestssonar sendiherra um framgang íslenskra fyrir-tækja í Danmörku.



**SÓLIN SKÍN** Fólkið naut sannarlega útverunnar í glampandi sól.



**ÞJÓÐHÁTÍÐARSÖNGUR** Söngkonan Valgerður naut aðstoðar nokkurra þjóðhátíðargesta við flutning 17. júní lagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN SIGURJÓNSSON



**SÓLARLAG** Í KÓLUMBÍU Íbúar Karþagóbæjar við Karibahafið kasta mæðinni að loknum löngum vinnudegi og njóta sólarlagsins út í ystu æsar.

NORDICPHOTOS/AFP

## Sögumolar í réttinda-sögu íslenskra kvenna

Árið 1850 var dætrum veittur sami erfðaréttur og sonum en fram að þeim tíma erfðu dætur einn þriðja hluta eigna en synir tvo þriðju.

Árið 1874 var Kvinnaskólinn í Reykjavík stofnaður af Þóru Melsteð og eiginmanni hennar, Páli Melsteð, með fjárstuðningi íslenskra og erlendra aðila. Skólinn var fyrsta menntastofnunin sem bauð konum upp á formlega menntun. Fleiri kvinnaskólar voru stofnaðir næstu árin.



Árið 1882 fengu ekkjur og aðrar ógiftar konur sem stóðu fyrir búi eða áttu sig sjálfar kosningarétt þegar kjósa átti í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn og á safnaðarfundum. Þessi réttindi giltu þó aðeins fyrir konur yfir 25 ára aldri. Kjörgengi fylgdi ekki þessum réttindum, sem náði til lítils hóps kvenna. Vinnukonur töldust ekki eiga með sig sjálfar.

Árið 1903 var Bríet Bjarnhéðinsdóttir meðal þeirra 13 kvenna sem kusu í bæjarstjórnarkosningunum í Reykjavík. Bríet vildi meina að brýn nauðsyn væri til að koma konum í bæjarstjórn því konur væru gæddar þeim hæfileikum sem karlar höfðu ekki og kæmu til starfa með „sterkari siðgæðistilfinningu, meiri mannúð og næmari skilning á þjóðfélagsmeinu en karlmennirnir“.

Árið 1915 samþykkti Kristján X konungur nýtt stjórnarskráfrumvarp um að konur og hjú sem höfðu náð fertugsaldri fengju fullan kosningarétt og kjörgengi og aldurinn skyldi lækka um eitt ár næstu 15 árin þar til hann staðnæmdist við 25 ár.

Árið 1935 voru sett lög um getnaðarvarnir og fóstureyðingar. Fóstureyðingar voru þá heimilaðar í sérstökum tilfellum og máttu lækna veita konum upplýsingar um þungunarvarnir. Læknar einir höfðu þó heimild til að hafa slíkar upplýsingar undir höndum.

Árið 1973 urðu Dóra Hlín Ingólfsdóttir og Katrín Þorkelsdóttir fyrstu konurnar sem klæddust einkennisbúningi lögreglumanna og gegndu almennum lögreglustörfum. Kvenlögregludeild var stofnuð innan lögreglunnar árið 1953 en þar var að mestu unnið að sérverkefnum í unglínga- og kvinnamálum.

# Ávísun á gott ferðalag! Ómissandi ferðafélagi

– vísar til vegar í máli,  
myndum og kortum

Bókin er mikið endurbætt og full af nýju efni í nýstárlegu handhægu bandi. Hlaðin fróðlegum og skemmtilegum upplýsingum um landið okkar - á sérlega góðu verði. Gerir ferðalagið fróðlegra og ánægjulegra.

## Nýtt efni meðal annars:

- Vitar við strendur landsins
- Skógar – umfjöllun um helstu skóga
- Hesta-, kúa- og sauðalitir
- Þjóðgarðar
- Skálar á hálendinu
- Upplýsingar um verslanir, hótél, gististaði, veitingahús, bensínstöðvar, sundlaugar o.fl.

**Ný útgáfa!**

Verð áður: ~~3.990.-~~

Verð nú: **2.990.-**

**Gjöf til þín** 1000 kr. inneign!

## ÁVÍSUN

Þetta er 1.000 kr. inneign á gott ferðalag. Þú getur nýtt ávísunina á flestum sölustöðum Vegahandbókarinnar í bókabúðum, bensínstöðvum og söluskálum. Aðeins er hægt að nota einn miða - eina ávísun fyrir hverja bók. Eldri útgáfur bókarinnar eru ekki teknar uppí með þessari ávísun.



9 789979 975014



**1000 kr.**

Verð áður: ~~3.990.-~~

Verð nú: **2.990.-**

Tilboðið gildir frá 19. júní til 1. júlí 2006.

Vegahandbókin sími: 554 7700

HVERNIG Á AÐ  
LÝSA ÞVÍ? ALLT SEM  
ÞÚ HEFUR ÓLJÓST ÞRÁÐ  
HEFUR FUNDIÐ SÉR STAÐ,  
**HOLDGERST.**

EN HVERNIG Á AÐ FÁ HANA TIL  
AÐ SJÁ Í ÞÉR ÞAÐ SEM ÞÚ  
FINNUR Í HENNI? HÚN GÆTI  
ÞVERT Á MÓTI FUNDIÐ ÞAÐ Í  
EINHVERJUM ÖÐRUM – OG  
TILVERA ÞÍN HRYNDI  
**TIL GRUNNA.**

ÞAÐ ER ÞESSI  
HVERFULLEIKI SEM  
GERIR ÁSTINA SVO  
ÖUTREIKNANLEGA.

HUGSA SÉR EF HÚN  
VÆRI VISTARVERA SEM

MAÐUR GÆTI GENGIÐ AÐ OG HREIÐRAÐ UM SIG Í.

EN NEI, Í STAÐINN ER HÚN EINS OG  
**SÁPUKÚLA, GRÍÐARSTÓR OG LITFÖGUR**

OG ÆVINLEGA VIÐ ÞAÐ AÐ FJÚKA ÚT Í BUSKANN EÐA BRESTA.

**EITT MISSKILIÐ ORÐ, EIN MISRÁÐIN HREYFING ...**

ÞAR AF LEIÐANDI ER MAÐUR ÆVINLEGA EINS OG HENGUR UPP Á ÞRÁÐ.

EN JAFNFRAMT HEFUR OPNAST *OFURSKYNJUN, OFURNÆMI,*

ÞAÐ ER EINS OG ÖLL BORGIN SÉ SAMOFIN HENNI: *GÖTUR OG HORN, GARÐAR OG TORG.*

**SJÁLF SKÓLASTOFAN BREYTTIST Í  
VEGGIR OG GANGAR UMMYNDAST  
Í HLJÓÐHIMNUR OG Í FRÍMÍNÚTUM  
FLÆÐIR HÁR HENNA OG VARIRNAR**

**PÚLSANDI  
HJARTA,**

LYKJAST UM PERLURÖÐINA EN ÞAR Á MILLI ER TUNGAN SEM POTAST  
ÚT Í MUNNVIKIÐ ÞAR SEM HÚN STENDUR MEÐ **GEMSANN ...**

... OG GEMSINN ÞINN  
TEKUR VIÐBRAGÐ:

*Ef stjarna fellu til jarðar  
í hvert sinn sem  
ég hugsa um þig,  
faeru þær að verða  
bunur á himninum!*

Konur, til hamingju  
með daginn

Á hverjum hátíðardegi býður Landsbankinn listamanni  
að deila með okkur hugrenningum sínum.  
Pétur Gunnarsson á orð dagsins.




**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)

**Svona erum við**

> Meðalaldur karla við sambúðarslit



Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**

fréttir og fróðleikur

**FBL-GREINING: STAÐSETNING HEIMSMEISTARAMÓTSINS Í KNATTSPYRNU**

**Hörð samkeppni um að fá að halda mótið**

Það hefur vart farið fram hjá mörgum að um þessar mundir fer heimsmeistaramótið í knattspyrnu fram í Þýskalandi. Mótskaldarar hvekkja keppni sjá jafnan fram á mikinn hagnað og landkynningu af keppninni og yfirleitt er hörð samkeppni um að fá að halda mótið.



gerist ekki í fyrstu umferð fellur þjóðin með fæst atkvæðin úr leik og kosið er aftur. Þannig gengur það koll af koll þar til niðurstaða fæst.

**Hvernig eru gestgjafarnir valdir?**

Áður fyrr voru gestgjafarnir valdir á fundi þings Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA. Þá var almenningsflug ekki í boði og staðarvalið afar umdeilt, enda tók þrjár vikur að sigla á milli Evrópu og Suður-Ameríku, tveggja helstu miðstöðva knattspyrnunnar á þeim tíma. Þetta varð til þess að aðeins fjórar Evrópuþjóðir kepptu í fyrstu keppninni í Úrúgvæ árið 1930. Í dag eru gestgjafar valdir af framkvæmdastjórn FIFA og tilkynnt um valið með sex ára fyrirvara. Þjóðir geta sótt um að fá að halda keppnina og

börðust Brasilíumenn, Englendingar, Marokkóar og S-Afríkumenn við Þjóðverja um að fá að halda mótið sem nú stendur yfir. Kosningin fer þannig fram að kosið er á milli umsækjenda og verður einn að fá hreinan meirihluta. Ef það

**Hvar verða næstu keppnir haldnar?**

Nú hefur verið tekin aftur upp regla sem áður var við lýði sem kvað á um að mótið skyldi í hvert skipti færast á milli heimsálfa. Þannig átti það árið 2010 að vera í Afríku. Kosið var um staðsetninguna árið 2004 og varð Suður-Afríka fyrir valinu. Suður-Afríka vann Marokkó frekar naumlega í kosningunni en einnig kepptu um titilinn Egyptaland, sem hlaut ekkert atkvæði, og Líbía og Túnis sem drógu sig snemma úr kjörinu. Gestgjafar keppinnar árið 2014 verða frá S-Ameríku og þýkja Brasilíumenn líklegastir til að hreppa hnossið, þótt þeir séu raunar eina þjóðin enn sem komið er sem lýst hefur yfir að hún muni sækjast eftir hlutverkinu.

**SPURT & SVAR**

VAXTABÆTUR



SVEINN AGNARSSON

**Aðrar leiðir heppilegri**

Í kjaraviðræðum ríkisins og aðila vinnumarkaðarins hefur mikið verið rætt um vaxtabótakerfið og breytingar á því. Sveinn Agnarsson, hagfræðingur hjá Hagfræðistofnun Íslands, telur kerfið ekki alltaf þjóna sínum tilgangi.

**Hvað er vaxtabótakerfið?**

Þeir sem borga vaxtagjöld af lánum fyrir íbúðakaupum eða byggingu húsnæðis sem þeir hyggjast sjálfir búa í eiga rétt á vaxtabótum. Vaxtabætur eru svokölluð skattaútgjöld, eða neikvæðir skattar, þar sem yfirvöld greiða þau til skattgreiðenda, en venjan er sú að þegnarnir gjalda keisaranum sitt. Einstaklingar færa þessi gjöld inn á skattframtöl sín og eiga rétt á endurgreiðslu hluta þeirra að því gefnu að tekjur þeirra og eignir séu ekki of miklar.

**Er hámark á vaxtabótum?**

Fyrir einhleyping er hámarkið 164 þúsund á ári, fyrir einstæð foreldri 211 þúsund og hjón rúmlega 270 þúsund. Það eru ákveðnar reglur sem gilda um bæturnar, hámark og takmarkanir.

**Hvernig nýtist vaxtabótakerfið almenningi?**

Vaxtabætur geta haft áhrif á ákvarðanatöku fólks varðandi fjárfestingar en vegna þess hve þær eru tiltölulega lágar skipta þær líklega ekki oft sköpum. Þær nýtast eðlilega best þeim sem hafa lágar tekjur og eru eignalitlir, því bæturnar eru tekjutengdar og eignatengdar. Þeir sem hafa lágar tekjur eiga hins vegar erfitt með að fjárfesta í húsnæði og fá því ekki alltaf notið þessara bóta. Heppilegra gæti því reynt að nota aðrar skattalegar aðferðir til að hafa upp ráðstöfunartekjur hinna tekjulægstu.

**Vilja ná samkomlagi við Palestínu**

„Ísraelar vilja ekki verða gíslar Palestínu. Ísraelar vilja fyrst og fremst ná samkomlagi við Palestínnumenn, en við bíðum ekki endalaust og ef þeir eru ekki samvinnuþýðir, þá munum við einhliða draga landamærin og setja upp öryggisveg,“ segir Miryam Shomrat, sendiherra Ísraels á Íslandi.

Shomrat, sem tók við stöðunni í fyrra, situr í Noregi, en er stödd hér á landi í tilefni þjóðhátíðarinnar og hitti blaðamann Fréttablaðsins að máli.

Shomrat er gyðingur líkt og 80 prósent landsmanna hennar, og hún bætir við að ómögulegt sé að segja til um hvort Palestínnumenn, sem flestir eru múslimar, muni semja við þjóð hennar. Enda er málið afar flókið og ekki hefur það einfaldast eftir að meðlimir Hamas-hreyfingarinnar, sem Evrópusambandið og fleiri telja til hryðjuverksamta, unnu yfirburðasigur í þingkosningum sem haldnar voru í Palestínu í vetur. „Palestínnumenn sleppa aldrei nokkru tækifæri til að missa af þeim tækifærum sem þeir fá,“ segir hún, og er að umorða orð Abba Eban, fyrrverandi utanríkisráðherra Ísraels, sem á sínum tíma sagði hið sama um araba.

**Almennir borgarar**

Hún undirstrikar að Ísraelar vilja ekki að hinn almenni borgari Palestínu þjáist, en nauðsynlegt sé að kenna Hamas-stjórninni ábyrgð.

„Það er Hamas-stjórnin sem ber ábyrgð gagnvart sínu fólki, en ekki löndin sem færa þeim pengingagjafir,“ segir Shomrat, og bætir við að þessi lexía verði eingöngu lærð með því að alþjóðasamfélagið einangri Palestínu, svo lengi sem Hamas-liðar neita þeim grundvallaratriðum sem þeim hefur verið gert að samþykkja, það er að afneita ofbeldi og viðurkenna tilverurétt Ísraels.

**Alþjóðasamkomulag**

Ísraelar hafa verið gagnrýndir fyrir að hlíta ekki alþjóðasamkomulagi um Palestínu, en til dæmis er vera Ísraela á hernámssvæðunum í Palestínu ólögleg samkvæmt alþjóðalögum.

Shomrat segir málið þó vera flóknara en svo að hægt sé að skýra



JERUSALEM Frú Shomrat kveðst vonast til að samgangur á milli Íslands og Ísrael muni aukast enda vinátta þjóðanna mikil. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



MIRYAM SHOMRAT Frú Shomrat, sendiherra Ísraels á Íslandi, var stödd hér á landi í tilefni þjóðhátíðardags Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

í stuttu máli. „Við verðum að líta á þetta í samhengi. Ísrael hlýðir öllum samþykktum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, en þau lönd sem ekki hlíta þeim, það eru arabalönd,“ segir Shomrat.

Undanfarið hafa Ísraelar neitað að skila Palestínnumönnum sköttum sem Ísrael safnar fyrir hönd Palestínu og á, samkvæmt Óslóarsamningnum, að afhenda mánaðarlega yfir til Palestínu. Spurð um þetta mál, segir hún Hamas-leidda ríkisstjórnina hafa verið fyrri til að brjóta þessa samninga með því að viðurkenna ekki tilverurétt Ísraela og að Hamas-liðar hafi ekki hugsað langt fram í tímann varðandi skattana.

„Og ef Ísrael myndi fara eftir öllum alþjóðalögum, þá væri það einfaldlega sjálfsmorð og ríki fremja ekki sjálfsmorð,“ segir Shomrat.

Auk þess segir hún Ísraela fullvissa um að Hamas-liðar myndu nota féð til vopnakaupa, en ekki til þess að greiða landsmönnum laun

eða færa sjúkrahúsum þau lyf og birgðir sem þau þurfa.

**Vopnakaup**

Síðan í september hafa Palestínnumenn skotið yfir fimm þúsund sprengjum yfir landamærin, að sögn Shomrat. Spurð hversu margar sprengjur hefðu flogið frá Ísrael á Palestínu, svarar hún, „Við skjótum ekki á almenna borgara,“ og bætir við að Ísraelsher hafi sannað að árásin í byrjun júní sem slasaði tugi manna og banaði átta óbreyttum borgurum í strandferð, þar af sex og átján mánaða gömlum systkinum, hefði ekki komið úr röðum Ísraela, því byssukúlurnar sem fundust í fórnarlömbunum væru ekki hinar sömu og þær sem Ísraelsher notar.

„Það sem við gerum, með afar litlum árangri, er að þegar við verðum vör við að Palestínnumenn eru að koma sér upp hernaðaraðstöðu, þá skjótum við á hana,“ segir hún og bætir við að fjöldi Ísraela lifi í stanslausum átta vegna árása Palestínnumanna, fólk sendi börn sín ekki í skóla og sofi jafnvel heilar fjölskyldur í sama rúmi í öryggisskyni.

Spurð um vopnakaup Ísraela sem Bandaríkin fjármagna, segir hún það vera allt annað mál. „Þetta eru lán sem við fáum til varnarmála okkar, því við verðum að hafa sterkan her til að verja okkur. Auk þess erum við eini áreiðanlegi bandamaður Bandaríkjanna og Evrópu í þessum hluta heims.“

Þó Hamas-hreyfingin hafi komist í stjórn með lýðræðislegum

kosningum, þýðir það ekki að alþjóðasamfélagið eigi að vera mildara í garð Palestínustjórnar, enda er hreyfingin síður en svo lýðræðisleg í skoðunum sínum, að sögn Shomrat.

„Hitler var líka kosinn lýðræðislega,“ segir Shomrat, en neitar því aðspurð að hún beri Hamas-hreyfinguna saman við Adolf Hitler.

**Mikil vinátta**

Fyrsti fastafulltrúi/sendiherra Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum var skipaður árið 1947 og var það Thor Thors sem gegndi embættinu. Hann gekk mjög fram í stofnun Ísraelsríkis á sínum tíma, og hitti meðal annars Abba Eban að máli kvöldið fyrir fundinn þar sem SP kusu um stofnun Ísraelsríkis. Thor hélt auk þess framsöguræðuna á þeim fundi. Þó virðist sem franganga hans í þessum málum hafi að miklu leyti gleymst með tímanum, bæði meðal Ísraela og Íslendinga.

En Shomrat segist vonast til þess að samgangur og samskipti milli landanna aukist, því mikil vinátta hefur alltaf ríkt milli Ísraels og Íslendinga. Og þó Ísraelar hafi enn ekki ákveðið sig varðandi kosningu Íslendinga í öryggisráð SP, þá eru Ísraelar í meginatriðum fylgjandi kosningu Íslendinga í þá stöðu, bætir Miryam Shomrat sendiherra við.




FRÉTTAVIÐTAL  
SÍGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR  
smk@frettabladid.is



# BT NÝTT KORTATÍMABÍL

Vaxtalaus tilboð eru miðað við miðnámlegar fjárfir myndir á þínu og Mastercard skuldbætt með 3,5% stampi og bankagjafi sem bætist við heildarupphæðina og áttast þátt fyrir áskrifumissamningnum.

\*Meðlimisálaggreidda á 48 mánaða tölvuáskriftina VLS. Umskiptin er afgreidd á staðnum.



**MEDION®**  
 MD30632  
 • 32" LCD Sjónvarp HD  
 • Upplausn 1366 x 768  
 • Contrast 800:1  
 • Response time 8ms (grey to grey)  
 • Mynd í mynd  
 • Single Tuner  
 • Brightness 500cd/m2  
 • DVI-I in with HDCP decoding  
 • 2x Scart, S-Video in, Composite  
 • Component in

**Skýrari mynd**  
 Venjuleg sjónvörp eru með 640 x 768 upplausn. Medion 40" LCD getur sýnt 1366 x 768 línur eða þrefalt skýrari mynd en gamla tækniin ræður við!

**Tengdu við tölvuna**  
 Stafrænt tölvutengi svo þú getur notað sjónvarpið sem risatölvuskjá! Gerist ekki betra með nýjstu leikina.

**5.117**  
 Tölvu- og tækjalán 36 mán.

**11.599**  
 Vaxtalaus 12 mán.

**139.188**  
 Staðgreitt

28.000kr verðlækkun  
**5.286\***

EF ÞÚ TIPPAR **RETTI!** **FÆRÐU** **ENDURGREITT!**

## Færðu sjónvarpið endurgreitt?



## FÁÐU ENDURGREITT

**Skýrari mynd**  
 Venjuleg sjónvörp eru með 640 x 768 upplausn. Medion 40" LCD getur sýnt 1366 x 768 línur eða þrefalt skýrari mynd en gamla tækniin ræður við!

**Tengdu við tölvuna**  
 Stafrænt tölvutengi svo þú getur notað sjónvarpið sem risatölvuskjá! Gerist ekki betra með nýjstu leikina.

**Mynd í mynd**  
 Hægt að sjá hvað er í gangi í sjónvarpinu á meðan þú horfir á DVD eða eitthvað annað.

**7.840**  
 Tölvu- og tækjalán 48 mán.

**16.799**  
 Vaxtalaus 12 mán.

**268.784**  
 Staðgreitt



**MEDION®**  
 • HD Ready LCD sjónvarp  
 • Upplausn 1366 x 768  
 • 1000:1 í Skerpu  
 • Birta 500cd/m2  
 • 8ms viðbragðstími  
 • Mynd í Mynd (PIP)  
 • Textavarp með 2100 síðna minni  
 • Stýður PAL/SECAM/NTSC  
 • 2 x 10W RMS hátalarar innbyggðir  
 • HDMI tengi með HDCP stuðning  
 • 2x SCART, Composite og S-Video  
 • DVI-I tengi fyrir tölvur og HD efni  
 • Fullur HDCP stuðningur fyrir HD útsendingu

**Lækkað verð!**

**7.840\***

EF ÞÚ TIPPAR **RETTI!** **FÆRÐU** **ENDURGREITT!**

# Kanarí

Það er engin tilviljun að fólk kýs að koma aftur og aftur til Kanarí. Áratuga reynsla af ferðaþjónustu hefur gert þessa fögru eyju að meistara sólarlandaferðanna.

VETRAR-  
PARADÍS

## Club Sunshine ☀☀

Verð: **44.350,-**


M.v. 2 fullorðna  
í íbúð í viku, brottför 2. janúar.  
M.v. 3 fullorðna 39.567,-

### Aðstaða

Garður	Já
Sundlaug	Já
Sólbekkir	Já
Verslun	Já
Internet	Já

### ÍBÚÐIR

Mjög vel staðsett og endurnýjað íbúðahótel á ensku ströndinni. Íbúðirnar eru nýtskulega innréttaðar, vel búnar og snúa allar út í garð.



## H10 Meloneras ☀☀☀☀☀

Verð: **76.300,-**

Hálft fæði  
M.v. 2 fullorðna og 2 börn  
í viku, brottför 2. janúar.

### Aðstaða

Bar	Já
Veitingastaður	Já, margir
Sundlaugargarður	Já
Barnalaug/leiksvæði	Já
Sólbekkir/handklæði	Já
Skemmtidagskrá	Já
Líkamsrækt	Já
Aðstaða fyrir hreyfihamlaða	Góð

### HERBERGI

Lúxusherbergi með öllum þægindum á frábæru hóteli sem hefur notið mikilla vinsælda.



Mundu eftir  
MasterCard  
ferðaávisuninni

www.kreditkort.is

# Tryggðu þér sumar í vetur

## Tenerife

Það er fleira sem blómstrar á blómaeyjunni Tenerife en gróðurinn. Hingað kemur fólk til að njóta lífsins og góða veðursins við bestu hugsanlegu aðstæður og þjónustu.

ÁFANGASTAÐUR  
ÁRSINS

### Gran Hotel Costa Adeje ☀☀☀☀☀

Verð: **62.200,-**

m/morgunverði  
M.v. 2 fullorðna og 2 börn  
í viku, brottför 4. janúar.

#### Aðstaða

Bar	Já
Veitingastaður	3
Sundlaugargarður	Já
Barnalaug/leiksvæði	Já
Sólbekkir/handklæði	Já
Skemmtidagskrá	Já
Líkamsrækt	Já
Aðstaða fyrir hreyfihamlaða	Góð



#### HERBERGI

Glæsileg herbergi með öllum þægindum. Hótelíð er um 300 m frá hinni fallegu Duque strönd og stutt er í alla þjónustu.

### Villa de Adeje Beach ☀☀☀

Verð: **36.700,-**


M.v. 2 fullorðna og 2 börn  
í íbúð í viku, brottför 4. janúar.  
M.v. 2 fullorðna 44.400,-

#### Aðstaða

Bar	Já
Sundlaugargarður	Já
Veitingastaður	Já
Barnalaug	Já
Sólbekkir	Já
Skemmtidagskrá	Já
Líkamsrækt	Já

#### ÍBÚÐIR

Hótelíð hét áður Ocean Beach og býður upp á rúmgóðar og þægilegar íbúðir á frábærum kjörum og góðum stað við Adeje ströndina.



## SUMAR FERÐIR

— ERU BETRI EN AÐRAR!



## ELDHÚS Í GARÐINUM

Á síðustu árum hefur grilltækni Íslendinga fleygt fram.

HÚS 2



# allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

### FASTEIGNASÖLUR

Ábyrgi	17
Ás	36-39
Árborgir	30
Atlas	34
Domus	20
Draumahús	23-28
Eignastýring	19, 35
Eignaumboðið	18
Fasteignamiðlun FMG	14
Fasteignam. Kópavogs	29
Gimli	9
Hof	8
Höfði	12
Húseign	41
Íslenskir aðalverktakar	6
Lundur	32
Lyngvík	10
Lögmenn Suðurl.	8
Neteign	13
Nýtt	16
Perla investment	35
Remax	30
Remax Lind	40
Valhöll	15
Víðskiptahúsið	31



Verönd hússins snýr í suður. Stéttn fyrir utan húsið er glæsileg og var hún meðal annars á sýningu Mest nýlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

### GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn  
19. júní, 170. dagur ársins  
2006.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag

Reykjavík	2.54	13.29	24.04
Akureyri	1.27	13.14	1.03

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími  
550 5000

Auglýsingasími Allt  
550 5880

Þú getur pantað  
smáauglýsingar á [visir.is](http://visir.is)

## Fallegt einbýlishús í Gvendargeisla

Í Gvendargeisla 62 stendur glæsilegt 206 fermetra einbýlishús sem fasteignasalan Domus hefur til sölu. Húsið var byggt árið 2003 og er það einkar vel skipulagt og fallegt.

Fasteignasalan Domus er nú með til sölu glæsilegt 206 fermetra einbýlishús í Gvendargeisla 62 í Grafarholti. Húsið var byggt árið 2003. Húsið skiptist í fjögur svefnherbergi, stofu, eldhús, þvottahús, forstofu, baðherbergi, snyrtingu og þrjátíu fermetra bílskúr með opnara. Marmarasalli er á stofu, eldhúsi, baðherbergi og forstofu en parket á herbergjum. Loft eru tekin upp í stofu og fyrir ofan eldhúsið er

gott geymslurými. Innréttingin í eldhúsinu er úr birki og er ísskápur innbyggður. Herbergin í húsinu eru rúmgóð með parketi á gólfum og skápar eru í þremur herbergjum.

Baðherbergið sem er flísalagt í hólf og gólf er með baðkari og innréttingu úr hlyni. Þvottahúsið er einstaklega eftirtektarvert, auk þess að vera mjög rúmgott eru flísar á gólfinu og glæsilegur sturtuklefi með innbyggðu gufubaði og hljóðkerfi.

Nýlega var lokið við að helluleggja planið fyrir utan húsið sem er einkar glæsilegt. Búið er að tyrfa garðinn og hlaða beð við innganginn. Verið er að ljúka við að smíða stóra verönd í suður út frá stofunni. Eignin í Gvendargeisla 62 er metin á 53 milljónir króna.



Útsýni úr Landakotskirkju um 1937. Steinsteypan er orðin ráðandi og setur svip sinn á bæinn.

### Saga húsagerðar í Reykjavík

NÝ SÝNING Á MINJASAFNI REYKJAVÍKUR - ÁRBÆJARSAFNI VAR OPNUÐ SÍÐASTLIÐINN FÖSTUDAG.

Á sýningunni er farið yfir sögu húsagerðar og byggingartækni í Reykjavík á tímabilinu 1840 til 1940. Á þessum árum fór Reykjavík að eflast sem höfuðstaður landsins og þangað voru fluttar helstu stofnanir þjóðarinnar, þar á meðal Alþingi og Lærði skólinn. Þá var einnig farið að huga að skipulagi bæjarins og Byggingarnefnd Reykjavíkur tók til starfa.

Sýningunni er skipt í þrjá hluta. Fyrst eru tekin fyrir hlaðin steinhús þar sem sérreykvísk húsagerð, steinbærinn, er í forgrunni. Í öðrum hlutanum er fjallað um timburhús og sérstaklega tekin fyrir svokölluðu sveitser-hús sem voru reist þegar vélavæðing í timburiðnaði hafði hafið innreið sína. Þriðji hlutinn er tími steinsteypunnar. Þar er sjónum beint að funkishúsunum og verkamannabústaðirnir við Hringbraut teknir sem dæmi. - *sgj*



## Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

**JKE  
DESIGN**

Óteljandi möguleikar

Mörkinni 1 108 Reykjavík  
sími 515 0700 [www.jke-design.is](http://www.jke-design.is)



Svalirnar eru lagervara í mörgum gerðum

**Svalir - Stigar**  
Mex - byggingavörur  
Sími 567 1300 og 848 3215  
www.byggingavorur.com

Kynningarverð

Gæða hús handa þér

**Bjálkahús ehf**  
Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.  
Hús okkar eru byggð til að endast.  
Á fjórðahundaró hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús  
www.husogheimili.is  
Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar  
HÚSOGHEIMILI - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R. s: 511-1818

**GLÓFAXI HE.**  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**  
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli  
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

**Gluggar & hurðir**

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá **REHAU**

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla

Sparaðu tíma • leitaðu tilboða netfang: [gluggar@vortex.is](mailto:gluggar@vortex.is)

**Kjarnagluggar** **Ekkert viðhald**

Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi sími 564 4714 • Fax 564 4713  
[www.kjarnagluggar.is](http://www.kjarnagluggar.is)

**SERICA**  
SILKIRLÖM & SJAFVANA

Opið frá 11-18 virka daga • Hlíðarsmára 11, Kópavogi s: 5651504

## Eldhús í garðinum

Það eru ekki mörg ár síðan kjöt var grillað með töluvert frumstæðari hætti en nú þekkest. Á síðustu árum hefur grilltækni Íslendinga tekið slíkum stakkaskiptum að halda mætti að iðnbyltingin væri að ríða yfir.

Fyrir einungis fáum árum mátti finna kola-lyktina liggja yfir borginni á fallegum sumarkvöldum. Í gördum mátti sjá fólk standa bogið í baki að bakstra við að hella úr kolapoka í lítið grill sem ríðaði á veikum fótum. Í dag er öldin önnur. Gasgrill eru orðin tæknileg, aðgengileg og hlaðin aukabúnaði. Sum gasgrill eru orðin svo stór að þau fylla út í meðalstórar svalir. Flottustu gasgrillin eru auk gríðarstórs grillflatar búin ýmsum öðrum þægindum. Klakabox, hlið-

argashellur, hillur og skápar með ryðfríum hurðum eru meðal aukabúnaðs sem kemur með flottari grillum í dag. Það er því réttilega hægt að kalla þessi nýju grill eldhús í garðinum.

Fjölmargar verslanir selja flott gasgrill og fór blaðamaður á stjá og skoðaði úrvalið í nokkrum verslunum sem selja mikið af gasgrillum. Starfsmaður á Nestisstöð Essó við Artúns höfða segist selja mest af stærstu grillunum í línunni frá þeim sem heita Blue Ember og kosta tæpar sextíu þúsund krónur. Spurður hvort að stór gasgrill séu orðin að stöðutákni svarar hann hlæjandi: „Já, þetta er náttúrulega bara eins og að kaupa sér jeppa.“

- vör.



Þetta gríðarstóra gasgrill var eitt sinn til sölu hjá Byko.

Permasteel-gasgrill frá Ellingsen eru svo vinsæl núna að þau eru uppseld í bili. Verð 79.900 krónur.



Cambigas-grill frá Ellingsen. Verð 59.995 krónur.



Blue Ember FG 50069 frá Fiesta eru vinsælustu gasgrillin hjá Essó. Verð 59.900 krónur.



Gusto 38040 frá Fiesta eru einföld og ódýr grill frá Essó. Verð 13.990 krónur.



Trooper EX gasgrill frá Essó Verð 32.500 krónur.



### Guðmundur Óli Scheving

SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRAVARNIR

## Bananafluga - Gerfluga

### Bananafluga (*Drosophila melanogaster*)

Bananaflugan er sú flugtegund sem einna mest hefur verið rannsökuð og hefur síðastliðin 90 ár verið mikið notuð í erfðarannsóknir. Bananaflugan er tvívægja. Hér á landi eru um 360 tegundir tvívægja þekktar en í heiminum alls 85.000. Bananaflugan lifir í 14 daga við bestu skilyrði, þ.e. 25 stiga hita og raka. Flugan er fljót að koma í ljós þegar eitt-hvað sætt hellist niður eða umbúðir undan sykraðri vöru brotna á heimilum, í vöruhúsum og verslunum svo dæmi séu tekin. Flugan finnur sér stað til að verpa í þar sem næring fyrir lirlfur er til staðar, t.d. í mótuneytum og á veitingastöðum þar sem flugan getur verpt eggjum í stúta gos- og djúsvéla. Þetta getur gerst um helgi þegar ekki er verið að nota vélarnar. Það er því mjög gott ráð að breiða yfir slík tæki eftir notkun. Einnig er mjög áriðandi að þrífa strax upp ef ávaxtavökvi eða mauk hellist niður. Þá er nauðsynlegt að hleypa niður af stútunum í gos- og djúsvélum áður en mönnum er boðið að drekka. Bananaflugan makar sig á eins konar mökunarstöðum þar sem karldýrin hópast saman til að ná athygli kvenflugunnar en einungis örfá karldýr makast við kvendýrin. Karlflugan er aðeins stærri en kvenflugan. Karlflugan dansar í kringum kvenfluguna á mjög flókinn hátt og besti dansarinn uppsker sitt. Mjög sjaldgæft er að karlflugan velji sér maka. Bananaflugan berst hingað öðru hvoru með ávöxtum og öðrum varningi.



### Bananafluga (*Drosophila funebris*)

Hér á landi er vel þekkt það afbrigði bananafluguna sem kallast gerfluga (*Drosophila funebris*) og lifir innanhúss. Gerflugur kallast svo vegna þess að þær lifa fyrst og fremst á gersveppum sem oftast myndast þar sem niðurbrot lífrænna efna á sér stað.

Oft er uppsprettuna að finna í rotandi ávöxtum eða garðávöxtum, stundum í tónum gos- og vínflöskum þar sem gerjun hefur átt sér stað í dreggjum. Það verður að leita uppi allar hugsanlegar uppsprettur og finna þær áður en ráðist er í það að úða fyrir flugunni. Gerflugur af þessari tegund hafa fundist í heimahúsum, verksmíðjum, vöruskemum, verslunum og ekki síst í gripahúsum einkum fjósum. Talið er að bananaflugan sofi allt að 7 klukkustundir á sólarhring. Rannsóknir á bananaflugunni hafa stuðlað að því að auka skilning okkar á því hvernig Mitf próteinið starfar og ýmsar bindingar í DNA-rannsóknunum og uppgötvanir eru bananaflugunni að þakka. Menn hafa unnið til Nóbelsverðlauna fyrir rannsóknir á henni.

Þegar fólk þarf að fá til sín meindýraeyði á það að biðja um að fá að sjá starfsréttindaskirteini útgefið af Umhverfisstofnun og eiturefnaskirteini útgefið af lögreglustjóra/sýslumanni en réttindin eru ekki gild nema viðkomandi aðili geti sýnt starfsleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi.

Lesendum Fréttablaðsins er velkomið að senda fyrirspurn á netfangið [guðmunduroli@simnet.is](mailto:guðmunduroli@simnet.is).

[www.parketgolf.is](http://www.parketgolf.is)

## SVEFNSÓFAR MEÐ HEILSUDÝNU



**TILBOÐSDAGAR Í JÚNÍ**  
MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM MEÐ HEILSUDÝNU



**TRÉSTIGAR** LAGERVERA  
L-stigar, Cottage frá kr 68.000- Beinir stigar, Premium frá kr 19.900-  
Lögustigar frá kr 19.900- Hringstigar, Saturn frá kr 95.000- Fura, beyki, Eik

**STIGAR** **Stigalagerinn**  
HANDRÍÐ [www.stigalagerinn.is](http://www.stigalagerinn.is) s:5641890

**allt**  
ferðir

Alla miðvikudaga  
og laugardaga

**SANYL**  
**PAKRENNUR**



- RYDGA EKKI.
- PASSA Í GÖMLU RENUJÁRNIN.
- STANDAST ÍSLENSKT VEDURFAR.
- AUBVELDAR Í UPPSETNINGU.
- ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR.

**ALFABORG**  
Skútuvoði 6 • Sími 568 6755



Hert gler  
...í milliveggi

**Íspan**  
GLERI OG SPEGLAR

Smíðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - [www.gler.is](http://www.gler.is)

**Atvinna oskast**

Smáauglýsing óskar eftir tímabundnu starfi við auglýsingar. Mikil reynsla og góð meðmæli. Uppl í síma. 550 5000

**FRÉTTABLAÐIÐ**

— smáauglýsingar sem allir sjá

**FRÉTTABLAÐIÐ** **AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**



Veggurinn við enda barsins á Barnum er hlýlegt listaverk sem varð til fyrir slysi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÓRÐUR

## Barveggurinn á Barnum

*Í einu skoti á Barnum á Laugavegi má finna flottan vegg sem segja má að sé afrakstur af hálfkláruðu verki.*

Á miðhæð skemmtistaðarins Barsins á Laugaveginum blasir við glæsilegur veggur sem fær fólk til að staldra við og stara. Flestir velta fyrir sér hvaða listamaður eigi heiðurinn að verkinu en sagan bak við vegginn er ekki svo einföld.

Meðan framkvæmdir stóðu yfir á Barnum og verið var að innrétta staðinn hófust verkamenn handa við að þússa upp þennan tiltekna vegg til þess eins að mála hann aftur. Þótti verkið æði drjúgt enda

var snemma ljóst að veggurinn hafði ekki verið þússaður upp svo áratugum skipti heldur sífellt málað yfir hann aftur.

Í miðjum klíðum við erfiða þússun kom einn af eigendum staðarins aðvífandi, leit á vegginn og skipaði svo fyrir að hér skyldi látið staðar numið. Veggurinn þótti finn eins og hann var. Á honum glytti í málningu sem, að því er talið er, hefur verið máluð í mörgum lögum á mismunandi tímum allt frá upphafi þessa góða veggs.

Allir litir rófsins koma þar fyrir en það sem gerir hvað mest fyrir vegginn er sagan sem í honum liggur, sem dregin var fram með ekki flóknara tóli en sandpappír. Til að finna fyrir hversu langt



Undir splunkunýju lakki liggja nú málningarendur sem segja áratuga langa sögu veggins.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÓRÐUR

aftur sú saga hlýtur að ná þarf ekki annað en að strjúka yfir vegginn og finna hvernig höndin lyftist og sveigist eftir þykkt eldgamallar málningar.

[johannas@frettabladid.is](mailto:johannas@frettabladid.is)

## Pastellitir vinsælir

Ljósbleiku Kitchen Aid-hrærivélarnar seldust hratt upp hjá Einari Farestveit.

Heimilistæki í pastellitum eru orðin vinsæl og taka við af hinum sterku litum svo sem eldrauðum og appelsínugulum. Nýjustu Kitchen Aid-hrærivélarnar fást núna í ljósbleiku, -bláu, kremgulu og drapp og eru þær ljósbleiku nú þegar uppseldar í versluninni Einar Farestveit.

Kitchen Aid í Bandaríkjunum gefur hluta af hagnaði bleiku hrærivélanna til styrktar brjóstá-

krabbameinsrannsóknnum og hefur verslunin Einar Farestveit ákveðið að gefa 3.500 krónur af hverri seldri bleikri vél til Krabbameinsfélags Íslands.

Búast má við fleiri pastellitum heimilistækjum frá Kitchen Aid í Einari Farestveit á næstunni, eins og blöndurum, brauðristum, matvinnsluvélum og kaffivélum.



Krabbameinsfélag Íslands fær 3.500 krónur af hverri seldri, bleikri hrærivél í Einari Farestveit.

### húsráð }

#### Fótaspegill og hamarsför

Ekki er alls staðar rúm fyrir spegil í fullri lengd. Hægt er að bæta úr þessu með „fótaspegl“ innan á skáphurð neðan til. Þá er auðvelt að athuga kjölfaldinn, aðgæta hvort pílsíð stendur niður undan kápunni eða bara dást að nýju finu skónum.

Oft koma hamarsför á málaða fleti þegar neglt er í þá. Lítil gúmmíkringla með gati á miðju getur leyst þennan vanda. Þegar naglinn hefur fengið festu er kringlunni smeygt niður á hann og þá er hægt að reka naglann inn án þess að missið sjáist í kring.







Laufré á Íslandi er gefin út af Sumarhúsi og garðinum ehf.

## Himinhá laufré

Sumarhúsi og garðurinn gaf nýlega út aðra bókina í ritröðinni Við ræktum. Er það bókina Laufré á Íslandi sem er fagurlega myndskreytt og stútfull af áhugaverðum upplýsingum.

Laufré á Íslandi er önnur bókina í ritröðinni Við ræktum. Ritstjóri bókarinnar er Auður I. Ottesen garðyrkjufræðingur en hún og Þórarinn Benedikt skógfræðingur og Tryggvi Marinósson garðyrkjufræðingur eru aðalhöfundar bókarinnar.

Í bókinni er fjallað um laufré sem náð hafa fimm metra hæð hér á landi. Ásamt umfjöllun um uppruna, ættkvíslir og tegundir er fjallað um fjölgun og umhirðu, sjúkdóma, skordýr og fuglana sem nærast á berjum og fræjum trjána. Upplýsingar taka mið af íslenskum aðstæðum og reynslu. Bókin er ríkulega myndskreytt og auðlesin.

Fyrsta bókina í ritröðinni Við ræktum heitir Garðurinn allt árið og er ætluð áhugafólki um garðyrkju. Þriðja bókina mun bera nafnið Viðir og víðinytjar en þar er fjallað um gerð nytjahluta úr víðigreinum og segir frá hentugum víðitegundum og ræktun þeirra.

Áætlað er að fjórða bókina komi út fyrir júl. Kemur hún til með að heita Barrtré á Íslandi.

- sgi

### öryggi }

#### Munið að loka gluggunum

EKKI BJÓÐA ÓKUNNUGUM INN AÐ ÓPÖRFU.

Opnir gluggar í sumarblíðunni hleypa svölu og fersku lofti inn á heimilið. Þeir eru hins vegar líka auðveld leið fyrir fingralanga sem vilja kíkja í heimsókn og fá sér minjagrip. Það ætti að vera regla á hverju heimili að athuga alla opnanlega glugga áður en farið er að heiman. Hálflokaður gluggi er aðeins tafsamari en opin en engu að síður eins og boðskort fyrir þá sem vilja krækja sér í góss.


Hægt er að fá margs konar krækjur og lokur sem tryggja að gluggar geti aldrei opnast nema upp að ákveðnu marki. Með tilliti til brunavarna er þó kannski öruggara að skilja ekki gluggana eftir opna.



## VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

Limarit



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ **30% AFSLÆTTI** Á AÐEINS **489 KR.** EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI



## GLÆNÝTT VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Birta Björnsdóttir fatahönnuður og Jón Páll listamaður í 100 ára gömlu húsi við Miðstræti
- Uppskrift af austurlensku partíjtjaldi og allt sem þig vantar til að gera garðinn frægan
- Rautt og bleikt þema
- Listrænt fúnkíshús við Vatnsenda
- Ofursvöl piparsveinaibúð í 101 Reykjavík

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

## ÞARFTU AÐ LOSA ÞIG VIÐ VIÐHALDIÐ?

VELFAC

Veldu VELFAC glugga vegna lítills viðhalds, góðrar hönnunar, gæða, útlits, endursölu og 10 ára ábyrgðar.

Vertu viss um að gluggarnir séu VELFAC - Spurðu fasteignasalann.

formaco

# Nýjar íbúðir til sölu

## SÓLTÚN – REYKJAVÍK 2–3ja herbergja



Sóltún eru frábærlega staðsett og nútímalega hönnuð fjölbýlishús. Húsin eru á 4–7 hæðum. Tvær íbúðir á hæð í hverjum stigagangi og innangengt er úr sameiginlegu bílageymsluhúsi beint í stigagang og lyftu. Íbúðirnar eru bjartar, með stórum gluggum sem sums staðar ná niður í gólf. Lofthæð er meiri en almennt er og flestar íbúðirnar hafa tvennar svalir. Sérstök áhersla er lögð á þægindi. Hljóðeinangrun er eins og best verður á kosið og gólfhiti er í íbúðunum. Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna nema á badherbergjum og þvottahúsgólfum sem verða flísalögð. Innréttingar eru mjög vandaðar og hægt er að velja á milli þriggja viðartegunda í innréttingum og innihurðum. Íbúðirnar eru 2ja–3ja herbergja, 97–130 fm.

**Verð frá 34,8 millj.**  
með sérstæði í bílageymslu.

## ÞJÓNUSTUHÚS – HVERAGERÐI 2ja–3ja herbergja



### Nýr og heilsusamlegur lífsstíll

Þjónustuhús við Lækjarbrún í Hveragerði veitir þér tækifæri til að njóta lífsins í fadmi einstakrar náttúru og hafa jafnframt aðgang að margvíslegri þjónustu Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands. Kaupendur gerast sjálfkrafa aðilar að samningi við HNLFI sem veitir aðgang að viðamikilli þjónustu Heilsustofnunarinnar gegn greiðslu mánaðarlegs grunnjalds. Römuð náttúrufegurð, fríðsæld og nálægð við hvers kyns þjónustu og heilsurækt eru nokkrir af þeim kostum til að njóta lífsins sem bjóðast í Hveragerði. Fallegar gönguleiðir allt í kring, golfvöllur, hesthús og margvísleg afþreying á svæðinu. Íbúðum er skilað fullbúnar með parketi á gólfum og flísalögðum badherbergis- og þvottahúsgólfum. Íbúðirnar eru 2ja og 3ja herbergja frá stærðinni 86–111 fm.

**Verð frá 22 millj.**

## GLÆSILEIKI VIÐ SJÁVARSÍÐUNA Norðurbakki Hafnarfirði



### Nýtískuleg fjölbýlishús

Norðurbakki 15–21 eru fjögur stórglæsileg fjölbýlishús, hönnuð af arkitektastofunni Batteríinu. Staðsetningin er frábær, við sjávarsíðuna á móti suðri og í göngufæri við alla þjónustu í Hafnarfirði.

Frágangur er mjög vandaður. Húsin eru einangruð að utan, klædd með álklaðningu og að hluta með harðvið. Gluggar eru álklaðdir timburgluggar. Húsin þarfnast því lágmarksviðhalds. Húsin eru á fjórum og fimm hæðum með sameiginlegum bílakjallara.

**Verðdæmi 122 fm íbúð með sérstæði í bílageymslu 28,5 millj.**

## NORÐURTÚN – EGILSSTÖÐUM Einbýlishús BAKKAHVERFI – REYÐARFIRÐI 4ra herbergja



Í Norðurtúni og Bakkahverfi eru til sölu stórskemmtileg einbýlishús. Húsin eru sérþýli á einni hæð með bílskúr. Útveggir eru einangraðir og klæddir að utan með litaðri bárumálmklæðningu og að hluta með litaðri viðarklæðningu. Þakið er klætt með krossvið og bárumálmklæðningu. Húsunum er skilað frágengnum að utan og milli þess að vera foheld og tilbúin til innréttinga að innan. Lokið er við gangstíg að anddyrum íbúða og framan við bílskúr er jarðvegsskiptum lokið. Húsin eru af stærðinni 172–194 fm. Afhending er skv. samkomulagi.

**Verð frá 23 millj.**

## NORÐURTÚN – EGILSSTÖÐUM 3ja–4ra herbergja



Í Norðurtúni eru til sölu glæsilega hönnuð 96–128 hverri íbúð. Útveggir eru einangraðir og klæddir að utan með litaðri viðarklæðningu. Þakið er klætt með krossvið og bárumálmklæðningu. Húsunum er skilað frágengnum að utan og milli þess að vera foheld og tilbúin til innréttinga að innan. Lokið er við gangstíg að anddyrum íbúða og framan við bílskúr er jarðvegsskiptum lokið. Húsin eru af stærðinni 172–194 fm. Afhending er skv. samkomulagi.

**Verð frá 13,7 millj.**

Ítarlegar upplýsingar um  
eignirnar á vefsíðu okkar  
**www.iav.is**



## Parfirði



- Viðhaldslítið
- Stór og björt rými
- Sérstaklega er hugað að hljóðeinangrun
- Gólfhiti
- Gluggar ná niður í gólf
- Góð lofthæð
- Tvennar svalir með flestum íbúðum

- Mynddyrasími
- Snjóbræðslukerfi í göngustígum
- Loftskiptakerfi
- Brunaviðvörðunarkerfi
- Færanlegir vindskermar á svölum
- Nútímalegar innréttingar með eldunareyju

## Parhús,



Parhús og parhús á einni hæð. Bílskúsréttur fylgir hvernig með lítaðri bárumálmklæðningu og að hluta af lítaðri viðarklæðningu. Íbúðunum er skilað tilbúin til innréttinga að innan.

## BAKKAGERÐI – REYÐARFIRÐI Parhús 4ra herbergja



Eigum eftir eitt glæsilega hannað tæplega 160 fermetra parhús með sérstæðum bílskúrum. Húsin eru klædd með bárumálmklæðningu og lítaðri viðarklæðningu að hluta. Íbúðum er skilað fullbúnum að utan, með grófjafnaðri lóð og tilbúnum undir spórtlun og málningu að innan. Húsin eru á fallegum stað með góðu útsýni yfir fjörðinn.

Verð frá 19,9 millj.

## LINDARGATA – REYKJAVÍK 2ja–3ja herbergja



### Stórglæsilegt íbúðarhús í miðbæ Reykjavíkur

Lindargata 27 er glæsilega hannað viðahaldslítið átta hæða lyftuhús. Íbúðum er skilað fullbúnum með parketi á gólfum og með flísalögðum badherbergis- og þvottahúsgólfum. Sérþvottahús er í hverri íbúð og rúmgóðar geymslur í kjallara fyrir hverja íbúð. Innréttingar eru spónlagðar. Kaupendur geta valið um þrjár viðartegundir. Í eldhúsi verður keramikhelluborð með fjórum hellum, blástursofn og gufugleypir. Heimilistæki eru af AEG-gerð með burstaðri stáláferð eða sambærilegt. Dyrasími er tengdur myndavél í aðalanddyri. Sjónvarpsloftnets- og símatenglar eru frágengnir í stofu, borðkrók og svefnherbergjum. Í íbúðunum er tengikassi fyrir stjórnun tengingar síma-, loftnets-, tölvu-, breiðbands- og ljósleiðaratengingar. Sameign og lóð eru fullfrágengin. Snjóbræðsla er við aðalanddyri, aðkomurampa og í bílastæðum. Göngustígar og hluti bílastæða er hellulagður. Leiksvæði er með gúmmihellum og leiktæki sbr. teikningar lóðarhönnuðar.

Frábær staðsetning og stutt í alla þjónustu. Nútímaleg hönnun og allur frágangur er sérlega vandaður.

Íbúðirnar eru 2ja og 3ja herbergja 80–195 fm.

Verð frá 24,7 millj.

## ÁSAKÓR – KÓPAVOGI 3–4ja herbergja



### Stórglæsilegt íbúðarhús

Ásakór er fallegt þriggja hæða fjölbýlishús með lyftu og 6 íbúðum á hæð. Sérinnangur er í hverja íbúð og fylgir eitt bílastæði í bílageymslu hverri íbúð. Svalagangar 2. og 3. hæðar eru með glerskermum. Íbúðum er skilað fullbúnum án gólfefna en með flísalögðum badherbergis- og þvottahúsgólfum. Innréttingar eru mjög vandaðar og hægt er að velja á milli þriggja viðartegunda í innréttingum og innihurðum. Þvottaherbergi er í öllum íbúðum. Íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja í stærðinni 96–120 fm.

Verð frá 22,6 millj.

Söludeild okkar er að  
Höfðabakka 9, sími  
530 4200



Hof fasteignasala  
Síðumúla 24  
Sími: 564 6464  
Fax: 564 6466



Guðmundur Björn Steinþórsson  
löggitur fasteignasali



Jón Guðmundsson  
sölustjóri



Geir Þorsteinsson  
sölumaður

## EIGNIR VIKUNNAR

### GRUNÐARHVARF - NÝTT



Vorur að fá í sölu glæsilegt 350 fm einbýlishús á tveim hæðum með innbyggðum bílskúr og ca. 85 fm 3ja herbergja aukaíbúð á jarðhæð. Húsið afhendist fullbúið að utan með grófjafnaðri lóð en að innan í núverandi ástandi. Aðalíbúðin er tilbúin til innréttinga og málninga en aukaíbúðin er fullbúin með fallegum ljósum innréttingum og náttúruflísum á gólfum. Mikið útsýni og stór lóð. **Verð 70 millj.**

### GVENDARGEISLI - GLÆSIEIGN



Glæsilegt 206 fm einbýlishús innréttað eftir hönnun Rutar Káradóttur. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar, spónlagðar með eik, innihurðir eru extra háar rennihurðir. Eikarparket og flísar gólfum. Góðar stofur, stórt og rúmgtótt eldhús, 3 svefnh. og tvö baðherbergi. Glæsileg lýsing hönnuð af Lúmx. Sjón er sögu ríkarí. **Verð 77 millj.**

### AKURHVARF - ÚTSÝNI



Glæsileg 210fm raðhús á tveim hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið er staðsteypt og afhendist fullbúið að utan, en tilbúið til spörlunar og málnar að innan. Búið verður að hlaða og múra alla milliveggi og hiti tengdur. Einnig er hætt að fá húsin fullbúin án gólfefna. Lóð verður grófjafnuð. Fallegt útsýni. **Verð frá 39,5 millj.**

### ÁSBÚÐARTRÖÐ - SÉRHÆÐ



Mjög falleg 130 fm efri sérhæð í tvíbýli á góðum stað í Hafnarfirði. Þrjú óvenju stór svefnherbergi og stórar saml. stofur. Timburverönd út fa hjónaherbergi. Íbúðin er mjög mikið endurnýjuð. Nýl. gler og gluggar. Snjóbræðsla í innkeyrslu. Í risi er leikaðstaða og sjónvarpshol ásamt þvottahúsi. Frábær eign. **Verð 29,9 millj.**

### ÞORLÁKSGEISLI - GRAFARHOLT



Stórglæsileg 112 fm 4ra herbergja íbúð með séringangi á efstu hæð í lyfuhúsi ásamt staði í bilageymslu. Þrjú góð svefnherbergi. Stórar stofur og glæsilegt eldhús. Eikarparket og fallegar flísar á gólfum. Gengið að lyftu innan úr bilageymslunni. Álklætt hús. Fallegt útsýni. **Verð 29,3 millj.**

### BERGÞÓRUGATA - LAUS



Rúmgtótt 86 fm 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í gömlu steinsteyptu fjölbýlishúsi. Tvær samliggjandi stofur og gangur með merbau parketi, dúklagt baðherbergi með sturtu, eldhús með upphaflegri innréttingu, tvö góð svefnherb. með dúk. **Verð 19,8 millj.**

### HVERAFOLD - RÚMGÓÐ



Mjög góð 93 fm 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýlishúsi. Rúmgóð stofa með út gang á vestursvalir. Eldhús með fallegri hvítri sprautulakkaðri innréttingu, borðkrókur við glugga. Fallegt flísalagt baðherbergi. Tvö rúmgtótt svefnherbergi með skápum. Fallegt útsýni. **Verð 19,9 millj.**

### SPÓAHÓLAR - SÉR LÓÐ



Mjög góð 67,5 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýlishúsi. Hol og stofa með nýlegum ljósum flísum á gólf, rúmgtótt svefnherbergi og eldhús. Flísalagt baðherbergi. Hellulögð verönd og sér lóð. **Verð 14,2 millj.**

www.hofid.is



LÖGMENN  
SUÐURLANDI  
480 2900 www.log.is



Ólafur Björnsson hl. Löggitur fasteignasali | Sigurður Sigurjónsson hl. Löggitur fasteignasali | Christiane L. Bahner hdl. Löggitur fasteignasali | Torfi R. Sigurðsson Lögræðingur | Ólaf Ljón Eypórsdóttir Rekstrarf./sölumaður | Steindór Guðmundsson Iðnrekstrarf./sölumaður | Anna Rúnaarsdóttir Ritari/skjalavarsla | Kristín Kristjánsdóttir Ritari/skjalavarsla

Austurvegi 3, Selfossi | S: 480 2900 | Fax: 482 2801 | Félag fasteignasala

### LÓDIR Á SELFOSSI

Höfum til sölu nokkrar glæsilegar par-, einbýlis- og fjölbýlishúsaloðir í vel staðsettu, nýlega skipulögðu íbúðarhverfi á Selfossi. Í næsta nágrenni er gert ráð fyrir að muni rísa leikskóli og grunnskóli. [www.log.is/hagaland](http://www.log.is/hagaland)

### Spilda úr Króki, Ásahreppi

Um er að ræða ca. 6 ha. spildu úr jörðinni Króki, Ásahreppi. Vegur liggur með landinu að vestanverðu og er girt með honum. Eftir er að girða á mörkum Hárlausstaða og spildunnar. Kaldavatslögn liggur með veginum. Fyrirhugað er að leggja hitaveitu framhjá landinu á komandi mánuðum. Verð 3,2 m.



### Engjavegur 8, Selfossi

Um er að ræða 113,0 m<sup>2</sup> einbýlishús ásamt 38,3 m<sup>2</sup> bílskúr. Eignin telur m.a. stofu m/hurð út í garð, eldhús m/hvít/beyki innréttingu, þvottahús, þrjú svefnherbergi og baðherbergi sem er flísalagt í hól og gólf og er þar baðkar. Verð 23,4 m.



### Grænamörk 2 íb. 110, Selfossi

Um er að ræða glæsilega 93,9 m<sup>2</sup> íbúð í nýju fjölbýlishúsi fyrir 50 ára og eldri. Íbúðin telur forstofu m/skáp, þvottahús m/innréttingu og hillum, eldhús m/eikarinnréttingu, stofu m/hurð út á timbursólpall, tvö svefnherbergi m/skápum og baðherbergi m/innréttingu, handklæðaðofni og upphegdu salerni. Nánari uppl. á skrifstofu.



### Byggðarhorn, Árborg

Um er að ræða jörðina Byggðarhorn sem er 10,8 ha. á jörðinni er 200,5 m<sup>2</sup> einbýlishús, fjós sem 245,9 m<sup>2</sup> með áburðarkjallara, 160 m<sup>2</sup> fjárhús með áburðarkjallara og 289 m<sup>2</sup> sambyggð hlaða. Staðsetning 2,5 km utan við Selfoss. Verð 39,0 m.



### Holtabyggð, Árborg

Vorur að fá á sölu jarðir í nýrri byggð í landi Byggðarhorns í Árborg. Landið er mjög grasfeið og hentar vel til þeitar. Holtabyggð telur 20 landeignir, hver og ein um 7,5 ha að stærð að meðaltali. Í skipulagstillögum er gert ráð fyrir að þar megi byggja allt að 2000 m<sup>2</sup> byggingar þ.m.t. íbúðarhús, hesthús eða önnur útihús. Gatnagerðagjöld innifalín. Verð frá 19,9 m.



### Sveitasetrið ehf.

Um er að ræða fyrirtæki sem hefur heilsárskúli til leigu. Í eigu fyrirtækisins eru þrjú bústaðir (Köðrabúðir 6, 7 og 10) á leigulöðum í Biskupstungum. Húsin eru kanadísk einingahús og er hver bústaður 55 m<sup>2</sup>. Í bústöðunum eru tvö svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi með sturtu og innréttingu. Timburverönd m/rafmagnspotti. Búið að bóka bústaðina talsvert fyrir n.k. sumar. Möguleiki er á að kaupa bústaðina sér. Nánari uppl. á skrifstofu.



### Stallar, Bláskógabyggð

Um er að ræða Garðyrkjubýlið Stallar, Bláskógabyggð sem er örstutt frá Geysi í Haukadal. Aðallega eru ræktaðar agúrur í stöðinni er framleiðslugeta 40 tonn af gúrkum. Húsakostur er: 998,4 m<sup>2</sup> gróðurhús, 143,2 m<sup>2</sup> uppeldishús (gróðurhús), 71,1 m<sup>2</sup> þökkunarhús (tengilyggung) og 100 m<sup>2</sup> þökkunarhús/verkstæði. Búið er að innréttu litla íbúðarstöðu í þökkunarhúsi, heitur pottur. Verð 13,0 m.



### Spilda úr Dísukoti, Þykkvabæ, Rangárþingi ytra

Um er að ræða ca 65 ha spildu í Þykkvabæ. Landið er úr jörðinni Dísukoti og hluti úr Oddsparti. Umferðaréttur að landinu er á mörkum Há-kots og Dísukots. Skurðir eru á landamörkum. Gott beitland og mikil gæsaveiði. Verð 19,5 m.



### Spilda úr Laugamýri, Hraungerðishreppi

Um er að ræða ca 75 ha spildu rétt austan við Selfoss. Landið er úr jörðinni Laugum og er aðkoma að því að austanverðu. Landið er grasfeið og liggur að áveituskurði Flóaáveitunnar. Mjög gott beitland. Stutt er í kalt vatn og rafmagn þar sem vatnslögn og 3 fasa rafmagn liggur í gegnum landið. Verð 33,7 m.



# LYNGVÍK

## FASTEIGNASALA

Síðumúla 33 - Sími 588 9490 - www.lyngvik.is - lyngvik@lyngvik.is



Sigrún Gíslurardóttir,  
lögg. fasteignasali



Steinar S. Jónsson,  
sími 898 5254



Daniel Björnsson,  
lögg. leigumálarí  
sími 897 2593



Þorsteinn Austri,  
sími 820 3466

### OPÍÐ

mánud. - fimmtud. frá kl. 9-18  
föstud. frá kl. 9-16. Svo er GSM-inn alltaf opinn



#### NÝBYGGINGAR



**TILBÚIÐ TIL AFHENDINGAR**  
**ÁLFKONUHVARF - NÝBYGGING** Til sölu 3ja herbergja íbúðir með eða án stæðis í bílageymslu. Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna nema baðherbergi verður með flísalagt gólf og vegg upp í ca 2,10 m. hæð. Þvottahús verður með flísalögðu gólfi. Húsið verður fullbúið að utan, lóð frágengin og bílastæði malbikuð. Stærð íbúða er 90,5 til 107,2 fm. **Verð frá 21,0 m** Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Lyngvík fasteignasölu sími. 588-9490

#### ENDURBYGGINGAR



**AMTMANNSTÍGUR - TIL UPPGERÐAR** Heil húseign á þessum frábæra stað fyrir verkataka/íónaðarmenn til að gera upp. Í húsinu eru fimm íbúðir á bilinu 50 til 110 fm að stærð. Húsið þarfnast verulegra endurbóta. Húsið selst í einu lagi, ásett verð 90,0 m. áhv. ca 68,0 m.

#### LANDIÐ



**SIGLUFJÖRÐUR - EYRARGATA** Um er að ræða tvær 66,7 fm 3ja herbergja íbúðir í tvíbyli á Siglufirði. Íbúð skiptist í forstofu, eldhús með eldri innréttingu og borðkrók, tvö svefnherbergi, baðherbergi með sturtu og stofu. Verð 2,9 m hvor íbúð.

#### EINB - RAÐ- OG PARHÚS



Nýjir eða nýlegir jeppar á frábæru verði frá öllum helstu framleiðendum: Ford, Jeep, Toyota, Mitsubishi, Nissan, Dodge, Honda og Porsche. Láttu okkur gera þér gott tilboð. Margir litir og val um búnað. Útvegum einnig flestar aðrar gerðir jeppa og fólksbíla frá Evrópu eða Bandaríkjunum. Allt að 5 ára ábyrgð eða bílalan. Nýjir og nýlegir bílar langt undir markaðsverði. Þjónustuver sími 552 2000. www.islandus.com

**TILKYNNINGAR**

**allt** bílar

Alla laugardaga

**TIL SÖLU**

**NITRO**

Hinar vinsælu NoFear vörur komnar. Cross og enduro fatnaður í miklu úrvali.

Verð frá 12.900 kr.-

Bíldshöfða 9, 110 Rvk. - Sími: 557-4840 - www.nitro.is

**BILAUPPBOD**  
**islandus.com**  
 Tilboð viðskiptavinar:  
**LAND ROVER DISCOVERY**  
 Kr. 1.700.000



Sjá auglýsingu á  
[www.islandus.com](http://www.islandus.com)  
**BESTU BILAKAUPIN**  
**islandus.com**  
[www.islandus.com](http://www.islandus.com) Sími 552 2000

Land Rover Discovery II XS S 5. Árgærd 1999. Ekinn 142 þús. km. Diesel. Sjálf-skiptur. Dökkblár. Tvær sóllúgur. Góð heilsársdekk. Cruise control. Reyklaus. Dráttarkrókur. Vel með farinn. Ekkert áhvílandi. Verð 1,7 m.kr. Upplýsingar veitir Kristján í síma 864 9080.




Hyundai Tucson dísel, 2005, ek. 19 þ. Sjálfsk., krókur, álfelgur, naglad. Verð 2.970 þ. Engin skipti. S. 820 0701.

#### Fornbílar

Chevy '66 C10 stepsider, heill og órygð-aður. S. 663 7121.

#### Pallbílar

**Pallhús**  
 Ford, Dodge, Chevy, Toyota, Nissan



**IMP** [www.imp.is](http://www.imp.is)  
 Sími 483-3227

#### Vörubílar



Til sölu Volvo FM 12 árg'05, ekinn 25.000 km. Uppl í s: 893-1501



Til sölu Champion veghefill árg. '98, notkun 7000 vinnustundir. Hægt að fá tölvu og framtönn með. Uppl. í s. 893 1501.

[www.trukkur.is](http://www.trukkur.is)  
 Sími 893 8327.

#### TIL SÖLU

**Thaler fjölnotamokstursvélar**  
 Þýsk gæðavara — perkins diesel  
 Lyftigeta 1150 - 1600kg



**Vélheimar ehf**  
 Þjónustan

#### Fellihýsi

Colt árg. '05 til sölu með aukahlutum notaður einusinni. Sími 892 5861.

Til sölu vel með farið Palomino Colt, 99 árg., upphækkað, 13" dekk, m/fortjaldi, og fleira. sími 893 5531.

Coleman Cheyenne fellihýsi árg. '99 til sölu. 10 feta vagn með fullt af aukab. Verð 880 þ. Sími 692 9642.

#### Tjaldvagnar

[www.combicamp.is](http://www.combicamp.is)  
 Sala • Leiga • Viðgerðir  
 Breytingar • Aukahlutir  
 Varahlutir



**COMBI CAMP ISLAND**  
 Smíðavegur 8 • Kóp. • sími 517 2222

Til sölu Camplet Concord '99 farangurs-box beislisbox motta í fortjaldi góður vagn til sýnis og sölu hjá Gísla Jónssyni Kletthálsi 13 587 6644 eða 899 5009.

#### Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásason ehf s. 552 0110.



Erum með til leigu Belthjólörur sem bera 600 kg. Breidd 75 cm. Með breikk-anlegum beltagangi upp í 105 cm. Getur mokað upp í sig og hægt að lyfta upp í 165 cm. til að sturta í jarðvegs-gáma. Höfum kerrur til að flytja tækin. VINNULYFTUR EHF. S: 544 8444

**Drifkeðjur lyftarakeðjur**  
 Viðhaldsfriar keðjur og keðjulásar



**VÉLAR MÓNUNSTA**  
 Járnhúsi 2 110 Reykjavík  
 Sími 5 800 200 [www.volar.is](http://www.volar.is)



**Lægri rekstrarkostnaður**  
 Sérstakt kynningarverð  
 á smágröfum  
 H.A.G. ehf Smíðshöfða 14  
 5672520  
**DOOSAN DAEWOO**



Vélar á lager

#### Lyftarar



#### Körfubílaeigan.

Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. 893 3573

**ALLAR GERDIR AF VINNULYFTUM TIL LEIGU GÓÐ TÆKI & BETRA VERÐ**  
 sími 565 4646 & 660 1700  
**WWW.ARMAR.IS**



#### Bátar

[www.gummibatar.is](http://www.gummibatar.is)  
 Samþykkt Gasbjörgunarvesti  
 SeaGo Lífbjörgunarbátar  
 Seago Slöngubátar  
 Viðgerðir & slöngubátum & göllum  
 Gummibátar & Gólar Sími: 692 7372  
 \*Fast einnig í öllum betri Veidiverzlunum í Reykjavík & Akureyri!

#### Hjólbarðar



Til sölu er 4 stk AZEV 17" felgur 5 gata undan BMW 5- línunni ásamt lítið ekn-um heilsársdekkjum frá Dunlop 235/45/17. Verð 75 þús. Uppl. í s. 844 0944.

#### Varahlutir

**Varahlutir**  
 BÍLAVARAHLOTUR Á LAGER  
 Seljum líka hörku boddi og ljós.  
 Við erum ykkar bönus.  
 AB Varahlutir  
 Opíð frá virka d. 08.00-18.00  
 Betri vara, betra verð.  
 Sími 567 6020. Bildshófi 18  
[www.abvarahlutis.is](http://www.abvarahlutis.is) og [www.boddi.is](http://www.boddi.is)

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impres-2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opíð 8-18. Lau. 10-15.

**Bílapartar ehf S.587 7659.**  
 Eignum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9:00 -18:00. [www.bilapartar.is](http://www.bilapartar.is) bilapart-ar@bilapartar.is

**Partasalan Sími 557 7740.**  
 Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eignum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Bílapartasalan Ás**  
 Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Japanskar Vélar**  
 Eignum varahluti í flesta japanska og kóreska bíla o.fl tegundir! Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284.

**Hedd 557 7551**  
 Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freeland-er og fl. Opíð mán.-föst. 9-18. Skemmu-vegur 16. S 557 7551.

Bíllutir, Kaplahrauni 14 Drangahrauns megin, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eignum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Himnabjarg ehf.**  
 Partasala og dráttabílaþjónusta. Er að rífa Opel Astra 1200 árg '98-2003, Ford Taurus, Daihatsu Applause og Ford Escort '99. Kia Clarus '99, Suzuki Sidekick '93, Suzuki Baleno '99, MMC Colt '91, Nissan Almera '00. Sími 691 4441.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**  
 Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning

Allar helstu bílapartasölur landsins eru á [www.partasolur.is](http://www.partasolur.is)

Á varahluti í 2ja dyra Sunny árg. '93, Toyota Coster, afturhleri á Legacy '93. 2 stk. dekk 185/70 14" á 3 þ. S. 896 8568.

#### Viðgerðir

**Þjónustan Ás**  
 Þjónustan í flestar gerðir bíla.  
 Sérsmíð & viðgerðir  
 21" & 3" þúst í jeppa og sendibíla.  
 Einnig rafgryma í úrvali  
 fri ísetning  
 Fljót og góð þjónusta  
 S. 562 8966, Nautáni 2

#### KEYPT & SELT

#### Til sölu



WWW \* ATLANTSKAUP \* IS

Stigar hringstigar og handrið á lager. Til í 38mm þykku beiki, gler og einnig stál. Mjög hagstætt verð. Einnig ryðfri fittings fánleg á sama stað. Atlantskaup ehf. Uppl. í s. 533 3700.

**Mótorhjólafatnaður**  
 Gore-tex og leður!  
 Pakkaverð 45.000kr.



**Kosleather**  
 Langvegur 39 s. 551 0444

**Harmonikkuhurðir**  
 Besta lausn fyrir þröng rými. Adcco ehf.  
 S. 586 9010 eða [adcco@adcco.is](mailto:adcco@adcco.is)



**Hágæða sláttuorð**  
 SE28 véloort  
**STIGA**  
 Vetrarsól ehf.  
 Askjalá 4 • Ekkjörvegur • Sími 764 1804



**Verslunartækni**  
**haaga Sópari**  
 Verð aðeins á: 34.900,-  
[www.verslun.is](http://www.verslun.is)







**Stíflulosun Rörmyndun**  
Lesa stíflur úr salernum, vaskum, baðkerum og niður í loftum. Rörmyndavél til að staðsetja skammtí í loftnum.  
**Skolphreinsun Asgeirs sf.**  
S. 892 7260 & 567 0530.

**Stíflubjónustan ehf**  
S.5542255: 8965800  
**Stíflulosun-Rörmyndun**  
www.stiflutjonustan.is

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Rörmyndavél og viðgerðir á frárennslisloftum. Stíflubjónusta Geirs, s. 697 3933.

### Tölvur

**Tölvuviðgerðir**  
Láttu fagmenn sjá um tölvuna þína. [www.start.is](http://www.start.is)  
**Start tölvuvæslun, Bæjarlind 1, 201 Kópavogur. Sími 544 2350. www.start.is**

Tölvuviðgerðir Allar almennar tölvuviðgerðir, uppsetningar, vírusgreiningar kem á staðinn. Bjarni S. 6634965 8-23 alla daga

Myndbönd á DVD, Gagnvirkni, Hlíðar-smára 8, sími 517 4511.

Vefsíðutíloboð. 8.is

Heimasíðugerð. 8.is

### Snyrting

Opnunartilboð! ICY-neglur, sími 577 7711.

Vertu flottust! ICY-neglur.

Vertu flott á því, ICY-neglur, sími 577 7711.

Flottustu neglurnar! ICY-neglur.

### Spádómar

**ALSPÁ**  
Miðlum, draumum, ráðgjöf  
hornum, fyrirbætur, NLP  
Símaspá, einkatimar og m.fl.  
**908 6440**  
FINN TYNDA MUNI

**908 6116**  
Er spákonan Sirry  
**Astir - fjármál heilsa**  
**Einkatimar í S.845 4009**

**Kærleiks-ljósíð**  
**Spámiðill, Tarot-hestur og kristalkúla**  
**566 7311 905 2005**

Dulspékisíminn 908 6414. Símaspáin-draumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Spásíminn 908 5666. Stjómuspá. Tarot. Ársspá. Draumaráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantíð tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

### Órlagalínan 908 1800 & 595 2001

Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumaráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

### Englajós til þín 908 5050

Hvað viltu vita um ástina, heilsuna og hvað getur gerst skemmtilegt í sumar, bein miðlun, ráðgjöf. Ópið frá 12-02 eftir miðnætti. Lára

Spámiðill. Er byrjuð aftur. Spái í 4 teg. spila og kristal. Áratuga reynsla. Þóra frá Brekkukoti. Spái ekki í síma. S. 557 4391.

### Skemmtanir

### Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasimar**  
Set upp ný dyrasimakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.  
**Fljót og góð þjónusta.**  
Sími 893 1733  
**Jón Jónsson**  
Löggitur rafverktaki  
www.raflagnir.is

### Trésmíði

**SG**  
**sólpallar**  
Pantanir í síma 820 4720 og 896 1976

### Viðgerðir

**Erum fluttir að Vesturhrauni 3 Garðabæ**  
SMÁVÉLAVIÐGERÐIR  
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA  
Vélaverkstaði JS  
Vélaverkstaði JS  
Vesturhraun 3 - 210 Garðabæ  
Netfang: [velaverkjs@velaverkjs.is](mailto:velaverkjs@velaverkjs.is)  
Símar: 554 0661 - 897 4996 699 2502  
www.velaverkjs.is

Smávélavíðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Véilverk JS S. 554 0661. [www.velaverkjs.is](http://www.velaverkjs.is)

### HEILSA

### Heilsuvörur

**ShapeWorks**  
www.bergrun.is  
Apríl 2004  
Mars  
Ég breytti um lífstil!  
Hvað um þig?  
Uppl. S.8615512

### Herbalife - og þú gremmist!

321 ShapeWorks kerfið frá Herbalife. Einfalt, fljótlegt og árangursríkt! Upplýsingar í síma 577-2777 eða á [www.321.is](http://www.321.is)  
www.321.is

**Hugsanlega**  
hollasti morganverður í heimi  
Herbalife - stíð að þínu hjóla!  
Síma 888 999 - Þvítt 896 2277  
cinn2og@simnet.is  
www.cinn2og.is

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn [WWW.ARANGUR.IS](http://WWW.ARANGUR.IS) S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 [www.321.is/rannveig](http://www.321.is/rannveig)

Léttari og hressari með Herbalife. [www.dagamunur.is](http://www.dagamunur.is) s. Ásta. 891 8902

### Herbalife.

Lífsorka fyrir lífstíð, lífsorka.is. adalgeir@lifsorka.is.

Þú léttist með Herbalife! Persónuleg ráðgjöf og stuðningur. S. 892 8463 & 868 4884.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupaki í júní. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. [www.halldorabjarna.is](http://www.halldorabjarna.is) S. 861 4019/ 868 4876.

Árangur með Herbalife! Betri lífstíll. Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg s. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. [www.eco.is](http://www.eco.is) Erla Bjartmarz [erla@eco.is](mailto:erla@eco.is) 899 4183

### Taktu þér tak!

Með HERBALIFE nærðu árangri. Við hjálpum þér. [www.betriheilsa.is](http://www.betriheilsa.is) Jóhanna 822 6879.

### Líkamsrækt

### Heilsuáttak.

Leita að 30 manns til að taka þátt í 6 vikna heilsuáttaki. Hittumst eða heyrumst einu sinni í viku, tökum mál, drekkum te, fræðumst og spjöllum.  
Uppl. Dagný s. 897 7612. [heilsugruppan@simnet.is](mailto:heilsugruppan@simnet.is)  
**Uppl. Dagný s. 897 7612. heilsugruppan@simnet.is**

### Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólóf. S. 861 5356, [olsiar@hotmail.com](mailto:olsiar@hotmail.com)

### Nudd

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

### Snyrting

**didrix spa**  
Góð þjónusta a góðu verði fyrir þig  
Tattoo, varir, augu, brúnir  
Litun og plökkun og permanent  
Grænning og cellól  
Fótsnyrtingar  
Neglur og handsnyrtingar ofl.  
[www.didrix.is](http://www.didrix.is)  
Ath fullt af námskeiðum í boði  
S:5618677

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

### Námskeið



Átt þú tölvu upp á **150.000.-** sem þú kannt kannsk ekki nema 5% á?

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

### HEIMILIÐ

### Húsgögn

Notuð, vel með farin eldhúsinning. Mjög mikið skápláss. Gott verð. S. 6992580.

### Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

### Dýrahald

Yndislegir Chihuahua hvalpar til sölu 9 vikna, bólu, örm., ættb., ísh. Uppl. í s. 897 6419.

### Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Ópið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nána uppl. í s. 897 2902 eða [mvehf@hive.is](mailto:mvehf@hive.is)

### TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Ferðalög

Lundey, Hafsúlan hvalaskoðun.

### Gisting

Við bjóðum fallega nýja 2 herb 55 m2 íbúð á Akureyri verð pr. nótt 11.900 kr, fjórða og 6 nótt frí. Bókunar í síma 822 - 9952, sjá myndir á [www.hoepfner.is](http://www.hoepfner.is)

### Fyrir veiðimenn

**STANGAHALDARAR**  
**SPORTVÖRUGERÐIN SKIPHOLT 5 562 8383**

**Veiðiportíð**  
Vandaðar og vel hnyttar flugur á betra verði!  
Brassi túpur... 295 kr.  
Laxaflugur... 275 kr.  
Straumflugur... 195 kr.  
Silungsflugur... 175 kr.  
Veiðiportíð, Grandagarði 3, Sími: 552-9949

**15% AFSLÁTTUR**  
CORTLAND DAGAR  
**MOKVEIDI.IS**

15% afsláttur af Cortland línun. Sendum við fritt heim. [Mokveidi.is](http://Mokveidi.is) (<http://Mokveidi.is>)

Ódýrir og stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

### Hestamennska

**Istölt**  
BÆJARLIND 2 • KÓPAVOGI  
SÍMI 555 1100

Leðurskálmar, Leðurskálmar. Þær lang flottustu. Ný snið og frábær leður. Istölt Bæjarlind 2. S.555 1100

### HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistasins. Kíktu inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 2ja h. íb. í Smábí.hv.(108). Sér-ingng. Laus. Reglusemi. Uppl. í s. 553 7768 e. kl. 16.

### Húsnæði óskast

### Íbúð óskast í uppsveitum Árnessýslu

5 manna fjölskyldu vantar íbúð í uppsveitum Árnessýslu. Reglusaft fólk, skilvísun greiðslum heitið.  
**Uppl. í síma 865 9588.**

### AFPREYING

**Fyrirtæki - Starfsmannafélög - Félagasamtök**  
Fjöhjóliferð í Haukadalskógi  
Er afþreying sem allir hafa gaman af!  
Allar uppl. á [www.atvtours.is](http://www.atvtours.is) eða í síma 892-4810 & 892-0566.

### TIL SÖLU

**Íslensk gæða garðhúsgöng**  
Þola vel Íslenska veðráttu. Verklunin er opin 9 - 12 og 13 - 16  
Bergíðjan (við hliðina á IKEA) Sími 553 7131





FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## AUSTURBORG

Austurborg tók til starfa 1. júlí 1974 en arkitektar skólabyggingarinnar eru Guðmundur Kr. Guðmundsson og Ólafur Sigurðsson. Skólinn er 10. stærsti leikskólinn sem Reykjavíkurborg starfrækir. Skólinn er fjögurra deilda og þar eru börn frá aldrinum eins til sex ára. Í skólanum eru 93 pláss og eru yngri börnin á Bangsalandi og Putalandi en eldri börnin á Ólátagarði og Kattholti. Markmið Austurborgar er að skapa börnunum fjölbreyttar aðstæður við nám og leik. Það eflir þau bæði sem einstaklinga og félagsverur við aðstæður sem örva alla þroskaþætti, ýta undir sjálfsöryggi, frumkvæði og vellíðan barnanna. Lögð er áhersla á að börnin geti eflst í gegnum leik sem skapandi, glaðir, virkir og sjálfstæðir einstaklingar með góða sjálfsmynd.



## DRAUMAHÚSIÐ: BERGUR ÞÓR INGÓLFSSON LEIKARI OG LEIKSTJÓRI

### Flytur hann milli heimsálfa


Bergur Þór er þessa dagana önnur kafinn við æfingar á Mein Kampf í Borgarleikhúsinu. Þess vegna óskar hann sér merkilegs draumahúss sem getur flutt hann milli heimsálfa á augabragði. „Draumahúsið væri í Reykjavík, Barselónu og einhvers staðar í Suður-Ameríku. Það væri svona Narnískápur sem flytti mann milli húsanna,“ segir Bergur.

Í húsunum væri stór salur þar sem væri frábær hljómur. Þar væri hægt að halda stórar matarveislur með góðum vinum og gestum og þar væri einnig hægt að spila og syngja. „Svo væru auðvitað þaksvalir þar sem hægt væri að liggja allan daginn í sólbáði,“ segir Bergur. „Þar væri buslaug fyrir börnin og konan mín gæti málað þar úti.“

Í húsinu væru herbergi fyrir alla fjölskylduna auk fjölda herbergja fyrir gesti. Garðurinn ætti að vera nokkuð stór og þar yxu fíkju- og mandarínutré. „Ég vil sjá ávextina vaxa og geta svo tínt þá af trjánum,“ segir Bergur.



## SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU\*



Ragnar Gíslason sigurvegari í byrjendaflokki tekur hér við sigurlaunum sínum.

## Fréttablaðsmótið

Miðnæturholfmót starfsfólks á fasteignasölum fór fram 9. júní síðastliðinn. Metþátttaka var í mótinu.

Að þessu sinni fór 10. árlega Fréttablaðsmótið fram á Garðavelli á Akranesi. Metþátttaka var í mótinu en það telst vera eitt veglegasta golfmót sem haldið er á Íslandi, með tilliti til veittra verðlauna og umgjafdarinnar. Þá má geta þess að á þessu móti hafa margir stigið sín fyrstu skref á golfvelli með því að draga kerrur fyrir félag sína og vera þannig þátttakendur í leiknum.

Keppt var í fjórum flokkum og urðu sigurvegarar eftirfarandi:

Konur með forgjöf: Marólína Erlendsdóttir.

Karlar með forgjöf: Sigurður Hjaltsted.

Karlar án forgjafar: Þróstur Ástþórsson.

Byrjendur: Ragnar Gíslason.

-tg

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ

## Svo verklar þú á sama stað og málarameistarinn

Við hjá Flügger litum seljum aðeins þá vöru sem við seljum elst á lista hjá okkur sjálfum og sam getur bestan árangur.

Flügger litir er ekki bara verjuleg verslun. Flügger framleiðir fyrir lagmenningu og þú getur gengið að því visu að fá faglega ráðgjöf frá vel upplýstu starfsfólki okkar.

Finnðu næstu Flügger titi á [www.flugger.is](http://www.flugger.is)

Flügger litir



# Ögurstund Sameinuðu þjóðanna

**UMRÆÐAN**  
UMBÆTUR INNAN  
SAMEINUÐU  
ÞJÓÐANNA



**KOFI ANNAN**  
FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMEINUÐU  
ÞJÓÐANNA

Nokkuð upphlaup varð nýlega þegar staðgengill minn, Mark Malloch Brown flutti ræðu þar sem hann gaf til kynna að Bandaríkin ættu að taka höndum saman af meiri alvöru með öðrum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna til að koma umbótum í höfn. Þetta er hárrétt hjá honum en við teljum báðir að þessi sjónarmið þurfi að heyrast víðar en bara í Bandaríkjunum.

Ögurstund Sameinuðu þjóðanna er runnin upp. Í desember síðastliðnum samþykktu aðildarríkin „tveggja ára“ fjárlög fyrir 2006-2007 en gáfu aðalskrifstofunni aðeins leyfi til að nota fé sem samsvarar sex mánaða rekstri. Helstu greiðendur aðildargjalda SP, með Bandaríkin fremst í flokki, kröfðust þess að þessu útgjaldabaki yrði ekki lyft fyrr en umtalsverður árangur hefði náðst í umbótum á SP. Við nálgumst nú öðfluga þann dag þegar ekki er

meira fé til rekstrarins og það er engan veginn ljóst hvort nægur umbótaárangur hefur náðst, til að fullnægja kröfum þeirra. Stríðandi fylkingar hafa ekki náð samkomulagi um frekari umbætur.

## Pólitískur vandi

Sir Brian Urquhart, sá öndvegis-höldur Sameinuðu þjóðanna sagði einu sinni að það stafaði í rauninni aldrei fjárhagsvandi að SP - aðeins pólitískur vandi. Það er rétt. Bandaríkin reyna að knýja í gegn umbætur á stjórnun með því að beita fjárhagslegum styrk sínum. Þróunarríki hafa brugðist öndverð við þessum aðferðum.

Flest gera þau sér grein fyrir nauðsyn umbóta, ekki síst vegna þess að í mörgum þeirra veita Sameinuðu þjóðirnar mikilvæga þjónustu, til dæmis friðargæslu, neyðaraðstoð, skipulagningu kosninga og baráttu gegn smitsjúkdómum. Þetta þýðir að einmitt þessi ríki hafa mestan hag af því að Sameinuðu þjóðunum sé vel stjórnað og farið sé vel með fé. Þau eru síður ósátt við innihald fyrirhugaðra umbóta en við það að fá auðug lönd ráðskist með samtök sem eiga að vera byggð á jafnrétti allra aðildarríkja.

## Lítið en mikilvægt skref

Ég vitnaði til þessarar afstöðu þegar ég talaði í janúar síðastliðnum í Lundúnum um að „sum ríki

hafa fyllst gremju yfir því að vera útilokuð frá áhrifum og beita nú eina vopni sem þau hafa: valdinu til að stöðva umbætur svo sem um bættu stjórnun, vegna þess að þau telja að þær séu tilraun stóru strákanna til að hrifsa til sín öll völd“.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands viðurkenndi nýlega að til lengri tíma litið þyrfti öll uppbygging Sameinuðu þjóðanna á umbótum að halda, þar á meðal öryggisráðið. Því eru núverandi umbætur aðeins lítið skref á langri vegferð. Stefnumörkun tekur á sig æ alþjóðlegri mynd. Einstök ríki geta ekki glímt við hryðjverk, fátækt, eiturlyf og glæpi upp á sínar eigin spýtur.

En jafnvel þótt við bíðum enn eftir pólitískri sýn til að glíma við áskoranir dagsins, er mikið starf óunnið við að hrinda í framkvæmd áætlunum sem aðildarríkin hafa falið okkur og fela í sér nauðsynlega aðstoð við fólk sem er í bráðri hættu eða líður skort. Hversu þörf sem umræðan um umbætur er, má starf okkar ekki stöðvast.

## Þrjár stoðir

Það er hugar allra aðildarríkja að starf Sameinuðu þjóðanna haldi áfram óhindrað og að það sé aðlagð þeim verkefnum sem þeim eru falin. Og það þýðir að báðar fylkingar í núverandi deilu, verða að grafa stríðsöxina og taka upp

samningaviðræður af fullri alvöru í því skyni að ná skynsamegri málamiðlun sem geti orðið grunnur að grundvallarbreytingum síðar.

Það er ekki aðeins samsetning öryggisráðsins sem á rætur að rekja til miðrar tuttugustu aldar. Bæði stjórnun og afstaða margra ríkisstjórna til samtakanna er að sama skapi ekki í takt við tím-ann. Ekki er tekið tillit til þess að Sameinuðu þjóðirnar snúast ekki lengur um að halda ráðstefnur og skrifa skýrslur, heldur að stýra flóknum tugmilljarða dollara verkefnum til að gæta friðar og berjast við fátækt og hjálpa fórnarlömbum hamfara. Af þessum sökum búum við ekki lengur yfir þeim stofnum sem til þarf til að glíma við áskoranir þessarar aldar. Það er lífsnauðsynlegt að losa þetta akkeri

Um þetta snerist sú umbóta-áætlun sem ég lagði fram á síðasta ári. Þar var lögð áhersla á að Sameinuðu þjóðirnar væru reistar á þremur stoðum: þróun, sameiginlegu öryggi og mannréttindum. Hver þessara stoða styrkir hina en er líka háð hinum. Og eins og allir góðir stólar þurfa þeir á fjórðu stoðinni að halda: umfangsmiklum umbótum á stjórnun.

## Í þágu jarðarbúa

Sameinuðu þjóðirnar þurfa að greiða fyrir því að aðildarríkin sækja fram á þremur vígstöðvum í einu. Þess vegna er ekki aðeins þörf á nýju öryggisráði, heldur virku mannréttindaráði og efna-

hags- og félagsmálaráði sem ætti að breyta í raunverulegan vettvang þar sem fjármála- og þróunarráðherrar gætu lagt til atlögu við þúsaldarmarkmiðin, átak heimsins til að minnka fátækt um helming fyrir 2015.

Sumar umbætur eru nú þegar í höfn. Nýja mannréttindaráðið og nýja friðaruppbyggingaráðið setjast nú á rökstóla í fyrsta skipti. Öll aðildarríki hafa fallist á það grundvallarsjónarmið að vernda fólk sem hótað er þjóðarmorði eða álíka glæpum. Neyðarhjálpar-sjóðurinn hefur verið eflur, lýðræðissjóður stofnaður, siðfræðiskrifstofu komið á laggirnar og stigin skref til að vernda þá sem finna að vinnubrögðum stjórnenda. Nú þurfum við að auka ábyrgð og bæta endurskoðun, efla útbodsferli, auka fjárhagslegan sveigjanleika og semja betri reglur um ráðningu starfsfólks og starfsmannastjórnun. Þetta eru ekki tröllaukin markmið, miðað við þau tröllaukun verkefni sem við eigum að glíma við.

Ríkisstjórnirnar hljóta að geta náð samkomulagi um þessar umbætur án þess að starfsemi samtakanna stöðvist. Það er tími til kominn að þeir sem vilja beita sér fyrir umbótum af heilum hug taki höndum saman og myndi bandalag og brúi þá óraunverulegu og hættulegu gjá sem er að myndast á milli norðurs og suðurs og fylkja liði allra þeirra sem hafa sameiginlega sýn á Sameinaðar þjóðir sem þjóni tilgangi sínum, í þágu allra jarðarbúa.

Til hamingju  
með daginn!  
**félagar!**



Félag íslenskra atvinnuflugmanna hefur alla tíð staðið vörð um þá grundvallarhugsun að sömu laun skuli greiða fyrir sömu vinnu, óháð kynferði. Félagið hefur auk þess borið gæfu til þess að eiga viðsemjendur sem deila þessari jafnréttisstefnu.

Við fögnum því fjölgun kvenna í FÍA og sendum öllum konum hamingjuóskir í tilefni dagsins.

WILLIAM GOLDING (1911-1993), LÉST PENNAN DAG.

„Barnæskan er veiki-sjúkdómur sem eldist af þér.“

Breski rithöfundurinn William Golding byrjaði að skrifa þegar hann var sjö ára.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## AFMÆLI



Svanhvít Ólafsdóttir er nírað.

Össur Skarphéðinsson alþingismaður er 53 ára.



## ÚTFARIR

11.00 Hansína Vigdís Jónsdóttir, Bollagötu 16, Reykjavík, verður jarðsungen frá Fossvogskapellu.

13.30 Jón Marinó Jónsson klæðskeri, Mýrarvegi 113, Akureyri, verður jarðsungen frá Akureyrarkirkju.

## PETTA GERÐIST: 19. JÚNÍ 1953

### Rosenberg-hjónin tekin af lífi

Á þessum degi fyrir hófust réttarhöld yfir Rosenberg-hjónunum. Þau voru sökuð um að hafa njósnað í Bandaríkjunum og látið Sovétmönnum upplýsingar í té.

Julius og Ethel Rosenberg voru bæði verkfræðingar að mennt og félagar í bandaríska kommúnistaflokknum. Ötting við kommúnista var í algleymingu um þessar mundir og ofsóknir Josephs McCarthys, öldungardeildarþingmanns á hendur þeim sem hann grunaði að væru kommúnistar, að ná hámarki. Julius Rosenberg hafði verið rekinn úr starfi sínu hjá ríkinu vegna aðildar sinnar að kommúnistaflokknum.

Máður hans, David Greenglass, var vélamaður í Los Alamos þar sem Bandaríkjamenn hönnuðu fyrstu



JULIUS OG ETHEL ROSENBERG

kjarnorkusprengjuna. Hann hélt því fram að Julius hefði árið 1945 beðið sig um að smygla trúnaðarupplýsingum um sprengjuna til Sovétríkjanna. Einu haldbæru sönnunargögnum um málsaðild Rosenberg-hjónanna var játning Greenglass. Margir töldu að um pólitískar ofsóknir á hendur hjónunum væri að ræða enda var saksóknarinn, Roy Cohn, hjálparhella MacCarthys.

Réttarhöldin stóðu í mánuð og lyktaði með að Greenglass var dæmdur í fimmtán ára fangelsi, Gold í 30 ár en Rosenberg-hjónin voru dæmd til dauða fyrir njósnir og tekin af lífi hinn 19. júní 1953. Margir telja enn í dag að um pólitískt réttarmorð hafi verið að ræða en aðrir trúa að hjónin hafi verið njósnarar.

## MERKISATBURÐIR

- 1867 Maximilian Mexíkókeisari er skotin.
- 1870 Þrír Íslendingar leggja af stað til Kanada. Þetta er talið upphaf fólksflutninganna miklu frá Íslandi til Vesturheims.
- 1915 Kvenréttindadagurinn. Konur fá kosningarétt og kjörgengi, sem fyrst í stað miðast við 40 ára aldur.
- 1960 Keflavikurgangan gengin í fyrsta sinn.
- 1961 Kúvætar lýsa yfir sjálfstæði frá Bretum.
- 1976 Karl Gústaf Svíakonungur giftist Silvíu Sommerlath.
- 1987 Útvarphúsið í Efstaleti í Reykjavík er tekið í notkun eftir níu ár í byggingu.
- 1996 Fyrsta einkanúmerið, Ísland, er sett á bíl Árna Johnsen.



GEIRPRÚÐUR ALFREÐSDÓTTIR NÝR FLUGREKSTRARSTJÓRI LHG Framundan eru spennandi tímar hjá Landhelgisgæslunni því mikil uppbygging stendur þar fyrir dyrum. Geirprúður segist full tilhlökkunar að takast á við þau margvíslegu verkefni sem felast í uppbyggingunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

## GEIRPRÚÐUR ALFREÐSDÓTTIR: NÝR FLUGREKSTRARSTJÓRI LANDHELGISGÆSLUNNAR

# Sóttist eftir að koma í land

Samhliða breytingum á rekstri Landhelgisgæslunnar var Geirprúður Alfredsóttir ráðin flugrekstrarstjóri gæslunnar. Geirprúður er menntaður vélaverkfræðingur, flugmaður og lauk MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík í fyrra. Hún hefur starfað sem flugstjóri hjá Icelandair undanfarnir ár auk þess sem hún hefur verið formaður Rannsóknarnefndar flugslysa síðastliðin tvö ár.

„Mér líst mjög vel á þetta. Framundan eru spennandi tímar hjá Landhelgisgæslunni og mikil uppbygging,“ segir Geirprúður. Starfið gengur út á að hafa yfirumsjón með flugrekstrinum hjá Landhelgisgæslunni. „Þar með talið er umsjón með þjálfun allra áhafnameðlima, vinnuskipulagi, útbúnaði tækjakosts, útgáfu allra handbóka er snúa að flugrekstrinum og fleira. Einnig ber flugrekstrarstjóri ábyrgð á flugrekstrinum gagnvart Flugmálastjórn Íslands.“

Núna erum við að vinna í leigusamningum á tveimur nýjum þyrlum til að koma til móts við aukin verkefni Landhelgisgæslunnar. Samhliða því þarf að ráða nýja flugmenn, flugvirkja og fleiri starfsmenn.“ Til að byrja með snýr starfssvið Geirprúðar eingöngu að skipulagningu en þegar fram í sækir vonast hún einnig til að taka líka þátt í að fluginu sjálfu. „Það verður þó ekki til að byrja með vegna þess að ég sé ekki fram á að hafa tíma til að fara í þjálfunina strax.“

Að mati Geirprúðar er ekki hægt að bera saman flugreksturinn innan Landhelgisgæslunnar og rekstur hjá flugfélögum. „Hér erum við í leit og björgum ásamt því að sinna eftirlitshlutverki. Hjá flugfélögnum er verið að selja fólk farseöla sem er auðvitað gjörólíkur rekstur. Útköllin eru óútreiknanleg og þeim þarf oft að sinna án tafar, en í venjulegum flugrekstri er oftast hægt að skipuleggja langt fram í tímann.“

Aðspurð segist Geirprúður ekki geta sagt til um hvort meiri ábyrgð liggi á herðum hennar nú hjá Landhelgisgæslunni en í fyrra starfi hennar. „Ábyrgðin hérna er vissulega mikil en er í rauninni bara öðruvísi en áður. Mikil ábyrgð fylgir því að vera flugstjóri á 250 til 270 manna farþegavél og er ekki hægt að meta ábyrgðina meiri á öðrum hvorum staðnum. Ég tel að ekki sé hægt að setja mælistiku á ábyrgð.“

Geirprúður hlakkar til að fá að spreyta sig á starfinu og taka þátt í uppbyggingunni sem framundan er hjá Landhelgisgæslunni. Hún er einnig ánægð með þann kost starfsins sem gerir henni mögulegt að eyða meiri tíma heima hjá sér en hún er vön. „Flugstjórnarstarfið hjá Icelandair krefst þess að maður sé mjög mikið að heimani. Mér fannst þessi fjarvera vera of mikil frá börnum og heimili. Ég sóttist því eftir því að fara í land, eins og maður segir, að minnsta kosti í bili.“



KINDURNAR FRÁ KASHMIR Þessar kashmírsku kindur láta ekki fagra fjallasýnina trufla sig þar sem þær halda í sumarhaganum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Bærinn málaður bleikur

Í tilefni þess að 91 ár er liðið frá því að konur fengu kosningarétt standa nokkur félög að dagskrá í dag. Ætlunin er að mála bæinn bleikan og eru allir sem styðja jafnrétti í verki hvattir til að klæðast bleiku, bera eða gera eitt-hvað bleikt.

Dagskráin hefst í hátíðarsal aðalbyggingar Háskóla Íslands með fyrirlestri Önu Andersen stjarnaedlisfræðings. Fyrirlesturinn ber heitið Dularfullt hvarf kvenna úr vísindum - hvert hafa allar ungu konurnar farið? og hefst klukkan 15.30. Bóðið er upp á dagskrá um eftirmiðdaginn og kvöldið þar sem meðal annars verður farið í gönguferð um Kvosina og



KVENRÉTTINDADAGURINN Tæp öld er liðin frá því að konur fengu kosningarétt og verður ýmislegt í boði í höfuðborginni af því tilefni.

efnt til kvennamessu við Þvottalaugarnar í Laugardal. Kvenréttindafélag Íslands dreifir tímaritinu 19. júní og Femínistafélagið afhendir hvatningarverðlaun, Bleiku

steinana. Bleikir tónleikar verða í boði ungliðahóps Femínistafélagsins á Barnum, Laugavegi 22 og hefjast tónleikarnir klukkan 20.



+

Elskulegur faðir okkar,  
**Pétur Þorbjörnsson**  
skiptstjóri, Skúlagötu 20, Reykjavík,

sem lést 8. júní sl. á Landspítalanum við Hringbraut verður jarðsungen frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 19. júní kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Krabbameinsfélagið.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Fallegir legsteinar  
á góðu verði

**Englasteinar**

Helluhrauni 10 Hafnarfirði  
Sími: 565-2566  
[www.englasteinar.is](http://www.englasteinar.is)

Fróðleikur af gardur.is



Lögspekingur, ráðherra og fræðimaður:  
**Einar Arnórsson**

Einar Arnórsson var fæddur á Minna-Mosfelli í Grímsnesi 24. febr. 1880, sonur Arnórs bónda Jónss. og K.h. Guðrúnar Þorgilsd. Stúd. í Rvík 1901. Lögfr. frá Hafnarhásk. 1906. Yfirréttarmfr. 1907. Vann með Jóni Þork. að ritinu Ríkisréttindi Íslands. Kenn. við Lagask. 1908-11, próf. við lagad. Hl 1911-15 og 1917-32, rektor 1918-19 og 1929-30. Ráðherra Ísl. 1915-17, dóms- og menntamálaráðgr. 1942-44. Hæstar.dómari 11 ár. Alpm. Árn. 1914-19, Rv. 1931-32. Sat í sambandslagan. 1918-34. Skattstj. Rv. 1922-28. Vann að ranns. og afhendingu skjala úr ríkisskjalasafni Dana. Bæjarfr. í Rv. 1930-32. Heiðursfél. Bók.m.fél. 1919. 45 ár í stjórn Sögufél., forseti 1935-55, heiðursfél. 1917. Heiðursdoktor við H.l. 17. júní 1936. Afmælisrit helgað honum kom út 1940. Ritstj. Fjallkonunnar 1907, Mbl. 1919, Skírnis 1930, Blöndu, Tímar. lögfr. 1951-53 m.m. Merkur fræðim. í lögfr., réttarfarssögu og þjóðarétti; mikilvirkur í sagnfræði. Lézt 29. marz 1955. Reit sæg fræðigreina. Helztu rit: Ný lögfrl. formálabók, Ísl. kirkjuréttur, Réttarstaða Íslands. Ísl. þjóðfélagsfr. Þjóðréttarsamband Ísl. og Danm. (og dönsk þýð.). Þjóðabandalagið. Réttarsaga Alp. Ari fróði. Alp. og frelsisbaráttan 1845-74. Arnesþing á landnáms- og söguöld. Játningarit Ísl. kirkjunnar. - K.h. (1907): Sigríður Þorláksd. kaupm. Johnson. Áttu 5 dætur og einn son, Loga hæstaréttardómara.

Meira um hann á [gardur.is](http://gardur.is)

Hægt er að setja inn auðveldig lítaðna íslensku með því að hringja í síma 585 2700 eða á [gardur.is](http://gardur.is).

SAMSUNG

# Dyrnar

að þínum draumum



## Skápar til innbyggingar

### Rústfrítt stál og ál

SAMSUNG



**RS21KLSR - Stál**  
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm  
tvö kælikerfi og klakavél og kælt  
vatn. Sér kælihölf í skápnum  
til að afþýða eða hraðkæla.  
**299.900,-**



**RS21KLAL - Ál**  
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm  
tvö kælikerfi og klakavél og kælt  
vatn. Sér kælihölf í skápnum  
til að afþýða eða hraðkæla.  
**329.900,-**

**RS21KCSM**  
Lakkað Stál.  
Kælir og frystir  
176 x 91x 72 cm  
tvö kælikerfi og  
Klakavél og kælt  
vatn. Sér kælihölf í  
skápnum til að  
afþýða eða  
hraðkæla.  
**249.900,-**

## Stál, kámfrír

SAMSUNG

**RS21DASM**  
Lakkað Stál  
Kælir og frystir 176 x 91x  
72 cm tvö kælikerfi og  
klakavél og kælt vatn.  
**209.900,-**

SAMSUNG

## kæli- og frystiskápar



SAMSUNG

## Hvítir kæli- og frystiskápar



**RS21NASV Hvítt**  
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm  
tvö kælikerfi og LCD stjórnborð.  
**139.900,-**



**RS21DASV Hvítt**  
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö  
kælikerfi og klakavél og kælt vatn.  
**179.900,-**



**RS21FASV Hvítt**  
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö  
kælikerfi og klakavél og kælt vatn.  
**199.900,-**



**RS21KCSV Hvítt**  
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi  
og klakavél og kælt vatn. Sér kælihölf í  
skápnum til að afþýða eða hraðkæla.  
**229.900,-**

## Einfaldir kæli- og frystiskápar

SAMSUNG



**RL36EBSW Hvítur**  
182 cm á hæð kælir  
og frystir  
**69.990,-**



**RL39EBSM Stál lakkaður**  
192 cm á hæð kælir  
og frystir  
**89.990,-**



**RL39WBSW Hvítur**  
192 cm á hæð kælir og  
frystir og með vatns  
tank fyrir kalt vatn  
**89.990,-**



**RL39WBMS Stál lakkað**  
192 cm á hæð kælir og  
frystir og með vatns  
tank fyrir kalt vatn.  
**99.990,-**

## Umboðsmenn:

**Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og  
Eyjaradio Vestmannaeyjum.

**Vesturland:** Model Akranesi.

**Vestfirðir:** Pristur Ísafirði.

**Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar  
Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki,  
SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi  
og Verslunin Urð Raufarhöfn.

**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum,  
Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði,  
Beint í Mark Vopnafirði

**RÁÐIÓNAUST**  
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000



**ORMSSON**

**SMÁRALIND**  
Sími 530 2900  
**LÁGMÚLA 8**  
Sími 530 2800

Ný Ormsson verslun í Keflavík | Hafmargötu 25 | Sími 421 1535

# 2 Tvöfaldur pottur

# 120

I. vinningur

# +380

# 500 MILLJÓNIR

Bónus-  
vinningur  
**4**  
milljónir

# MILLJÓNIR Á LAUSU!

Potturinn stefnir í 120 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 380 milljónir og bónusvinningurinn í 4 milljónir.

Fáðu þér miða fyrir kl. 16 á miðvikudaginn eða taktu séns á að missa af þessu!

V Í K I N G A  
**LOTTO**

Alltaf á miðvikudögum!

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Áfram Ísland, nema hvað!

FREYR GÍGJA GUNNARSSON VARÐ ÓVÉNT ÞJÓÐARSTOLTINU AÐ BRÁÐ



Hjartað hamaðist í mér þegar bíllinn spændi upp Suðurlandsbrautina. Lagði honum í hæfilegri fjarlægð frá Laugardalshöllinni, ef við skyldum tapa gætu brotist út óeirðir. Þannig væri það alltaf í útlandinu. Ég var orðinn náhvítur af spenningsi og hann magnaðist jafnt og þétt eftir því sem ég nágaðist keppnisvöllinn. Hendurnar urðu þvalar, kaldur sviti spratt fram undir höndunum. Óskrin, bumbuslátturinn, fólkíð, hetjurnar, allt magnaði þetta upp einhverja óþekktu tilfinningu, ást á landinu bláa.

Svo hljómaði þjóðsöngurinn. Þetta blessaða lag sem hefur verið

gagnrýnt lengi fyrir að vera of erfið fyrir meðalmanninn sem aldrei hefur sungið í kór. „Þetta er bara fyrir einhverja söngmenntaðar listfígúru sem lært hafa erlendis,“ heyrði ég einhvern tímann sagt. Hetjurnar stóðu á miðju gólfinu og horfðu til himins, á fána landsins sem þeir ætluðu að berjast fyrir til síðustu stundar. Múgurinn stóð upp. Einhver byrjaði, annar tók undir og allt í einu sameinaðist hópurinn í lofsöng til landsins. Íslands þúsund ár! Á ögurstundu þjappaði þessi skari sig saman og blés hetjumóðnum í brjóst þeirra sem áttu að verja heiður þjóðarinnar.

Íslendingar er sagðir vera stolt þjóð. Við stærum okkur af fallegustu náttúrunni og konunum og karl-

arnir eru ótrúlega sterkir. Engu að síður finnst okkur hálf hallærislegt að hvetja íþróttamennina áfram, við syngjum varla með í þjóðsöngnum og rísum ekki upp á afturlappirnar þegar svindlað er á okkur.

Í Laugardalshöllinni á laugardaginn breyttist hins vegar landslagið. Þjóðin sá gult, litinn sem hefur verið henni þyrnir í augum lengi, og ákvað að láta hann finna til tevatnsins. Á augabragði breyttust saklausir fjölskylduféður, dagfarsprúðar húsmæður og ráðamenn á æðstu stöðum í brjáláður boltabullur sem þráðu ekkert heitar en að senda þá sænsku aftur heim með skottið á milli lappanna. Þá varð allt einu flott og töff að hrópa Ísland (klapp, klapp, klapp).

## myndasögur


### ■ Pondus




### ■ Gelgjan



### ■ Handan við hornið



### ■ Kjölturakkar



### ■ Barnalán





# VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

*tímarit*



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ  
Í ÁSKRIFT MEÐ  
**30% AFSLÆTTI**  
Á AÐEINS **489 KR.**  
EINTAKIÐ OG FÁÐU  
VEGLEGA GJÖF  
Í KAUPBÆTI



## GLÆNÝTT VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Birta Björnsdóttir fatahönnuður og Jón Páll listamaður í 100 ára gömlu húsi við Miðstræti
- Uppskrift af austurlensku partíjaldi og allt sem þig vantar til að gera garðinn frægan
- Rautt og bleikt þema
- Listrænt fúnkíshús við Vatnsenda
- Ofursvöl piparsveinaíbúð í 101 Reykjavík

## Íslenskan erfið í túlkun

Breska listakonan Claire Charnley hefur ferðast heimsálfanna á milli og sýnt gjörning sem ber yfirskriftina TALA. Að eigin sögn sækir hún efnivið verkensins í þær breytingar sem eiga sér stað þegar hlutir eru færðir úr einum menningarlegum aðstæðum í aðrar.

Claire er stödd hér á landi og sýnir hún verk sitt í Nýlistasafninu en sýningin opnaði á þjóðhátíðardaginn. „Þetta verk mitt er langtímaværkenni en ég hef áður sýnt það í Austur-Evrópu, Kína, Frakklandi, Ísrael, Mexíkó, Póllandi og Skotlandi. Það fjallar um menningarlega fátæði og er tilraun mín til að fást við yfirráð enskrar tungu í alheimssamfélagi nútímans. Ég reyni að túlka það sambland af valdi



CLAIRE CHARNLEY OG BRYNDÍS RAGNARSDÓTTIR

og fáfræði sem þeir sem hafa ensku að móðurmáli eru settir í nú á tímum.“ útskýrir Claire. „Ég vann þetta verk með Bryndísi Ragnarsdóttur listakonu, en hún hefur samið texta fyrir mig á íslensku sem ég les upp. Ég er algerlega óupplýst um innihaldið og skil auðvitað ekkert í íslensku. Það er hreyfing hluta eða fyrirbæra frá einu menningarsvæði yfir á annað sem er viðfang

mitt en þessi yfirfærsla getur oft gefið hlutunum nýjar merkingar, allt frá því að vera handahófskenndar út í að vera fátægar. Í þessu tilviki er ég viðfang þessarar yfirfærslu milli menningarsvæða“. Sýningin stendur yfir frá miðvikudegi til sunnudags frá 13.00-17.00 í Nýlistasafninu til 9. júlí.

### > Ekki missa af

fyrirlestri danska stjarneldisfræðingsins Anja Andersen á vegum Jafnréttisnefndar Háskóla Íslands og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum í hátíðarsal Aðalbyggingar Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn nefnir hún Dularfullt hvarf kvenna úr vísindum - hvert hafa allar ungu konurnar farið? Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku og hefst klukkan 15.30.

sýningu Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík sem ber yfirskriftina Magn er gæði en þar sýna 48 félagar postulínsverk. Sýningin er í Nýlistasafninu og stendur til 9. júlí.

Bleikum tónleikum Ungliðahóps Feministafélagsins á Barnum, Laugavegi 22, í tilefni dagsins.

## menning

menning@frettabladid.is

**Alveg briliant skilnaður**  
Einleikur  
Eddu Björgvinsdóttur um allt land.  
Sjallinn Akureyri  
22. og 23. júní  
Miðasala: Penninn Glerártorgi

Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

Landsbankinn

**allt**  
ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is

visir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

Anja Andersen er danskur stjerneðlisfræðingur og virt fræðikona á því sviði, en hún stundar vísindarannsóknir við Niels Bohr-stofnunina í Kaupmannahöfn. Hún hefur einnig beint sjónum sínum sérstaklega að konum innan vísindageirans en Anja heldur fyrirlestur á vegum jafnréttisnefndar Háskóla Íslands og Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum sem nefnist Dularfullt hvarf kvenna úr vísindum - hvert hafa allar ungu konurnar farið?

Spurð um ástæður fyrir skorti á konum hjá rannsóknarstofnunum, einkum innan raunvísinda- og tæknigeirans, segir Anja þær margar. „Það er ekki til nein einföld skýring á þessum skorti enda ef svo væri þá væri vandinn leystur. Í norrænum framhaldsskólum eru stelpur fleiri en strákar og fleiri konur en karlar eru í námi á háskólastigi. Eftir því sem lengra er komið á háskólastigið eftir meistaraþróf dregur hins vegar úr hlutfalli kvenna og sárafáar starfa innan akademíunnar, sérstaklega sem prófessorar.“ Anja segir það erfiðleikum háð að brjótast gegnum glerþakið en konur komist síður í æðstu stöður þjóðfélagsins. „Ekki svo að skilja að karlar vilji ekki sjá konur í ábyrgðar- eða stjórnunarstöðum heldur virðist mega rekja ástæðuna til þess að þegar kemur að ráðningum í slíkar stöður, sækir líkur líkan heim. Bæði kynin hafa einfaldlega tilhneigingu til að ráða til sín einstakling af sama kyni og þar eð karlmenn verma oftast efstu sætin í samfélaginu ráða þeir til sín aðra karlmenn.“

### Danmörk stendur sig verst

Þó þetta eigi við flest öll starfsvið er tilhneigingin í þessa átt oft meira áberandi innan raunvísinda, að sögn Anja. „Engar vísindingar gefa þó til kynna að konur séu síður vitsmunalega færar til að stefna á starfsframa innan raunvísinda þó margur vilji halda hinu gagnstæða fram. Innan vísindastofnunarinnar sem ég starfa við eru aðeins fimm konur en hlutfallið þeirra er tvö prósent af starfsfólki á meðan hlutfall stúdína við stofnunina er 25 prósent. Þetta er sami fjöldi kvenna og vann við stofnunina árið 1970 sem er hreint ótrúlegt, miðað við þá bjartsýni sem einkennt hefur síðustu áratugi um aukin hlut kvenna í rannsóknarstörfum.“

Anja segir nýlega könnun sýna að Danmörk standi sig verst af öllum Norðurlöndunum hvað hlutfall kvenna innan rannsóknarstarfa á raunvísindasviði varðar. „Margar samstarfskonur mínar innan vísindageirans sem koma annars staðar frá en Norðurlöndunum, hafa löngum skellt skuldinni á skort á dagvistunarplássu eða bággt fæðingarorlof og halda því fram að ef hin félagslega umgjörð væri ámóta og okkar væru þeim allir vegir færir. Sam-



## Vantar konur í

kvæmt niðurstöðum könnunarinnar virðist töfralausinn því ekki endilega fólgin í úrræðum velferðarkerfisins þótt telja mætti.“

### Þarf að skapa vinalegra umhverfi

**ANDLIT BURGER KING** Þýski landsliðsmarkvörðurinn er andlit Burger King þessa dagana og víða í Þýskalandi má sjá Kahn með hamborgara í munnum. Ekki fer neinum sögum af því hvort þessi auglýsingaherferð hefur stórukið sölutölur hjá hamborgararisanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

bókstaflega allt um fótbolta ...eða ætti ég að segja billjón króna iðnaðinn, sem hann reyndar er orðinn?

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

**TUCSON**

**2.0L bsk. 142. hö**  
**Kr. 28.233 á mánuði**

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggisþúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki

Með bíllinn handa þér

Allir sem reynsluaka Hyundai geta unnið glæsilega vinninga í Stóra HM leiknum. Nánari upplýsingar á [www.storihmleikurinn.is](http://www.storihmleikurinn.is)

**HYUNDAI** hefur gæðin

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 [www.bl.is](http://www.bl.is)

Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfalgum.  
\* Blásamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



Í KVÖLD KL. 19:00

# SPÁNN TÚNIS

Í DAG KL. 13:00

TOGO SVISS

Í DAG KL. 16:00

SÁDI-ARABÍA ÚKRAÍNA



2006  
4-4-2 ALLA LEIKDAGA KL. 21:00



SYN  
besta sætið

Sven-Göran Eriksson mun gera breytingar á liði sínu fyrir lokaleikinn gegn Svíum:

## Rooney í framlínunni með Owen

**FÓTBOLTI** Sven-Göran Eriksson mun að öllum líkindum gera þrjár breytingar á byrjunarliði sínu fyrir leikinn gegn Svíum á morgun frá því í leiknum gegn Trínídad og Tóbagó. Líklegt er að allir leikmenn Liverpool í þeim leik byrji á bekknum.

Gary Neville kemur inn í liðið fyrir Jamie Carragher, Owen Hargreaves fyrir Steven Gerrard og Wayne Rooney fyrir Peter Crouch. Gerrard og Crouch skoruðu mörkin sem tryggðu Englandi sigur í leiknum gegn Trínídad.

Hargreaves er talinn líklegastur til að taka stöðu Gerrards en Michael Carrick kemur einnig til greina. Bæði Lampard og Gerrard, auk Crouch, hafa fengið gult



Í FULLU FJÖRI Wayne Rooney er í góðu formi og stóð sig vel eftir að hann kom inn á sem varamaður í leiknum gegn Trínídad.

NORDICPHOTOS/AFP

spjald og lenda því í leikbanni fái þeir annað spjald.

„Ef við þyrftum að vinna til að komast áfram myndi ég líklega hafa alla þrjá í byrjunarliðinu, en við þurfum þess ekki. Líklega er því að ég muni hvíla einn eða tvo,“ sagði Eriksson sem mun að öllum líkindum byrja með Rooney frammi með Michael Owen.

„Wayne lítur vel út. Ég talaði við hann og læknana og hann kenndi sér einskis mein eftir leikinn gegn Trínídad. Hann segir að hann sé tilbúinn til að spila í 90 mínútur en ég er ekki viss, ég verð að tala við læknana. Ef hann er tilbúinn til að spila í það minnsta í klukkutíma mun hann byrja leikinn en liðið er allt annað með Rooney innanborðs,“ sagði Eriksson.

- hþ

Svíar eru gríðarlega svekktir með niðurstöðuna úr einvíginu við Ísland:

## Sænskur handbolti á tímamótum í annað sinn á tveimur árum

**HANDBOLTI** Svekkelsi Svía leyndi sér ekki í Laugardalshöllinni á laugardag enda er þetta í fyrsta sinn síðan 1938 sem þessi mikla handboltapjód missir af heimsmeistarakeppni. Sænskur handbolti stendur á tímamótum um þessar mundir þar sem Svíar taka ekki þátt á HM, eiga litla von um sæti á ÓL 2008 og nokkrir lykilmennt liðsins eru á síðasta snúningi. Handbolti Svía hefur því ekki staðið jafn illa í áratugi og hefur í raun náð botninum að mati marga Svía og nú er kominn tími á nýja uppbyggingu.

Stefan Lövgren fyrirliði og markverðirnir Tomas Svensson og Peter Gentzel eru allir að þuga að leggja landsliðsskóna á hilluna og hleypa yngri mönnum að enda er langt í að Svíar spili aftur á stórmóti. EM í Noregi 2008 er þeirra besti möguleiki. Lövgren er 36 ára en markvarðafarið er á sama aldri eða 38 ára. Ljubomir Vranjes er ekki á sömu skoðun og er harðákveðinn í því að spila áfram með landsliðinu.

Það var árið 2004 sem sænskur handbolti stóð einnig á tímamótum en þá lét hinn goðsagnakenndi Bengt Johansson af þjálfun landsliðsins og kempur á borð við Wislander og Staffan Olsson hættu að leika með liðinu. Þetta magnaða lið var á toppi handboltaheimsins í rúman áratug og vann allt nema ólympíugull. Nú eru svo sannarlega breyttir tímar hjá Svíum í dag og í raun er sænskur handbolti aftur á tímamótum.

Endurnýjunin hefur ekki gengið sem skyldi undir stjórn Ingemars Linnéll og afrekaskrá hans er vægast sagt bágborin. Svíar enduðu í 11. sæti á HM í Túnis, töpuðu fyrir Pólverjum í umspili fyrir EM í Sviss og svo núna fyrir Íslandi í umspili um sæti á HM í Þýskalandi. Þetta er árangur sem Svíar eiga erfitt með að sætta sig við eftir að hafa verið orðnir mjög góðu vanir.



LINNÉLL BÚINN AÐ VERA? Ingemar Linnéll hefur náð hörmulegum árangri með sænska handboltalandsliðið frá því hann tók við af Bengt Johansson. Hann verður líklega rekinn áður en mánuðurinn er liðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Sænska handknattleikssambandið getur sagt upp samningi sínum við Linnéll til 30. júní og gamla kempun Magnus Wislander er á meðal þeirra sem vilja sjá Linnéll hverfa á braut. Sjálfur sagði Linnéll lítið annað við sænska

fjölmiðla eftir leikinn gegn Íslandi en að hann væri að hugsa sinn gang. Sænskir handknattleiksstuðningsmenn eru flestir búnir að missa þolinmæðina gagnvart Linnéll og má mikið vera ef hann heldur starfi sínu.

- hþ

Opna bandaríska meistaramótið í golfi fór fram um helgina á Winged Foot:

## Tiger Woods olli miklum vonbrigðum

**GOLF** Tiger Woods olli mestum vonbrigðum á Opna Bandaríska meistaramótinu sem fram fór um helgina. Woods var mjög ryðgaður og féll úr leik eftir tvo keppisdaga en honum til varnar er þetta fyrsta mótið sem hann keppti á í nýu vikur, og einnig það fyrsta eftir að Earl faðir hans lést þann 3. maí síðastliðinn.

„Venjulega eru flatirnar á opna Bandaríska mótinu mjög hraðar en þessar eru hæðóttar og hæggar. Ég byrjaði mjög illa og það gekk lítið upp hjá mér, ég var ekki að hitta brautirnar í upphafshöggnum og heldur ekki flatirnar í réttum fjölda högga,“ sagði Woods en þetta er í fyrsta sinn síðan hann gerðist atvinnukylfingur sem hann kemst ekki í gegnum niðurskurð á stórmóti.



FERRIE Spilar vel núna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Það voru þeir Kenneth Ferrie og Phil Mickelson sem voru efstir fyrir lokadaginn og léku því saman í síðasta ráshóp. Mótinu var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Eng-

lendingurinn Ferrie var í forystu allan þriðja daginn þar til hann fékk skolla undir lokin og var því jafn Mickelson, einu höggi á undan Geoff Ogilvy.

Ferrie er lítt þekktur kylfingur sem hefur aldrei verið nálægt því að vinna til verðlauna á stórmóti. Hann var í stökustu vandræðum með að finna sér kylfusvein fyrir mótið þar sem sá sem venjulega ber fyrir hann kylfurnar fór til Þýskalands til að horfa á enska landsliðið á HM. „Ég held að það muni hjálpa mér að það er engin pressa á mér, hún er öll á andstæðingum mínum. Ég hef þó fulla trú á mér sjálfum og ef ég held áfram að leika jafn vel og ég hef gert um helgina á ég möguleika á sigri,“ sagði Ferrie fyrir lokahringinn.

- hþ

Ástralar voru klaufar gegn heimsmeisturum Brasilíu:

# Sambalausir Brasilíumenn komnir í sextán liða úrslitin

**FÓTBOLTI** Það er lítill meistarabragur á leik Brasilíu á HM en þrátt fyrir það er liðið búið að vinna báða leiki sína á mótinu, ekki fengið á sig mark og er komið í sextán liða úrslit. Þó það vanti sambataktana í liði sýna úrslit síðustu leikja hversu ógnarsterkt liðið er og finni Brasilíumenn sambataktinn sinn mega andstæðingarnir fara að vara sig.

Sigurinn á Áströlum var ekki sannfærandi en Ástralur fengu verulega góð færi til að jafna leikinn í stöðunni 1-0 og besta færið fékk Liverpoolmaðurinn Harry



**SLAKUR** Ronaldo gat ekkert annan leikinn í röð og var tekinn af velli. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**SÍÐASTI LEIKURINN?** Það var ekki hátt risið á Zinedine Zidane eftir leikinn og hann leit ekki einu sinni á þjálfaran Raymond Domenech er hann var tekinn af velli. Zidane fékk gult spjald í leiknum og er því í banni gegn Tógó. Frakkar eru ekki öruggir áfram og því var þetta kannski síðasti leikur Zidane. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Jafnt í leik Frakka og Kóreu:

## Frakkar í vöndum málum

**FÓTBOLTI** Vandræðagangur Frakka í heimsmeistarakeppninni hélt áfram í gær. Þá mættu þeir spræku liði Suður-Kóreu og urðu að sætta sig við jafntefli, 1-1. Góðu fréttirnar voru þó þær að Frökkum tókst að skora en þeir náðu ekki að skora mark í síðustu keppni og margir Frakkar voru farnir að óttast álíka niðurlægingu á þessu móti.

Henry skoraði fyrir Frakka í fyrri hálfleik en Park jafnaði tíu mínútum fyrir leikslok. Frakkar reyndu hvað þeir gátu til að jafna það sem eftir lifði en það var of lítið og of seint.

Það var þungt hljóði í franska hópnum eftir leikinn og ekki er laust við að örlítil örvænting sé farin að gera vart við sig hjá liðinu enda lítur það ekki út fyrir að geta gert stóra hluti á þessu móti miðað við spilamennskuna það sem af er.



**LEIKMENN TÓGÓ** Fagna hér marki sínu í 2-1 tapleik gegn Suður-Kóreu en þeir eiga í hördum deilum þessa dagana. NORDICPHOTOS/AFP

Leikmenn Tógó eru að gera allt vitlaust á HM:

## Ætluðu ekki að spila gegn Svisslendium

**FÓTBOLTI** FIFA þurfti að hafa afskipti af leikmönnum Tógó sem ætluðu sér ekki að mæta í leikinn gegn Sviss í G-riðli HM í dag. Leikmenn liðsins eiga í deilum við knattspyrnusamband landsins vegna greiðslu fyrir að spila á mótinu og á meðan deilan stendur gátu þeir ekki hugsað sér að spila. „Þeir vildu ekki spila leikinn,“ sagði talsmaður FIFA sem talaði leikmenn Tógó til í gær.

„Við tjáðum þeim að ef þeir mættu ekki hefði það mikil áhrif og þeim var tjáð hversu óraun-sæir og ósanngjarnir þeir voru,“ bætti talsmaðurinn við en leikmenn Tógó fóru ekki úr æfingabúðum sínum í tæka tíð gær og misstu því af flugi sínu til Dortmund þar sem leikurinn fer fram í dag. Eftir miklar umræður ákváðu þeir loksins að fara og nældu sér í flug á síðustu stundu.

„Við erum í rútnunni núna,“ sagði Otto Pfister í sínaviðtali í gær en bætti við að hann hefði

ekki hugmynd um hvort deilan hefði leyst og að hann hefði ekki áhuga á því að vita það. Pfister sjálfur hætti rétt fyrir fyrsta leikinn gegn Suður-Kóreu, en hætti síðan við að hætta á síðustu stundu. Það er því greinilega ekki tekið með sældinni að fara með Tógó á HM í Þýskalandi.

Leikmenn frá þessu smárikki í Afríku heimtuðu 155.000 evrur hver fyrir að spila á mótinu frá knattspyrnusambandi Tógó, 30.000 evrur fyrir sigur og helming þess fyrir jafntefli. Forráðamenn knattspyrnusambandsins sögðu þó að þessar upphæðir væru alltof háar en meðaltækjur í Tógó eru undir 800 evrum á mánuði.

Aldrei hefur það gerst að lið sem komist hefur í lokakeppni HM hafi ekki mætt í leik í 76 ára langri sögu HM, en það stóð tæpt í þetta sinn. Þjóð sem gerir það á yfir höfði sér háa fjársekt og líklega útilokun frá næstu heimsmeistarakeppni. - hph



**KOMINN Á BLAÐ** Adriano kom Brasilíu á bragðið og fagnar hér marki sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Kewell er hann stóð einn fyrir framan opið markið en tókst á einhvern ótrúlegan hátt að skjóta boltanum yfir markið.

„Við erum ánægðir með að vera komnir áfram og sigurinn var verðskuldaður,“ sagði Carlos Alberto Pereira, þjálfari Brasilíu. „Ástralur sköpuðu okkur viss vandræði um tíma en í heildina voru fleiri jákvæðir en neikvæðir hlutir í gangi hjá okkur.“

Hollendingurinn Guus Hidd-

ink, þjálfari Ástrala, segir Brasilíu þurfa að bæta leik sinn ætli liðið sér meistaratitilinn. „Brasilía er ekki upp á sitt besta og var í miklum vandræðum í seinni hálfleik. Þeir spila ekki eins og heimsmeistarar en eru samt að braggast. Annars er ég stoltur af mínu liði því það gaf allt og með smá heppni hefðum við getað nælt í stig. Mórallinn er góður og við eigum enn möguleika. Þetta er ekki búið,“ sagði Hiddink. - hbg

Ismael Bhamjee:

## Rekinn heim með skömm

**FÓTBOLTI** Háttsettur meðlimur innan FIFA, Ismael Bhamjee frá Botswana, var sendur heim frá Þýskalandi í gær eftir að upp komst um miðbrask hans. Bhamjee seldi miða á völinn í Þýskalandi á þrefalt herra verði en hann átti að gera og hirti mismuninn sjálfur.

„Ég er virkilega vonsvikinn með þetta, svona mál gerir mig brjálaðan,“ sagði Sepp Blatter, forseti FIFA, en það var blaðamaður frá Englandi sem sýndi fram á sönnunargögn um málið.

„Ég sé mjög mikið eftir þessu og bið FIFA og alla hluteigandi afsökunar,“ sagði í yfirlýsingu frá Bhamjee sem seldi miðana á leik Englands og Trínidad á 380 evrur, en venjulegt verð á leikinn var 127 evrur. - hph



### F-riðill:

JAPAN-KRÓATÍA	0-0
BRASILÍA-ÁSTRALÍA	2-0
1-0 Adriano (49.), 2-0 Fred (90.)	

### STADAN

BRASILÍA	2	2	0	0	3-0	6
ÁSTRALÍA	2	1	0	1	3-3	3
KRÓATÍA	2	0	1	1	0-1	1
JAPAN	2	0	1	1	1-3	1

### G-riðill:

FRAKKLAND-SUÐUR-KÓREA	1-1
1-0 Thierry Henry (9.), 1-1 Ji-Sung Park (81.)	

### STADAN

SUÐUR-KÓREA	2	1	1	0	3-2	4
FRAKKLAND	2	0	2	0	1-1	2
SVISS	1	0	1	0	0-0	1
TÓGÓ	1	0	0	1	1-2	0

Á morgun mætast Tógó og Sviss kl. 13, Sádi-Arabía gegn Úkraínu er kl. 15 og um kvöldið mætast Spánn og Túnis.

# RENAULT

\*VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM\*

www.renault.is

<p><b>Renault Kangoo</b> Verð frá kr. 1.540.000 Verð frá kr. 1.236.947 án vsk Fjármögnunarleiga kr. 23.297 Fjármögnunarleiga kr. 18.712 án vsk.</p>	<p><b>Renault Trafic dci100 dísel</b> Verð frá kr. 2.330.000 Verð frá kr. 1.871.485 án vsk Fjármögnunarleiga kr. 35.248 Fjármögnunarleiga kr. 28.311 án vsk.</p>	<p><b>Renault Master</b> Verð frá kr. 2.640.000 Verð frá kr. 2.120.048 án vsk. Fjármögnunarleiga kr. 39.966 Fjármögnunarleiga kr. 32.102 án vsk.</p>
---	--	--

\* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Með bílinn handa þér

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Modern cars - they all look like electric shavers.“

Svar: Marv úr kvikmyndinni Sin City árið 2005.

# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ DENZEL PLAFFA NIÐUR MANN OG ANNAN

### Hefndarengill í stuði

Kvikmyndin Man on Fire með Denzel Washington í aðahlutverki var nýverið á dagskrá Bíóráðsinnar á besta tíma, eða um klukkan tíu um kvöld.

Oftast eru góðu myndirnar sýndar á vonlausum tímum á Bíóráðsinni til að skyggja ekki á kvölddagskrá Stöðvar 2 en sú var ekki raunin í þetta skiptið, sem betur fer.

Denzel klikkar oftast ekki og stóð hann fyllilega undir væntingum í Man on Fire. Fór hann þar með hlutverk fyrriherandi hermanna sem gerist lífvörður ungrar stúlku í Mexíkó. Eftir að henni er rænt fyrir framan nefið á honum tekur hann til sinna ráða og byrjar að plaffa niður alla þá sem komu nálægt glæpnum.

Hefndarmyndir sem þessar hafa alla tíð verið í miklu uppáhaldi hjá mér. Hugmyndin um að menn fái makaleg málagjöld fyrir að hafa verið svo vitlausir að stygja aðalpersónuna hefur í gegnum tíðina laðað mig að myndum á borð við The Punisher, Kill Bill, Payback, The Unforgiven og jafnvel fyrstu Zorró-myndinni. Man on Fire bætist nú í þann hóp, sælla minninga.

Oftast hafa aðalpersónurnar engu að tapa, rétt eins og Denzel sem



Í HEFNDARHUG Denzel Washington var í hefndarhug í myndinni Man on Fire. misst hafði fjölskyldu sína. Loksins þegar hann var tilbúinn til að mynda tengsl á nýjan leik við ungu stúlkuna var henni svipt í burtu og það kunní minn maður ekki að meta.

20.05  
Hestar  
KÓNGUR UM STUND

21.45  
Heimild  
LEYNDARDÓMUR STONEHENGE

21.00  
Drama  
FALCON BEACH

21.30  
Drama  
SOUTH BEACH

21.10  
skýringar  
60 MINUTES

#### sjónvarpið

#### 21

#### SIRKUS TV

#### SKJÁREINN

#### NFS

16.40 Helgarsportíð 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Alda og Bára (6:26) 18.06 Bú! (18:26) 18.16 Lubbi læknir (16:52)

6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Veggfóður 12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 13.05 Home Improvement 13.30 Oliver Bee 13.55 13 Going On 30 15.30 You Are What You Eat 16.00 Skrímslaspilið 16.20 Ginger segir frá 16.40 Smá skrítnir foreldrar 17.02 Bold and the Beautiful 17.22 Neighbours 17.47 The Simpsons 18.12 Íþróttfréttir

18.10 Byrjaðu aldrei að reykja

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e)

7.00 Ísland í bitíð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegis 11.40 Brot úr dagskrá

18.30 Vistaskipti (4:26) (Foreign Exchange) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós

18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag 19.40 Strákarnir

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag 19.30 Friends (23:23)

15.40 Courting Alex (e) 16.10 One Tree Hill (e) 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

12.00 Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttfréttir / Veðurfréttir / Leiðarar dagblaða / Hádegisfréttir - fréttaviðtal. 13.00 Sportið 14.00 Fréttavaktin eftir hádegis 17.00 Fréttir 18.00 Íþróttir og veður

► 20.05 Kóngur um stund (2:12) Hestamenn eru þekktir fyrir að vera lífsglatt og uppátækjasamt fólk – og við fáum að kynnastr mörgum þeirra, landspekktum sem lítt þekktum.

20.05 Grey's Anatomy (32:36) (Læknalíf) Rómantíkin blómstrar hjá skurðlækninum á Grace sjúkrahúsinu í Seattle.

20.30 Jake in Progress (5:13) (Sign Language) Bandarískur grínþáttur um ung- og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York.

► 21.30 South Beach Æskuvínina Matt og Vince dreymir um bjartari framtíð og flytja frá Brooklyn til sólríkra stranda í South Beach þar sem ríka fólkíð leikur sér.

18.30 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir 19.00 Ísland í dag 19.40 Hrafnáping e 20.00 Fréttayfirlit 20.10 Brot úr fréttavakt 21.00 Fréttir ► 21.10 60 Minutes 22.00 Fréttir Fréttir og veður 22.30 Hrafnáping e

20.40 Svona var það (That 70's Show) 21.05 Júdasarguðspjallið (The Lost Gospel of Judas) Ný bresk heimildamynd um Júdasarguðspjallið þar sem samskipti Jesú og Júdasar eru séð frá nýju sjónarhorni.

► 21.45 Leyndardómur Stonehedge (Who Built Stonehedge) Einkar áhugaverð heimildamynd um leyndardóma Stonehedge, þessa ævafornu minja, sem svo sáralítið er vitað um.

► 21.00 Falcon Beach (3:27) (Chemistry Lesson) Falcon Beach er sumarleyfisstaður af bestu gerð. Þangað fer fólk til að slappa af og skemmta sér í sumarfríinu sínu enda snýst allt þar um sumar og frelsi.

22.30 C.S.I. CSI er frumleg og óvenjuleg glæpaþáttaröð þar sem persónurnar nota tæknilegar meinafræðirannsóknir til rannsókna á sönnunargögnum sem sanna eiga glæpi af ýmsu tagi.

22.00 Tíufréttir

22.40 Ganga stjörnurnar aftur? (Dead Famous) Ganga stjörnurnar aftur? Er hægt að ná sambandi við Marilyn Monroe, Jim Morrison, John Wayne og John Lennon?

21.50 Sailesh á Íslandi Dávaldurinn Sailesh hefur svo sannarlega slegið í gegn á Íslandi. Hefur hann fyllt hverja sýninguna á eftir annarri hér á landi. Bönnuð börnum.

22.25 Lífsháskí (46:49) B. börnum. 23.10 Út og suður 23.35 Kastljós 0.00 Dagskrárlök

23.25 Prison Break (19:22) (B. börnum) 0.10 Medium (13:22) (B. börnum) 0.50 Point of Origin (Str. b. börnum) 2.15 Possession 3.55 Sex and Bullets 5.20 Fréttir og Ísland í dag 6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

23.05 Smallville (5:22) (e) 23.55 Sirkus RVK (e) 0.25 Friends (23:23) (e)

23.25 Jay Leno 0.10 Boston Legal (e) 1.05 Beverly Hills (e) 1.50 Melrose Place (e) 2.35 Östövandi tónlist

23.00 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþróttir

#### STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Les triplettes de Belleville 8.00 Two Weeks Notice 10.00 Kissed by an Angel 12.00 Lost in Translation 14.00 Les triplettes de Belleville 16.00 Two Weeks Notice 18.00 Kissed by an Angel 20.00 Lost in Translation Bob Harris, bandarískur leikari, er staddur í Tókýó til að leika í auglýsingu. Charlotte er líka í borginni í för með eiginmanni sínum sem er ljósmyndari. Bob og Charlotte hittast fyrir tilviljun og með þeim tekst sérstök vin-

átta. Aðahlutverk: Bill Murray, Scarlett Johansson. Leikstjóri: Sofia Coppola. 22.00 The Final Cut Áhugaverð og spennandi vísindaskáldsaga sem gerist í framtíðinni, þegar yfirvöld hafa náð völdum yfir minni fólk og upplifun þess á fortíðinni með nýri minnisgræðslutækni. 0.00 Cubbyhouse (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Jane Doe (Str. b. börnum) 4.00 The Final Cut (B. börnum)

#### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

#### E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend 13.00 THS Simon Cowell 14.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 15.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 16.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 17.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 18.00 E! News Weekend 19.00 THS The Hilton Sisters 21.00 Sexiest 22.00 Dr. 90210 23.00 Wild On Tara 23.30 Wild On Tara 0.00 THS The Hilton Sisters 2.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns

#### AKSJÓN

Fréttabútturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



ALLA LEIKDAGA  
KL. 21:00

# 4-4-2



SYN  
besta sætið

**VIÐ MÆLUM MEÐ ...**

Júdasarguðspjallið

Sjónvarpið kl. 21.05

**Júdas í nýju ljósi**

Júdasarguðspjallið, The Lost Gospel of Judas, er ný heimildamynd um samnefnt guðspjall sem aðeins er til í einu eintaki og fannst í fornu handriti ásamt fleiri helgitextum fyrir stuttu. Í Júdasarguðspjallinu eru samskipti Jesú og Júdasar séð frá öðru sjónarhorni og ljósi varpað á lærisveininn sem sveik Jesú. Í guðspjöllunum fjórum sem kennd eru við þá Mattheus, Markús, Lúkas og Jóhannes er Júdas útmálaður svikari en öðru gegnir í þessu nýfundna guðspjalli. Þar er Júdas sagður hafa gert það fyrir orð Jesú að selja hann í hendur yfirvalda.



**HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í SPILIN**



**Hilmar Björnsson**

■ **G-riðill**

Tógó - Sviss kl. 13

2-1

Tógó kemur á óvart. Þeir lenda undir í fyrri hálfleik en skora tvö mörk í restina og leggja Sviss 2-1.

■ **H-riðill**

Sádi-Arabía - Úkraína kl. 16

0-2

Eftir tap gegn Spáni þá skorar Shevchenko tvö mörk með skalla og tryggir liði sínu öruggan sigur.

■ **H-riðill**

Spánn - Túnis kl. 19

4-0

Spánverjarnir halda sýningunni áfram og klára Túnis auðveldlega 4-0. Raul með þrennu í síðari hálfleik.



▶ 18.50

HM 2006

SPÁNN - TÚNIS



6.15 HM 2006 8.00 HM 2006 9.45 HM 2006 11.30 4 4 2

12.30 HM stúdíó 12.50 HM 2006 15.00 HM stúdíó 15.50 HM 2006 18.00 HM stúdíó

▶ 18.50 HM 2006 (Spánn - Túnis) Bein útsending frá leik Spánnar og Túnis í H-riðli á HM í Þýskalandi. Pressan er á Spánverjum og lið Túnis hefur allt að vinna í þessum leik.

21.00 4 4 2 (4 4 2) HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J. og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausti eru íþróttafréttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar. Fjallað er um nánast allt milli himins og jarðar sem tengist keppninni og knattspyrnulífinni.

22.00 HM 2006 (Tógó - Sviss) Upptaka frá leik Tógó og Sviss í G-riðli á HM 2006.

23.45 HM 2006 1.30 HM 2006

**RÁS 1** FM 92,4/93,5



6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfregin 10.13 Stefnuát 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.20 Hádegisfréttir 13.00 Vít og breitt 14.03 Útvarpssagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Bí bí segir Stína 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Litla

flugan 19.40 Laufskálinn 20.20 Kvöldtónar 21.00 Framtíð ljóðræðis 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar 23.00 Á slóðum Mozarts

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

**RÁS 2** FM 90,1/99,9



6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútvarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútvarpið 18.24 Auglýsingar 18.25

Spegillinn 19.30 Á völlum 22.10 Uppruni tegundanna 0.10 Popp og ról 1.10 Glefsur

**BYLGJAN** FM 98,9



7.00 Ísland í bituð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

**AÐRAR STÖÐVAR**



FM 90,9 TALSTÖÐIN  
FM 99,4 ÚTVARP SAGA  
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp  
FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni  
FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristlegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bituð í bænum  
FM 88,5 XA-Ríó / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SUMARHÚSAEIGENDUR - FELLIHÝSAEIGENDUR ATH! NÚ STANDA YFIR  
**DÝNNUDAGAR!!!**

**HEILSURÚM**  
með tvöföldu fjaðrakerfi

Verð frá: kr. 29.520

**20%**  
Afsláttur



Stærðir:  
70 x 200 cm.  
80 x 200 cm.  
90 x 200 cm.  
100 x 200 cm.  
120 x 200 cm.  
140 x 200 cm.  
160 x 200 cm.  
180 x 200 cm.

**YFIRDÝNUR** gera rúmið þitt notalegra

**20%**  
Afsláttur



**EGGJABAKKADÝNUR**  
Verma og mýkja

Allar stærðir

**30%**  
Afsláttur



**SPRINGDÝNUR**

Verð frá: kr. 9.520

**20%**  
Afsláttur

Stærðir: 70 x 200 cm. 120 x 200 cm.  
80 x 200 cm. 140 x 200 cm.  
90 x 200 cm. 160 x 200 cm.  
100 x 200 cm. 180 x 200 cm.



**SÉRSKORINN SVAMPUR**

**20%**  
Afsláttur



**SVAMPDÝNUR EFTIR MÁLI**

**20%**  
Afsláttur



**KODDAR OG SÆNGUR**

**20%**  
Afsláttur



**SVEFNSÓFAR**

**20-40%**  
Afsláttur

ÞAR SEM FAGMENNSKA OG FJÖLBREYTNÍ FARA SAMAN

Opíð virka daga 10-18 og laugardaga 11-15

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, s: 471 2954





## HRÓSIÐ

...fær Hugleikur Dagsson fyrir að vera valinn leikskáld ársins á Grímunni og sýna að svartur á húmor á upp á pallborðið hjá Íslendingum.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT:**  
2 kornstrá 6 kyrrð 8 kvikmyndahús 9 margsinnis 11 tölvuverslun 12 gnæfa yfir 14 helgimyndir 16 rás 17 kaðall 18 fát 20 ónefndur 21 auma.

**LÓÐRÉTT:**  
1 krass 3 í röð 4 land 5 form 7 ljótur 10 stal 13 nytsemi 15 arða 16 þjálfar 19 sælgæti.

**LAUSN:**  
16 æfa, 19 mm.  
**LÓÐRÉTT:** 1 krot, 3 áb, 4 líbanon, 5 mót, 7 ófrjó, 10 tók, 13 not, 15 agna, 18 fúm, 20 nn, 21 arma.  
**LÁRÉTT:** 2 hálm, 6 ró, 8 bíó, 9 oft, 11

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Framtíðarlandið
- 1 Xanama Gusmao
- 1 Ólafur Stefánsson

Upplýsingar í síma 590 2525  
Textavarp: Stöð 2 • 150-153  
RÚV • 281, 283 og 284

**Vinningsstóur laugardaginn 17.6.2006**

20 24 27 31 38

Prefaldur 1. vinningur nk. laugardag

Bónustala 17

**Jóker** 2 9 4 5 8

Fyrsti vinningur gekk ekki út.

**VÍKINGA LOTTO** Alltaf á miðvikudögum

Vinningsstóur miðvikudaginn 14.6.2006

**Áðaltölur** 7 16 19 27 36 48

Bónustölur Ófurla 34 38 9

Tvöfaldur 1. vinningur nk. miðvikudag

**Jóker** 1 9 9 8 6

Fyrsti vinningur gekk ekki út.

Bítt með kynsláttum um prentbreytingu

## SÉRFRÆÐINGURINN BJARNI FELIXSON OG BESTA HM-KEPPNI ALLRA TÍMA

# Danir unnu hug og hjörtu allra í Mexíkó

Bjarni Felixson íþróttfréttamaður hefur fylgst náið með heimsmeistarakeppni í fótbolta um árinn. Hann segir að heimsmeistarakeppni í Mexíkó árið 1986 hafi verið sú besta sem hann hafi fylgst með og leikirnir hafi verið mjög skemmtilegir. Margir halda því einmitt fram að þessi keppni hafi verið ein sú magnaðasta í sögu HM og er það ekki síst fyrir tilstilli argentíska snillingssins Maradona sem skoraði tvö af frægustu mörkum keppinnar í einum og sama leiknum á móti Englendingum. Annað með hendi guðs og hitt þar sem hann sólaði hálf tóna upp úr skónum og skaut framhjá Peter Shilton og í markið. Bjarni segir hins vegar að fyrirverandi herrapjód okkar hafi ráðið miklu



**DANSKA LANDSLIÐIÐ** Danirnir spiluðu skemmtilegan fótbolta á HM í Mexíkó árið 1986.

um vinsældir keppinnar hér á landi. „Ætli framganga Dana hafi ekki ráðið miklu um það. Þeir voru með býsna gott lið sem vann hug og hjörtu margra, þar á meðal Íslendinga,“ segir Bjarni.

„Þetta var eftirminnleg keppni og mjög góð knattspyrna var spiluð þrátt fyrir mikinn hita.“

Argentína varð heimsmeistari þetta árið og segir Bjarni þá hafa átt sigurinn skilinn þrátt fyrir að Maradona hafi notað hina svokölluðu hönd guðs í leik gegn Englendingum.

Bjarni spáði Brasilíumönnum sigri á HM í Þýskalandi sem nú stendur yfir. Hann segist jafnframt hafa verið spenntur

að sjá hvernig Evrópuþjóðirnar kæmu til leiks. „Það kemur á óvart hversu Spánverjarnir eru með gott lið. Það er samt of snemmt að spá í það hvort þeir haldi það út,“ segir hann. „Liðin sem taka þátt eru misjöfn og þessi keppni er greinilega of löng.“

Það kemur ekki fram fyrir en í útsláttarkeppninni hvað er virkilega spennandi í liðin.

- fb



**BJARNI FELIXSON** Bjarni spáir Brasilíumönnum sigri á HM í Þýskalandi.

## JÓN SÆMUNDUR AUÐARSON: OPNAR NÝJA VERSLUN OG GALLERÍ

# Dead-línan flytur til Bandaríkjanna

Nýlega var tilkynnt að einhver vinsælasta verslun landsins, Nonnabúð, væri að loka en Jón Sæmundur Auðarson, eigandi hennar, er hins vegar ekki af baki dottinn. „Ég er að opna gallerí Prússland og nýja verslun með fótum eftir tuttu erlenda hönnuði frá Japan, Belgíu, Þýskalandi, Frakklandi, Bretlandi og Bandaríkjunum meðal annars. Bára og Hrafnhildur úr Aftur sjá um nýju búðina og verða með Aftur-línuna eins og hún leggur sig. Þær standa vaktina en ég hanna verslunina og fjármagna,“ segir Jón Sæmundur sem greinilega deyr ekki ráðalaus þótt Dead-merkið hafi lokið æviköldi sínu á Íslandi. Hann stefnir að því að opna gallerí og nýja búð sem hefur fengið nafnið Liborius á Mýrargötu í ágúst en í versluninni verður fatnaður eftir þekktu hönnuði á borð við Jeremy Scott, Ann Demeulemeester, Undercover og Three as four ásamt annars konar könnun. Skemmtileg saga býr að baki nafngiftarinnar því Liborius er ættarnafn ömmu Jón Sæmundar sem var prússnesk.

Dead-fatalínan sem Jón Sæmundur var með í Nonnabúð er að flytjast á annað tilverustig því Jón vinnur að útflutningi vörumerkisins til Bandaríkjanna. Hann hefur nú stofnað fyrirtæki í Bandaríkjunum ásamt vísindamanni að nafni Brad Evans og hyggjast þeir selja Dead-vörur víða í Bandaríkjunum. „Akrarnir í Bandaríkjunum eru alveg óplægðir. Það er búið að gera fimm ára plan og ég vona að þetta gangi vel. Dead á sína vini og kunningja þar



**JÓN SÆMUNDUR** Myndlistarmaðurinn hefur stofnað fyrirtæki í Bandaríkjunum og stefnir að því að selja Dead-vörur í sem flestum borgum landsins.

ytra,“ segir Jón Sæmundur. Þeir sem vilja koma höndum yfir þessar vinsælu vörur á Íslandi þurfa ekki að örvænta því að Nonnabúð verður opin í tvo mánuði til viðbótar. „Ég er að gramsa í kössum og draga fram gamalt dót. En er þetta ekki bara orðið ágætt? Þetta var upphaflega bara hugsað sem innsetning og gjörningur,“ segir Jón en nú eru þrjú ár síðan Dead-

ævintýrið hófst.

Jón Sæmundur ætlar nú að snúa sér að myndlistinni og að rekstri gallerisins. „Gallerið verður rekið sem sjálfstætt gallerí og hugsað fyrir unga og efnilega myndlistarmenn,“ segir Jón Sæmundur. Prússland og Liborius munu vera til húsa á Mýrargötu 1 þar sem áður var gömul netagerð.

rosag@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ansí skemmtilegt er að fylgjast með bloggi Össurar Skarphéðinssonar þessa dagana. Milli þess sem hann sveiflar sverðinu í pólitíkinni hamast þingmaðurinn við að horfa á heimsmeistarakeppni í Þýskalandi. Össur skrifar á heimasíðu sinni að hann reyni að fylgjast með einum leik á dag og horfi síðan á uppgjörsþátt Þorsteins J. og Heimis Karlsssonar 4-4-2 í dagslok. „Besti íþróttabáttur sem ég hef lengi séð,“ skrifar Össur á heimasíðu sinni og hrósar sérstaklega Arnari Björnssyni fyrir lýsingar sínar á leikjunum. Össur er líka ótrúlega ánægður með framtak stöðvarinnar sem ætlar að bjóða honum og Práni Bertelssyni í útsendingu til sín í dag þegar lið þeirra beggia, Tógó, etur kappi í sínum öðrum leik. Reyndar segir Össur að stöðin ætli að helga sér þessa útsendingu enda eigi hann afmæli á þessum kvenréttindadegi.



Össur segir enn fremur frá því að hann hafi skorað á Prán að mæta í landsliðsbúningi Tógómanna enda hafi þingmaðurinn rökstuddan grun um að Práinn hafi keypt sér hluta búningssins þegar þeir voru saman í landinu á vegum Spes-samtakanna. „Nú kemur í ljós hver er kjarkur rithöfundanna þegar til styrksins kemur,“ skrifar Össur. Þingmaðurinn upplýsir jafnframt að Englendingar eigi sérstakan sess í hjarta hans. „Er Bretum af hjarta þakklátur fyrir að hafa hugkvæmst að slétta misfellur milli vísindamanna landa okkar í kjölfar síðasta landhelgisstríðs með því að bjóða mér ókeypis vist á bresku Hafró þar sem ég rannsaðaði kynlíff fiska af innlifun og þrótti,“ skrifar Össur. Hann uppskar þó engin blíðuhót hjá Ólafi Ragnari Grímssyni þegar hann settist á Alþingi fyrir



Alþjóðflokkinn því forsetinn kallaði hann „einn af drengjunum hennar Möggu,“ og átti þar við að ríkisstjórn Margrétar Thatcher hefði kostað hann til náms.

- fg

# Allt er seigt sem vel er bleikt

Búast má við að fjölmargir skarti bleika litnum í dag í tilefni þess að 19. júní er kvenréttindadagur. „Tilefnið er auðvitað að við fengum kosningarétt 19. júní 1915 og þess vegna viljum við gera eitthvað skemmtilegt til að fagna þeim áfanga og minna á að baráttan er ekki búin. Hefð hefur skapast fyrir því að vera með átakið Málum bæinn bleikan sem gengur út á það að allir sem styðja jafnrétti sýni stuðning í verki og klæðist einhverju bleiku eða flaggi bleika litnum á annan hátt,“ segir Katrín Anna Guðmundsdóttir talskona Feministafélags Íslands, en Kvenréttindafélag Íslands, Briet og Stígamót eru meðal annarra aðstandenda hátiðahaldanna.

Aðspurð af hverju bleiki liturinn væri aðalsmerki 19. júní og kvenréttindahreyfingarinnar sagði Katrín að hann hafi fyrst komið til sögunnar með Feministafélaginu. „Það var ákveðið við stofnun félagsins að í stað þess að

## MÁLUM BÆINN BLEIKAN

- 15.30 Hvarf kvenna úr vísindum. Fyrirlestur Önju Andersen stjarnfræðingis í hátiðarsal aðalbyggingu Háskóla Íslands. Á ensku.
- 16.45 Ganga í Kvosinni undir leiðsögn Kristínar Ástgeirsdóttur. Safnast saman í aðalbyggingu HÍ.
- 18.00 Veitingar og dagskrá á Hallveigarstöðum.
- 20.00 Bleikir tónleikar á Barnum, Laugavegi 22.
- 20.30 Kvennamessa við þvottalaugarnar í Laugardal.

búa til merki fyrir félagið að vera með einhvern ákveðinn lit. Við völdum bleika litinn því hann hefur oft á tíðum verið álitinn svólítið þúki sem má rekja til þess að hann var tengdur við stelpur. En við viljum auðvitað gera því sem konur gera jafnhátt undir höfði. Alveg eins og stelpur geta notað



**KATRÍN ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR** Feministafélag Íslands mun afhenda hvatningarverðlaunin Bleiku steinana í dag og í kvöld stendur ungliðahreyfing félagsins fyrir tónleikum á Barnum.

bláa litinn á bleikur líka að vera flottur litur sem bæði strákar og stelpur geta notað. Svo er bleiki liturinn bara svo fallegur,“ segir

Katrín, en liturinn hefur greinilega fallið vel í kramið hjá öðrum aðstandendum og þátttakendum átaksins „Málum bæinn bleikan.“



## Sjáðu heiminn gegnum rykfríar linsur hinnar nýju Olympus E-500

- Supersonic Wave Filter – einstök tækni sem tryggir að DDC myndflagan er rykfrí.
- 8 milljónir punkta / 8 megapixel upplausn.
- 2,5" / 6,4sm HyperCrystal LCD smáskjár.
- Pottþétt, nett og lauflett hönnun.
- Tvær linsur fylgja: 14-45mm og 40-150mm  
– samsvarar 28-90mm og 80-300mm á 35mm myndavél.

**8**  
megapixel



**OLYMPUS**



**E-SYSTEM**



# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [www.sm.is](http://www.sm.is)

**UMBODSMENN UM LAND ALLT** ► REYKJAVÍKURSVAÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. Pristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgejafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kaupún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hella. Fosshaf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

## Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

ÉÐA Á VISIR.IS



**BAKPANKAR**

PRÁINS BERTELSSONAR

### „Fair Play“ eða „The Art of War“

Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu býður ekki einasta knattspyrnuunnendum upp á spennuþrungin augnablik heldur er hún nokkurs konar kraftaverk friðar og siðmenningar í veröld sem einkennist af ófriði og villimennsku. Þarna fara fram samskipti þjóða eftir settum reglum - og sömu reglur gilda fyrir alla. Grundvallarlögmál íþróttanna er „ærlægur leikur“ eða „fair play“.

**FAIR PLAY** þykir kannski góð speki fyrir æskulýðinn, íþróttamenn og almenning, en í stjórnmálum og viðskiptum er gengið út frá öðrum grundvallarreglum. Á hótélherbergjum viðskiptaforingja liggur Biblían í náttborðsskúffunni en ofan á náttborðinu er bók sem var skrifuð fyrir 2400 árum, Stríðslistin eftir Sun Tzu. Milljónasala þessarar fornu bókar sýnir að það er útbreidd skoðun að kaupþýsla og rekstur fyrirtækja í nútímanum sé árangursríkust ef stjórnendur reyni að tileinka sér herstjórnarlist úr fornaskju. Stjórnmál eru „list hins mögulega“ og snúast um hagsmunabaráttu sem ekki má trufla með tilfinningasemi ellegar siðferði. Jafnvel íslenskum stjórnmálamönnum þykja blóðsúthellingar fullgildir valkostur í stjórnmálum. Samanber þátttaka í löglausu og siðlausu stríði í Írak.

**KANNSKI** kemur sú tíð að blóðregnið stytta upp og sólin fari að skína í veröldinni. Þrjú milljarðar jarðarbúa létu að minnsta kosti þá von í ljósi níunda júní og lögðu til hliðar stríðslist og deilur og tóku að fylgjast með stærstu friðarsamkomu sem haldin hefur verið í heiminum, HM í knattspyrnu.

**Í DAG** er athyglisverður leikur. Þá keppir ein ríkasta þjóð heimsins við einhverja þá fátækustu. Sviss og Tógó. Í Sviss eru meðalárstekjur á mann tæpar fjórar milljónir króna. Í Tógó eru meðalárstekjur tuttugu og fjögur þúsund krónur. Meðallífslíkur í Sviss eru um 80 ár, og fara hækkandi; í Tógó 52 ár, og fara lækkandi. Það eru grundvallarsjónarmið viðskipta- og stjórnmála sem valda þessum mun. En það er grundvallarhugsjón íþróttanna sem gerir þessum þjóðum kleift að mætast á jafnréttisgrundvelli. „Fair play“ handa öllum.



NISSAN PATHFINDER

BORGGAÐU MINNA FYRIR MEIRI LÚXUS

# 500.000 KR VERÐLÆKKUN!

TAKMARKAÐ MAGNI!

## NISSAN BERST Á MÓTI VERÐBÓLGUNNI

Vegna góðs stuðnings frá Nissan getum við nú boðið enn betra verð á Nissan Pathfinder í takmörkuðu magni. **Gerðu samanburð!** Þú gerir einfaldlega ekki betri kaup í dag á jeppa í sama stærðarflokki. **Tryggðu þér eintak strax!**

**Nissan Pathfinder SE sjálfskiptur**  
Verð aðeins **4.390.000 kr.**

Verð áður ~~4.890.000 kr.~~

KOMDU OG REYNSLUAKTU!

Önnur tilboð frá Nissan gilda ekki með þessu tilboði.

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt	Selfossi 482 3100	Njarðvík 421 8808	Akranesi 431 1376	Höfn í Hornafirði 478 1990	Reyðarfirði 474 1453	Akureyri 461 2960
-------------------------	-------------------	-------------------	-------------------	----------------------------	----------------------	-------------------

### ÓKEYPIS ÍSETNING

2006 línan frá **Pioneer**



**Pioneer DEH-1800**

4 X 45 W magnari • D4Q Digital • RDS Móttakari • FM/AM/LW • 18 stöðva minni • Laus framhlið • EQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • Verð 17.900.-



**Pioneer DEHP-4800MP - Spilar MP3/WMA/WAV**

Mosfet 4 X 50 W magnari • Útvarp FM/AM/LW • 18 stöðva minni • 3 Banda tónjafnari • EQ forstilltur tónjafnari • 2 x RCA útgangur • Snúningstakki • Verð 24.900.-

iPod tengi / DAB tengi\*

## ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN

**ORMSSON**

SÍÐUMÚLA 9 Sími 530 2800 SMÁRALIND Sími 530 2900 KEFLAVÍK Sími 421 1535 AKUREYRI Sími 461 5000